**BJÖRG GUNNARSDÓTTIR**

*Er í vélsaumaklúbbi sem hittist og prjónar*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**BT-BÆKLINGURINN**

*Stútfullur bæklingur af flottum tilboðum*

Opið til klukkan tíu til jóla

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**








# FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

21. desember 2009 — 301. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR



### Gefur fólkið mikið

Friðargangan farin í þrítugasta sinn á Þorláksmessu.

**TÍMAMÓT** 42

### Sendi ráðamönnum tóninn



Ragnar Bragason skammaði ráðherra á frumsýningu Bjarnfreðarsonar.

**FÓLK** 66

### Danir bera saman íslenska rithöfunda

Berlingske Tidende hrósar Hallgrími Helgasyni í hástert.

**FÓLK** 66

### Toppliðin misstigu sig



Bæði Chelsea og Manchester United töpuðu stigum í ensku úrvalsdeildinni um helgina.

**ÍÞRÓTTIR** 62

### VEÐRIÐ Í DAG




**Strekkingur og kalt** í dag verður 6-10 m/s norðaustan til en heldur hvassara annars staðar, einkum SA-til. Búast má við snjókomu eða éljum NA-lands en sunnan- og vestanlands verður nokkuð bjart.

**VEÐUR** 4



**JÓLASKÓGURINN** Fjölmargir lögðu leið sína í jólaskóginn í Heiðmörk yfir helgina þar sem hægt var að velja og höggva eigið jólatré. Mikil stemning var á staðnum og fólk gat yljað sér við varðeld í kuldanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nota rafmagn í stað milljóna lítra af olíu

**Frá sameiningu Granda og Tanga á Vopnafirði hefur fjórum milljörðum króna verið varið til uppbyggingar eystra. Verksmiðja fyrirtækisins er ein sú fullkomnasta í heimi.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Fjárfestingar HB Granda hf. í uppsjávarvinnslu félagsins á Vopnafirði haf numið tæplega fjórum milljörðum króna frá þeim tíma sem liðinn er frá sameiningu fyrirtækisins við Tanga hf. fyrir fimm árum. Senn sér fyrir endann á uppbyggingunni. Á næsta ári verður lokið við byggingu nýrrar fiskmjölsverksmiðju auk þess sem ráðist verður í endurbætur á uppsjávarfrystihúsi.



**NÝTT VERKSMIÐJUHÚS** Fyrst og síðast er horft til þess að vinnsla á mjöli og lýsi sé umhverfisvæn. MYND/HB GRANDI

Umhverfisáhrifin eru veruleg því ekki þarf lengur að brenna olíu við framleiðslu á fiskmjöli og -lýsi en undanfarin ár hefur olíunotkun verksmiðjunnar numið um 2,5 til 3,0 milljónum lítra á ári.

Með lokuðu kerfi hvað varðar geymslu og flutning á mjöli frá verksmiðjunni um borð í flutningaskip mun notkun einnota mjölpoka leggjast af. Árlega hafa verið notaðir um ellefu til tólf þúsund pokar í þessu skyni og þá hefur orðið að urða eftir notkun.

Þetta kom fram á kynningarfundi sem nokkrir af lykilstjórnendum HB Granda héldu með sveitarstjórnarmönnum á Vopnafirði í liðinni viku.

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á möguleikum til veiða á uppsjávartegundum frá árinu 2005. Það ár veiddu skip hins sameinaða félags 265 þúsund tonn af kolmunna, síld og loðnu en til samanburðar mætti nefna að heimildir þess í sömu fisktegundum á þessu ári nema aðeins 63 þúsund tonnum. Þar munaði mestu um hrun í loðnuveiðum og verulegan samdrátt í veiðum á kolmunna. Þrátt fyrir þennan mikla samdrátt hefur Vopnafjörður haldið hlut sínum betur en mörg önnur sveitarfélög, en fastráðnir starfsmenn fyrirtækisins á Vopnafirði eru rúmlega fimmtíu talsins.

Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda, fjallaði á fundinum sérstaklega um þær væntingar sem bundnar væru við hina nýju fiskmjölsverksmiðju sem verður ein sú fullkomnasta sinnar tegundar. Markmiðið væri að auka nýtinguna, bæta gæði afurðanna, lækka rekstrarkostnaðinn og bæta umhverfisáhrifin.

Meðal nýjunga er að settur hefur verið upp rafskautaketill, sem þegar hefur verið gangsettur, og stefnt er að því að nýja verksmiðjan verði hin fyrsta í heiminum sem eingöngu mun nýta raforku til framleiðslu á hágæðafiskmjöli.

Loftræsting í nýju verksmiðjunni verður einnig með því besta sem þekkist. Þá verða settir upp söfnunartankar fyrir hreinsiefni þannig að hægt verði að nota þau til að þrífa búnað verksmiðjunnar oftar en einu sinni. **- shá**




Minnisblað fyrrverandi utanríkisráðherra til utanríkismálanefndar Alþingis:

# Brussel-viðmið kjarni málsins

**STJÓRNMÁL** Svonefnd Brussel-viðmið voru kjarni málsins fyrir Íslendinga í Icesave-deilunni. Þau tóku ekki einungis tillit til „erfiðra og fordæmislausra“ aðstæðna Íslands, heldur kváðu á um aðkomu Evrópusambandsins að deilunni.

ESB þurfti að skynja ábyrgð sína, því Ísland sem EES-ríki átti ekki að hafa lakari stöðu í deilunni en það hefði haft sem ESB-ríki.

Svo segir í minnisblaði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem hún ritaði utanríkismálanefnd 18. desember síðastliðinn.

Falist hafi í viðmiðunum að Alþingi hefði lögfest innstæðutryggingar en engin réttarleg viðurkenning ábyrgðar umfram lög.

„Þannig mörkuðu þau nýtt upphaf auk þess sem tíminn hefur unnið með okkur, því í október/nóvember voru öll stjórnvöld í Evrópu eins og þaninn strengur af ótta við óróann á fjármálamörkuðum og áhlaup á banka hver hjá sér. Sú staða hefur róast,“ segir Ingibjörg.

Stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að hafa að nokkru leyti fallið frá Brussel-viðmiðunum.

Fréttablaðið birtir minnisblaðið í dag. **- kóþ /** **sjá síður 22 og 24**






## SPURNING DAGSINS



*Sindri, var auðvelt að fanga athygli kvennanna?*

„Eftir að lesturinn hófst vildu þær ekki sleppa. Flestar sitja þær líka inni fyrir að hafa hnuplað eintaki af bókinni.“

Sindri Freysson las upp úr bók sinni Dóttir mæðra minna í kvennafangelsinu í Kópavogi á dögunum.

Formaður Filippínska-íslenska félagsins segir fólk taka eldgosi með jafnaðargeði:

# Fjöldi manns flýr heimili sín

**FILIPPSEYJAR** Miklar öskusprengingar urðu á mánudaginn í eldfjallinu Mayon, sem er virkasta eldfjall Filippseyja. Öskusprengingunum fylgdu jarðskjálftar; á sunnudaginn mældust 453 skjálftar og í kjölfarið hækkuðu yfirvöld hættustigið upp í fjögur af fimm.

Hermenn vakta svæðið í kringum rætur fjallsins og vísa burt hverjum þeim sem hættir sér inn á það, en bændur hafa sumir snúið heim til að dytta að býlum sínum. Eldfjallið er um 340 kílómetra frá Manila, höfuðborg Filippseyja. Um fjörutíu þúsund manns hafa þurft að flýja heimili sín síðan á þriðjudag og gert er ráð fyrir að rýma þurfi fleiri heimili í byrjun vikunnar. Yfirvöld á Filippseyjum eru staðráðin í því að koma í veg fyrir dauðsföll, en árið 1991 létust um 800 manns þegar eldfjallið Pinatubo gaus.

Ronald Surban Fatalla, formaður Filippínska-íslenska félagsins, segir jarðhræringar sem þessar eiga sér stað reglulega og því taki fólk þeim með jafnaðargeði en auðvitað séu menn ávallt eilítið áhyggjufullir. „Þetta er fátækt land og miklar náttúruhamfarir gætu haft slæmar afleiðingar í för með sér,“ segir Ronald. - sm



**BJÖRGUNARAÐGERÐIR** Björgunarmenn halda á eldri manni sem þurfti að yfirgefa heimili sitt.

Rannsóknin á bankahruninu:

# Á fimmta tug mála í vinnslu

**BANKAHRUN Á fimmta tug mála sem tengjast hruni bankanna eru nú á borði sérstaks saksóknara. Einnig hefur fjöldi kæra til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra nærri tvöfaldast á tveimur árum.**

**Álag á ákæruvald og dómstóla hefur aukist gríðarlega eftir bankahrunið á sama tíma og stjórnvöld hafa þurft að skera niður framlög vegna versnandi stöðu ríkisfjármála. Óhætt er að fullyrða að ríkisstjórnin hafi skynjað þörfina fyrir aukinn þunga í rannsókn efnahagsbrota enda hafa framlög til sérstaks saksóknara verið aukin.** - fb



**SKÁLHOLTSKIRKJA** Stolið var silfurkaleik og silfurskríni undir oblátur úr Skálholtskirkju.

Innbrot í sunnlenskar kirkjur:

# Silfurskríni og kaleik stolið

**LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í Skálholtskirkju og Sólheimakirkju, sem eru báðar í umdæmi lögreglunnar á Selfossi, í fyrrinótt. Þjófarnir brutust inn í skrúðhúsið í Skálholtskirkju og þaðan var stolið vínrauðum og blálituðum prestsskrúða með gylltum krossi, silfurkaleik og silfurskríni undir oblátur.**

**Í Sólheimakirkju var söfnunarbaukur brotinn upp en ekki var miklu stolið úr honum. Að sögn lögreglunnar á Selfossi er málið enn í rannsókn.** - fb

Ættleiðingar á Íslandi:

# Hundrað bíða eftir barni

**ÆTTLEIÐINGAR** Hátt í eitt hundrað íslenskar fjölskyldur bíða eftir barni til ættleiðingar og hefur biðlistinn aldrei verið svo langur.

Nýjar reglur stytta aftur á móti biðtímann verulega fyrir fólk sem bíður eftir því að ættleiða annað barn. Aðeins fjórtán börn voru ættleidd á þessu ári.

# Margt á huldu um eignasölu við hrun

**Skiptastjóri gjaldþrota félags í eigu Nóatúnsfjölskyldunnar segir margt óljóst um sölu eigna þess í Bretlandi og Þýskalandi í kringum hrun bankanna í fyrra. Fyrrverandi framkvæmdastjóri Saxbyggs segir verðið hafa verið eðlilegt.**

**VIÐSKIPTI** Einar Gautur Steingrímsson, skiptastjóri fjárfestingarfélagsins Saxbyggs, skoðar nú hvort sanngjarnt verð hafi verið greitt fyrir rúman tug fasteignaverkefna úr búi félagsins í Lundúnum og í Berlín í kringum hrun bankanna í fyrra.

Saxbygg hóf að vinna að fasteignatengdum verkefnum í nágrenni Lundúna í kringum 2006 og stofnaði fasteignafélagið Shelley Oak þar í landi í byrjun árs 2007. Fasteignaverð þar hafði hækkað mikið og veðjað var á að það myndi hækka meir eftir að Lundúnir höfðu vinninginn í samkeppni um Ólympíuleikana 2012.

Byr átti um 35 prósent í félaginu. Saxbygg og Árni Helgason, viðskiptafélagi Jóns Þorsteins Jónssonar, stjórnarformanns Byrs, áttu hvor sín sextán prósentin. Erlendir aðilar áttu fjórðungshlut.

Halla tók undan fæti á breskum fasteignamarkaði í seinni hluta 2007 og keypti Byr hluta af eignarhlut Saxbyggs í breska félaginu. Það kom illa við sparisjóðinn og skrifast stór hluti af fjárhagsvandræðum hans á þessi verkefni. Samkvæmt skýrslu endurskoðendafyrirtækisins PricewaterhouseCoopers frá í sumar tapaði sparisjóðurinn samtals 2,5 milljörðum króna á fasteignaverkefnum í Bretlandi.

Stjórn sparisjóðsins hefur frá í vor beðið þess að ríkið leggi honum til tæplega ellefu milljarða króna eiginfjárframlag til að gera hann rekstrarhæfan á ný.

Fasteignaverkefni Saxbygg í Lundúnum og í Berlín voru seld erlendum aðilum í júlí og október í fyrra og er unnið að því að ljúka þeim. Hvorki liggur fyrir hverjir keyptu þau ytra né hvort fyrri eigendur Saxbyggs tengist þeim með einhverjum hætti. Þá er óvíst með kaupverðið. Einar Gautur segir margt óljóst um viðskiptin og verið sé að skoða þau í þaula.

Björn Ingi Sveinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Saxbyggs, vinnur við verkefnin erlendis. Hann segist bundinn trúnaði um eignarhaldið. „Jón Þorsteinn tengist þeim ekki,“ segir hann og bætir við að verðið hafi verið eðlilegt á sínum tíma enda eignir tengdar Íslendingum ekki hátt skrifaðar ytra í kringum hrunið. jonab@frettabladid.is



**FRÁ LUNDÚNUM** Fasteignafélag í eigu Byrs, Saxbyggs og fleiri aðila sá mikla hagnaðarvon í Lundúnum. Raunin varð önnur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## NÁIN TENGSL VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI



Saxbygg var í sameiginlegri eigu Saxhóls og Byggs (Byggingarfélags Gylfa og Gunnars). Eigandi Saxhóls var Nóatúnsfjölskyldan svokallaða, börn Jóns Júlíussonar, sem seldi Kaupási Nóatúnsverslanirnar árið 2000. Saxbygg Invest, eitt dótturfélaga Saxbyggs, átti tæpan sex prósenta hlut í Glitni og Saxhóll 7,5 prósenta hlut í Byr sparisjóði.

Á meðal annarra eigna Saxbyggs eru félögin í Saxbygg Investments London og Saxbygg Investments Berlin, sem sáu um fasteignaverkefnin þar, og rúmur helmingshlutur í Smáralind í gegnum Eik Properties.

Saxbygg óskaði eftir gjaldþroti í maí á þessu ári.

Jón Þorsteinn Jónsson, var stjórnarformaður Byrs og forsvarsmaður Saxhóls. Hann sætir nú farbanni vegna rannsóknar tengdri málefnum Byrs. Jón hafði nýverið flutt lögheimili sitt til Lundúna.

Fjármálaráðherra um Verne:

# Beitum reglum réttarríkisins

**STJÓRNMÁL** Björgólfur Thor Björgólfsson þótti „fínn pappír“ þegar farið var af stað með Verne Holdings-gagnaverið.

Síðan hefur hann „farið illa að ráði sínu og bakað okkur tjón. Við skulum takast á við það á forsendum réttarríkisins.“ Svo segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.



**STEINGRÍMUR JÓHANN SIGFÚSSON**

Steingrímur var gestur í þætti Sigurjóns M. Egilssonar á Bylgjunni í gær og ræddi um gagnrýni á að einn höfuðpaur Landsbanka, og þar með Icesave-samninganna, fái skattaívilnanir frá ríkinu til að fjárfesta hér á landi.

Steingrímur minnti á gagnrýni Suðurnesjamanna vegna seinagangs við að koma gagnaverinu á koppinn.

„Menn verða þá að spyrja sig að því hvort við ætlum að stranda öllu verkefninu vegna þess að Björgólfur Thor lagði af stað með það,“ sagði hann. - kóþ

Nokkrir hafa áhuga á Saab:

# Nýtt tilboð komið í hús

**IÐNAÐUR** Bandaríski bílarisinn General Motors (GM) hefur fengið nokkrar fyrirspurnir frá áhugasömum aðilum um helgina um kaup á sænska bílaframleiðandanum Saab.

GM hefur átt við gríðarlega rekstrarerfiðleika að stríða um árabil og leitaði eftir því að selja frá sér eignir, þar á meðal bílaframleiðslu Saab. Bloomberg-fréttaveitan sagði í gær tilboðið nokkuð opið og væri enginn sérstakur lokafrestur á því. - jab






Fjöldi fólks kom saman á Kaplakrikavelli til stuðnings Hrafnkatli Kristjánssyni:

# Ljósahaf vonar og samstöðu

**SLYS** Kveikt var á friðarkertum á Kaplakrikavelli í Hafnarfirði í gærkvöldi til stuðnings Hrafnkatli Kristjánssyni, íþróttafréttamanni Sjónvarpsins og fyrrverandi leikmanns FH.

Hrafnkell liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans þar sem honum er haldið sofandi í öndunarvél eftir alvarlegt umferðarslys síðastliðinn föstudag. Tveir létu lífið í slysinu, sem átti sér stað norðan við Arnarnesbrú á Hafnarfjarðarvegi. Hinir látnu eru fæddir árin 1950 og 1947.

Fjöldi fólks mætti í Kaplakrikann og myndaði ljósahaf vonar og samstöðu á vellinum til stuðnings Hrafnkatli. Á meðal þeirra var bróðir Hrafnkells, knattspyrnuþjálfarinn Ólafur Kristjánsson, sem ræddi við viðstadda. - fb



**KVEIKT Á KERTUM** Kveikt var á friðarkertum til stuðnings Hrafnkatli Kristjánssyni sem liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skelltu þér á ring.is eða í sölubása okkar í Kringlunni og Smáralind og gakktu frá kaupunum




24 þúsund í inneign yfir 12 mán.

**LG Viewty**

Útborgun

**0kr.**

Eftirstöðvum dreift á 12 mánuði.*

**2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.**

Staðgreiðsluverð: 34.900 kr.

*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

**Tæknilegi síminn frá LG með snertiskjá**

Stór snertiskjár, flott myndavél, spilar DivX og færir auðveldlega myndbönd beint yfir á YouTube. Flottur á netinu.

- 3G
- Snertiskjár
- 5 megapixla myndavél
- FM útvarp
- Bluetooth

ENNEMM / SÍA / NM40198

# 3G sími, snertiskjár, 24 þúsund í inneign, 160 þúsund vinir.

**Skráðu þig á ring.is, fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði og þá eignastu 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og færð 990 kr. til að ringja í fólk í öðrum kerfum.**

Síminn | Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að ringja í fólk í öðrum kerfum.

Stærsti vinahópur á Íslandi

ring

## GENGIÐ 18.12.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,17 | 127,77 |
| Sterlingspund | 206,20 | 207,20 |
| Evra | 182,92 | 183,94 |
| Dönsk króna | 24,577 | 24,721 |
| Norsk króna | 21,776 | 21,904 |
| Sænsk króna | 17,503 | 17,605 |
| Japanskt jen | 1,4090 | 1,4172 |
| SDR | 199,84 | 201,04 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
237,2829

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðræður um sameiningu sveitarfélaganna Álftaness og Garðabæjar bíða:

# Álftanes hefur ekki hringt

**ÁLFTANES** Viðræður vegna hugsanlegrar sameiningar Álftaness og Garðabæjar eru ekki hafnar, að sögn Kristins Guðlaugssonar, forseta bæjarstjórnar. Fulltrúar í bæjarstjórn Álftaness hafi ekki haft samband við félaga sína í Garðabæ.

Samkvæmt samkomulagi við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, sem samþykkt var á fimmtudag, skal Álftanes þegar hefja viðræður við önnur sveitarfélög um sameiningu.

Pálmi Þór Másson, bæjarstjóri Álftaness, sagði á íbúafundi á fimmtudag að viðræður hefðust þegar í stað. „Títtnefndust" væri hugsanleg sameining við Garðabæ.

Sveitarfélagið hefur frest til 20. janúar til að skila skýrslu um framgang viðræðnanna og annarra endurreisnaraðgerða.

Kristinn Guðlaugsson segir tíðindi af viðræðum verða „eitt af því sem verður bara gefið út 20. janúar".



**FRÁ ÍBÚAFUNDI Á FIMMTUDAG** Fjöldi íbúa mætti á fund með bæjarstjórn, ráðgjöfum og fulltrúum ráðuneytis. Bæjarstjóri Álftaness, síðan í september, er annar frá vinstri á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Álftanes glímir sem kunnugt er við talsverða fjárhagsörðugleika og fyrrgreint samkomulag var gert til að forða sveitarfélaginu frá greiðsluþroti. - kóþ

Forseti Venesúela:

# Undirbýr herinn undir átök

**VENESÚELA Hugo Chavez, forseti Venesúela, hefur fyrirskipað að reist verði ný herstöð við landamæri Venesúela og Kólumbíu. Grunnt á því góða hefur verið á milli ríkjanna að undanförnu.**

**Stjórnvöld í Venesúela hafa ásakað nágranna sína um njósnir auk þess að leyfa Bandaríkjamönnum að koma upp herstöðvum sem nota megi til að gera árás á Venesúela. Alvaro Uribe, forseti Kólumbíu, hefur hins vegar vísað ásökunum stjórnvalda í Venesúela alfarið á bug.**

**Chavez segir að besta leiðin til að komast hjá stríði sé að búa sig undir stríð.**

Óskilafé á Langjökli:

# Björguðu kind og lambi

**HÚNAVATNSSÝSLA** Björgunarsveitarmenn í Húnavatnssýslu sóttu kindur í Oddnýjargil upp á hálendi fyrir helgi. Rjúpnaskyttur urðu varar við féð en það var Fjallaskilanefnd Húnavatnshrepps sem leitaði til björgunarsveitarinnar Blöndu eftir aðstoð.

Fimm björgunarsveitarmenn ásamt hundi fóru upp að Langjökli og fundu þar kind með tveimur lömbum. Kindin og annað lambið náðust en hitt lambið komst undan. Ekki hefur verið tekið ákvörðun um hvort farinn verður annar leiðangur til að ná í lambið sem eftir varð. - sm



**FRAMLEIÐSLA** Framleiðsla á kjúklingum og nautakjöti jókst í síðasta mánuði.

Landsmenn auka kjötneyslu:

# Aukning í öðru en svínakjöti

**LANDBÚNAÐUR Sala á kindakjöti jókst um nítján prósent og sala á kjúklingum um fimmtán prósent í nóvember síðastliðnum samanborið við sama mánuð í fyrra. Nautakjötssala jókst um rúmlega tólf prósent, en sala á svínakjöti dróst saman um átján prósent.**

**Þetta kemur fram í samantekt Landsambands kúabænda. Framleiðsla á kindakjöti dróst á sama tíma saman um tólf prósent og framleiðsla svínakjöts um sautján prósent. Framleiðsla á kjúklingum jókst um 25 prósent, og framleiðsla á nautakjöti jókst um fjórtán prósent. - bj**

# Amfetamín er enn framleitt hér á landi

**Götuhópur fíkniefnalögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið tæp 45 kíló af fíkniefnum í húsleitum það sem af er árinu. Karl Steinar Valsson segir lögregluna hafa upplýsingar um að amfetamín sé enn framleitt hér á landi.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan hefur upplýsingar um að amfetamín sé framleitt hér á landi. Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, staðfestir þetta.

„Við höfum upplýsingar um að amfetamín hafi verið framleitt á Íslandi og að það sé ennþá gert," segir Karl Steinar. „Það er bæði flutt inn og framleitt að einhverju leyti hér innan lands. Í nokkrum málum sem upp hafa komið hefur verið um að ræða smygl á amfetamíni í fljótandi formi, sem hefur þá átt að fullvinna hér. Hægt er að fullvinna þetta efni á ýmsum stigum framleiðslunnar."

Spurður hvort talið sé að amfetamín sé framleitt í miklu magni hérlendis kveðst hann ekki vilja tjá sig frekar um málið á þessu stigi.

Götuhópur fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið tæp 44 kíló af fíkniefnum í húsleitum það sem af er árinu. Á sama tíma í fyrra hafði hópurinn tekið rétt rúm níu kíló.

Karl Steinar bendir á að fyrir utan það magn sem hér er um að ræða séu fjölmörg innflutningsmál, þar sem stórar fíkniefnasendingar hafi verið teknar. Þessar tölur segi því aðeins hluta sögunnar, en beri engu að síður vott um frábæran árangur.

„Á þessum tíma í fyrra vorum við að hefja undirbúning þess að taka þessar kannabisræktanir. Við vorum þá með ábendingar um að mikil sveifla væri að ganga yfir í innlendri framleiðslu á kannabisefnum. Við tókum þá ákvörðun að einbeita okkur að þessum málum og það hefur sýnt sig að sú ákvörðun var hárrétt. Við höfum verið að taka meira en eina ræktun á viku að meðaltali. Það eru ekki mörg ár síðan sama magn og við erum að taka á viku núna var tekið á heilu ári. Munurinn er því yfirgengilega mikill."

Karl Steinar segir þessa aukningu stafa af því að auk þess sem fíkniefnadeildin hafi einbeitt sér að kannabisræktunum virðist uppsveifla hafa verið í framleiðslu fíkniefna og sölu þeirra í kjölfarið. Framboð af kókaíni hafi verið heldur minna en oft áður. Amfetamín hafi hins vegar verið algengasta sterka efnið hér á landi í mörg ár.

jss@frettabladid.is



**KARL STEINAR VALSSON** Yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu segir það magn sem götuhópurinn hefur tekið á árinu bera vott um frábæran árangur.

### HALDLÖGÐ EFNI Í HÚSLEITUM

**Magn það sem af er árinu 2009 og á sama tíma árið 2008.**

| Efni: | 2008 | 2009 |
|---|---|---|
| Ræktanir | 403 stk. | 59 stk. |
| Kannabisplöntur | 403 stk. | 8.897 stk. |
| Maríjúana | 3.020 g | 16,262 kg |
| Kannabisefni | 1.459 g | 20,491 kg |
| Amfetamín | 1.162 g | 2.190,85 g |
| Kókaín | 1.459 g | 618,94 g |
| E-töflur | 614 stk. | 127 stk. |
| Hass | 1.332 g | 4.648,72 kg |
| Sterar | 2.114 tfl. | 11.424 tfl. |
| Sterar | 63 ml | 2.685 ml |
| Hassolía | 150 ml | 1,53 ml |
| **Samtals** | **9.150 kg** | **44.920 kg** |



**BRITTANY MURPHY** Hollywood-leikkonan er látin, aðeins 32 ára að aldri. NORDICPHOTOS/GETTY

Brittany Murphy látin:

# Sviplegt fráfall í Hollywood

**FÓLK** Hollywood-leikkonan Brittany Murphy lést úr hjartaáfalli í gær, aðeins 32 ára gömul. Hringt var í slökkviliðið í Los Angeles snemma í gærmorgun af heimili hennar og eiginmanns hennar, handritshöfundarins Simon Monjack. Leikkonan var flutt á sjúkrahús þar sem hún var úrskurðuð látin. Murphy sló í gegn í myndinni Clueless árið 1995. Eftir það lék hún í 8 Mile, Sin City og fleiri vinsælum myndum. Fyrir nokkrum árum sendi hún frá sér lagið Faster Kill Pussycat sem náði töluverðum vinsældum. - fb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Valt með hestakerru

Bíll með tóma hestakerru valt á þjóðveginum milli Bláfjallaafleggjara og Litlu kaffistofunnar skömmu fyrir hádegi í gær. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík voru þrír í bílnum og voru tveir þeirra fluttir í burtu í sjúkrabíl. Ekki er talið að fólkið hafi slasast alvarlega. Ökumaður bílsins er um fimmtugt en farþegarnir eru um fertugt og sautján ára. Leiðinlegt veður var á slysstað en ekki er talið að hálka hafi verið á svæðinu.






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
Veðurfréttamaður

**KÖLD JÓL** Jólaveðurspáin er óðum að taka á sig mynd. Norðan- og austanlands verða hvít jól en þeir sem búa sunnan- og vestanlands verða að sætta sig við rauð jól. Norðanáttin er eindregin næstu daga, það verður áfram kalt og því töluverð vindkæling.



Á MORGUN
6-10 m/s
en hvassara SA-til.

MIÐVIKUDAGUR
8-15 m/s,
hvassast á Vestfjörðum.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 1° |
| Berlín | -2° |
| Billund | -1° |
| Eindhoven | 2° |
| Frankfurt | -1° |
| Friedrichshafen | 0° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 3° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 4° |
| Orlando | 16° |
| Ósló | -9° |
| París | 1° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | -3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

KRONBORG OF DENMARK

# Gleðileg jól!

90% DÚNN

OPIÐ TIL 22:00 ÖLL KVÖLD



SPARIÐ 2.000

SÆNG ÁÐUR: 9.990,-

**7.990,-**

**KRONBORG PRESTIGE andadúnssæng**
Notaleg og góð sæng fyllt með 750 gr. af andadúni og andafiðri. Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Þolir þvott. Sæng: 135 x 200 sm. Koddi 50 x 70 sm. **4.990,-**



SPARIÐ 2.000

**MINI APACHE fjarstýrð þyrla**
Mjög flott og nett fjarstýrð þyrla úr plasti. Frábær jólagjöf á góðu verði!

FJARSTÝRÐ ÞYRLA ÁÐUR: 5.990,-

**3.990,-**



SKÁLASETT

**1.995,-**

ZONE

**ZONE skálasett**
Virkilega flott skálasett frá ZONE. Hægt að nota stakar eða mynda kross hvor yfir annarri.



SPARIÐ 1.000

AUKA KODDAVER

**990,-**

STÆRÐ 140 X 200 SM. ÁÐUR: 4.690,-

**3.690,-**

**LE JARDIN sængurverasett**
Virkilega falleg sængurvera-sett með blómamynstri. Efni:100% bómullarsatín. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm. Toppgæði á góðu verði! Fæst einnig í stærð: 140 x 220 sm. **4.990,-** Auka koddaver 50 x 70 sm. **990,-**



NÝTT!

LEIKFANGABÍLL

**2.995,-**

**SAFARI trébíll**
Vandaður og flottur tré-bíll með dýrum. Frábært þroskaleikfang fyrir yngstu kynslóðina!



90% DÚNN

SPARIÐ 5.990

SÆNG OG KODDI ÁÐUR: 22.890,-

**16.900,-**

**KRONBORG DREAMER gæsadúnssæng + koddi**
Lúxus gæsadúnssæng fyllt með 900 gr. af gæsadúni. Sængin er saumuð í 5 x 7 sm. ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Vandað ver úr 100% bómull sem þolir þvott. Sæng: 135 x 200 sm. Koddi: 50 x 70 sm.





FLOTT JÓLAGJÖF!

**VULCANO og QUADRO lampar**
Mjög flottir lampar með hvítum, plíseruðum skermi.

LAMPI 1 STK.

**1.990,-**



SPARIÐ 10.000

100% DÚNN

SÆNG ÁÐUR: 39.900,-

**29.900,-**

**TUSINDFRYD gæsadúnssæng**
Þessi sæng er fyrir kónga, greifa, prinsessur og....já, þig! Það er hreint ævintýri að sofa undir þessari sæng. Fyllt með snjóhvítum gæsadúni. Aklæði er úr 100% bómullarsatíni. Sængin er saumuð í 5 x 7 ferninga. Sængurtaska fylgir. Sæng: 135 x 200 sm. áður **39.900,-** Nú **29.900,-** Koddi: 50 x 70 sm. áður **12.900,-** Nú **9.495,-**



NÝTT!

EYRNAMÚFFA

**1.295,-**



SPARIÐ 5.000

SAUMAVÉL ÁÐUR: 29.990,-

**24.990,-**

**SINGER 4210 saumavél**
Einföld og góð saumavél með helstu grunn-sporunum. Einstaklega auðveld í notkun.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is



NÝTT!

HLJÓMBORÐ

**3.495,-**

**Hljómborð**
Lítið og nett hljómborð með 37 nótum.

**KJÖRKASSINN**



*Eru of mörg sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 83,4% |
| Nei | 16,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Borðar þú skötu á Þorláksmessu?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Íslenskir friðarsinnar ætla að hittast á þremur stöðum á landinu á Þorláksmessu:

# Blysför til friðar haldin á Laugaveginum

**SAMFÉLAG** Íslenskir friðarsinnar efna til blysfarar niður Laugaveginn á Þorláksmessu eins og undanfarna þrjá áratugi.

Í tilkynningu frá Íslandi-Palestínu segir að margir líti á friðargönguna sem ómissandi þátt í jólaundirbúningi fjölskyldunnar, enda taki fjöldi fólks sér hlé frá tiltekt og innkaupum til að styðja kröfuna um frið í heiminum.

Í Reykjavík stendur hópur friðarhreyfinga fyrir blysför niður Laugaveg. Safnast verður saman á Hlemmi kl. 17.45 og leggur gangan af stað stundvíslega kl. 18.00. Í lok göngu er stoppað á Ingólfstorgi þar sem Einar Már Guðmundsson rithöfundur flytur ávarp en fundarstjóri er Helga B. Bjargardóttir. Söngfólk úr Hamrahlíðarkórum syngur.

Á Ísafirði verður lagt af stað frá Ísafjarðarkirkju kl. 18.00 og gengið niður á Silfurtorg þar sem verður stutt dagskrá. Lúðrasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar spilar, Elsa Þorgeirsdóttir og Þórhallur Arason flytja ávörp og endað verður á söng og ljóðalestri. Friðarkerti verða seld á staðnum.

Á Akureyri stendur Friðarframtak fyrir árlegri blysför gegn stríði. Safnast verður saman kl. 20.00 fyrir framan Samkomuhúsið í Hafnarstræti og gengið niður á Ráðhústorgið þar sem verður útifundur.

Ösp Kristjánsdóttir frá Tjörn syngur, Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni flytur hugvekju og lesin verður upp ályktun gegn stríðunum í Afganistan og Írak.

Fundarstjóri er séra Jóna Lovísa Jónsdóttir. Að Friðarframtaki standa Samtök hernaðarandstæðinga á Norðurlandi og Æskulýðssamtök Þjóðkirkjunnar. - kóþ



**LJÓSBERAR Á AÐVENTU** Gengið verður í þágu friðar á Laugavegi, Ísafirði og Akureyri á Þorláksmessukvöld. Þessi börn létu ekki sitt eftir liggja í fyrra og verða eflaust fremst í för í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


KRISTINN E. HRAFNSSON



LISTAVERKABÓK Á HEIMSMÆLIKVARÐA

CRYMOGEA
–fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is


# Þrjátíu prósenta verðmunur á skötu

**Sjö prósenta verðhækkun er á meðalverði á kæstri skötu á milli ára í verðkönnun Fréttablaðsins. Fisksalar segja mikla stemmingu fyrir skötunni í ár. Meðalkílóverð er 1.490 krónur, það lægsta er 1.290 krónur og hæsta 1.690 krónur.**

**NEYTENDUR** Sala á kæstri og saltaðri skötu er hafin og búast fisksalar við góðri sölu á skötunni í ár. Skata tilheyrir aðdraganda jóla hjá mörgum og þó að hefðinni samkvæmt eigi að borða hana á Þorláksmessu halda margir skötuveislu dagana fyrir Þorláksmessu.

31 prósents verðmunur er á hæsta og lægsta kílóverði á stórskötu hjá þeim fisksölum sem haft var samband við. Ódýrust var skata í Litlu fiskbúðinni í Hafnarfirði, 1.290 krónur kílóið, en dýrust í Fiskbúðinni Hafbergi þar sem kílóið kostaði 1.690 krónur. Meðalkílóverð á kæstri skötu er 1.490 krónur miðað við þessa verðkönnun. Fréttablaðið gerði sambærilega könnun í fyrra og var meðalverð á þeim tíu búðum sem haft var samband við þá um 1.390 krónur. Hækkun á meðalverði milli ára er þannig um sjö prósent.

„Það er nóg til af skötu í ár, ég hef verið að selja skötu í tuttugu ár og það hefur stundum verið hallæri en ekki í ár," segir Kristján Berg, eigandi verslunarinnar Fiskikóngsins. Hann segist finna fyrir miklum áhuga á skötu í ár.

„Fyrir suma er skatan aðalatriðið í jólahaldinu," segir Steingrímur Ólason í Fiskbúðinni við Sundlaugarveg. „Sumir kaupa skötuna mjög tímanlega og geyma úti á svölum fram að Þorláksmessu. „Svo eru aðrir sem að taka forskot á sæluna, eins og einn viðskiptavinur sem keypti skötu og smakkaði og kom svo aftur og keypti skötu fyrir Þorláksmessu og sagði um leið að það væri í lagi að allt annað klikkaði fyrir jólin, skatan mætti bara ekki gera það."



**KRISTÓFER ÁSMUNDSSON** Kæsir skötuna sjálfur og á fastakúnna sem kunna vel að meta verkið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### TÍU DÆMI UM VERÐ Á STÓRSKÖTU

**Hringt var í búðirnar föstudaginn 18. desember og spurt um kílóverð á stórskötu.**

| Fiskbúð | Kílóverð |
|---|---|
| Litla fiskbúðin | 1.290 kr. |
| Fiskikóngurinn | 1.390 kr. |
| Fiskbúðin Sundlaugarvegi | 1.390 kr. |
| Fiskbúðin Freyjugötu | 1.490 kr. |
| Fiskbúðin Hófgerði | 1.490 kr. |
| Fiskbúð Einars | 1.490 kr. |
| Fiskbúð Suðurlands | 1.490 kr. |
| Fylgifiskar | 1.590 kr. |
| Gallerý Fiskur | 1.598 kr. |
| Fiskbúðin Hafberg | 1.690 kr. |

Kristófer Ásmundsson í Gallerý fiski verkar sína skötu sjálfur. „Við leggjum okkar metnað í það, enda kemur fólk aftur og aftur til okkar," segir Kristófer sem segir kæsinguna á skötunni hafa tekið sex vikur í ár en í kaldari árum taki hún átta vikur. „Kæsingin er svo stoppuð með söltun en þeir alhörðustu fá ósaltað skötu hjá mér og gráta svo fram á nýárið."

Þess má geta að víðast er kæst tindabikkja einnig seld, en til siðs er á Vestfjörðum að borða hana frekar en stórskötuna. Kílóverð á henni er lægra, algengt kílóverð var tæpar þúsund krónur. Sumir selja einnig smáskötu, sem er önnur skötutegund en stórskatan sem er sú sem mest er borðað af.

sigridur@frettabladid.is


fyrir Jólin



SIEMENS

Heimilistæki, stór og smá, ljós og símar í miklu úrvali.

Líttu inn og gerðu góð kaup. Við tökum vel á móti þér.

Sjáið jólatilboðin á www.sminor.is

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA


Samstaða á hluthafafundi Saga Capital um skiptingu bankans í tvö fyrirtæki:

# Bankanum skipt í tvennt

**VIÐSKIPTI** Breið samstaða var um endurskipulagningu fjárfestingarbankans Saga Capital á hluthafafundi bankans á föstudag.

Á meðal breytinganna er að íþyngjandi eignahlutir í fjármálafyrirtækjum voru færðir í sérstakt eignarhaldsfélag og fjörutíu prósent útlána færð á varúðarreikning. Þá er þar nægt fjármagn til að standa straum af kostnaði á tæplega tuttugu milljarða króna láni frá ríkissjóði í vor.

Saga Capital stendur nú uppi með tiltölulega lítinn efnahagsreikning; sex milljarða í ríkisskuldabréfum og bókfært verð lánasafns upp á 3,2 milljarða króna. Eiginfjárhlutfall er 41 prósent. Hluthafar munu bæði eiga hlut í eignarhaldsfélaginu og Saga Capital.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital, segir stöðu bankans mjög sterka enda hafi breytingarnar dregið úr rekstraráhættu hans og gert honum kleift að takast á við endurreisnina af fullum krafti.

Hann sagði í samtali við Fréttablaðið fyrir mánuði uppstokkun á rekstri bankans nauðsynlega, meðal annars vegna óinnleiddra reglna Evrópusambandsins um starfsemi fjármálafyrirtækja.



**ÞORVALDUR LÚÐVÍK** Staða Saga Capital er orðin afar viðráðanleg, segir forstjóri bankans.

Saga Capital bar að núvirða vaxtaávinning af tæpum helmingi ríkislánsins og var það áður fært sem tekjur í ársreikningi. Slíkt er ekki leyfilegt samkvæmt nýju reglunum. - jab


Xerodent
Við munnþurrki



**Þreföld virkni Xerodents**

- Eplasýra – örvar munnvatnsframleiðslu
- Flúor – ver tennurnar gegn skemmdum
- Xylitol – hemur bakteríuvöxt í munni

**Xerodent 28,6 mg/0,25 mg munnsogstöflur.**
**Notkunarsvið og skömmtun:** Hver tafla inniheldur eplasýru 28,6 mg og natríumflúoríð samsvarandi 0,25 mg af flúor. Xerodent er lyf til varnar tannskemmdum notað við meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum hjá sjúklingum með munnþurrk.
**Skammtastærðir fyrir fullorðna:** 1 tafla eftir þörfum, venjulega 6 sinnum á dag. Við mikinn munnþurrk má auka skammtinn í 12 töflur á dag í takmarkaðan tíma. Töfluna á að láta bráðna hægt í munni. Dreifa skal skammtinum jafnt yfir daginn.
**Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna ættu ekki að nota Xerodent. Við meðhöndlun með Xerodent skal forðast að nota önnur lyf sem innihalda flúor. Xerodent má ekki nota á landsvæðum þar sem flúorinnihald drykkjarvatns er hátt. Vegna þess að Xerodent inniheldur xylitól getur það haft hægðalosandi verkun.
**Meðganga/brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta við notkun á meðgöngu. Natríumflúoríð skilst ekki út í brjóstamjólk. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Actavis Group hf. 29. nóvember 2007.




# Gleðileg jól!










**Opnunartími um jólin**

Þorláksmessa - opið til 23.00
aðfangadagur - opið til 14.00
lokað jóladag
og annan í jólum
Opnað aftur
27.des kl. 12.00

GARÐHEIMAR
10 ára!

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Íslenskur knattspyrnumaður er leikjahæsti Norðurlandabúinn með 319 leiki í ensku úrvalsdeildinni. Hver?*

*2 Rut Ingólfsdóttir fiðluleikari kvaddi hljómsveit sína um helgina eftir 35 farsælt starf. Hvað kallast sveitin?*

*3 Hver var yfirskrift útrýmingarbúðanna í Auschwitz í Póllandi?*

SVÖR Á SÍÐU 66

Nefndar eftir fjórum fyrstu konunum í bæjarstjórn Reykjavíkur:

# Götuheitum breytt í borginni

**BORGARMÁL** Skipulagsráð leggur til að nöfnum fjögurra gatna verði breytt og þær nefndar eftir þeim fjórum konum sem fyrstar sátu í borgarstjórn Reykjavíkur árið 1908. Þá taki aðkomugatan að Höfða nafn eftir túninu sem húsið stendur á, en það heitir Félagstún.

„Erlendis er nokkuð algengt að menn taki götur og endurnefni með þessum hætti," segir Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs og fagnar því að heiðra eigi minningu kvennaframboðsins með þessum hætti.

Borgaryfirvöld nutu aðstoðar nafnanefndar við valið. „Nafnanefnd taldi ekki við hæfi að velja nöfnunum stað á götur í nýbyggingarhverfum borgarinnar heldur var valið að finna nöfnunum stað innan eldri hluta Reykjavíkur og þá með því að skipta út eldri nöfnum gatna," segir í umsögn byggingarfulltrúa til borgarráðs. „En á þessu svæði eru skrifstofur flestra sviða Reykjavíkurborgar, þar er og móttökuhúsið Höfði, stolt Reykjavíkur, jafnaldra setu kvenna í borgarstjórn," segir einnig í umsögninni.



**KATRÍNARTÚN** Gatan sem nú heitir Höfðatún verður Katrínartún. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Konurnar sem um ræðir eru Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem var formaður Kvenréttindafélags Íslands, Þórunn Jónassen, formaður Thorvaldsensfélagsins, Katrín Magnússon sem var formaður Hins íslenska kvenfélags og Guðrún Björnsdóttir, félagi í Kvenréttindafélagi Íslands. - óká

Missti stjórn á vörubifreið:

## Hundrað manns létust

**ERLENT** Um hundrað manns létu lífið í Kogi í Nígeríu þegar ökumaður flutningabíls missti stjórn á bifreið sinni. Vegakerfinu í Nígeríu er illa viðhaldið og umferðarslys því tíð.

Lögreglan í Kogi, sem er í miðhluta landsins, segir að bílnum hafi verið ekið hratt niður hæð áður en hann ók inn í fjölmennið.

Yfirvöld segja að 55 manns séu látnir en fréttamaður BBC-sjónvarpsstöðvarinnar á staðnum fullyrðir að allt að hundrað manns hafi látist. Umdæmisstjórinn í Kogi hefur lýst yfir þriggja daga sorg vegna slysins. - sm

Vill koma í veg fyrir þungun:

## Hermenn verði sóttir til saka fyrir þunganir

**ERLENT Yfirmaður í bandaríska hernum vill að reglu innan hersins verði breytt þannig að þungun verði talin refsivert athæfi.**

**Eigi bandarískir hermenn von á barni fá þeir leyfi frá störfum. Anthony Cucolo, yfirmaður í hernum, vill breyta þessari reglu. „Ég hef verk að vinna í Írak. Ég hef takmarkaðan fjölda hermanna til að vinna þetta verk og ég þarf á þeim öllum að halda. Þess vegna finnst mér að hermenn ættu annað hvort að geyma ástarlífi sínu um sinn eða huga að forvörnum," var haft eftir Cucolo.** - sm

Vildi sigla ein um heiminn:

## Fannst eftir mikla leit

**ERLENT** Fjórtán ára gömul hollensk stúlka sem vakti athygli fjölmiðla þegar hún barðist fyrir rétti sínum til að sigla um heiminn ein síns liðs hvarf af heimili sínu á föstudag. Hún fannst í gær á eyjunni St. Martins í Karabískahafinu. Hollensk yfirvöld munu sækja stúlkuna á næstu dögum og flytja hana heim.



**LAURA DEKKER**

Laura Dekker ætlaði að verða yngsta manneskjan til að sigla ein í kringum hnöttinn en barnaverndarnæfnd í Hollandi kom í veg fyrir það þar sem stúlkan var undir lögaldri. - sm



**Á SLYSSTAÐ** Lokað var fyrir alla umferð á slysstað á meðan fólkið var handtekið og bílarnir dregnir í burtu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Flúði lögreglu á ofsahraða

**Lögreglumenn veittu manni á stolnum bíl eftirför frá Hafnarfirði í Kópavog í gær. Hann ók á ofsahraða og á móti umferð. Sjónarvottur segir aðeins hafa munað sekúndum að ekki fór miklu verr.**

**LÖGREGLUMÁL** „Jeppinn flaug upp í loftið og lenti á hvolfi tíu metrum fyrir framan bílinn okkar," segir Lára Björg Björnsdóttir sagnfræðingur, sem varð vitni að eftirför lögreglu og manns sem stundaði ofsaakstur á stolnum bíl í gær.

„Ef við hefðum verið tíu sekúndum fyrr á ferðinni hefðum við fengið þennan jeppa ofan á bílinn," segir Lára Björg.

Mikil hætta skapaðist í gær þegar maður á stolnum bíl virti að vettugi stöðvunarmerki lögreglu í Hafnarfirði. Maðurinn jók hraðann og ók áfram inn í Kópavog. Hann ók um tíma á móti umferð. Lögregla fór á eftir manninum frá Hafnarfirði og tóku sex lögreglubílar þátt í eftirförinni. Skammt frá Smáralind skall bíll mannsins á kyrrstæðum bíl og síðan á öðrum bíl sem var staddur á hringtorgi skammt frá. Lögreglan hafði komið sér fyrir á horni Fífuhvammsvegar og Hlíðardalsvegar og ók jeppinn á hornið á lögreglubílnum.

Þá keyrði maðurinn á nokkra lögreglubíla og eru í það minnsta tveir þeirra óökuhæfir. Eftirförinni lauk í Lindarhverfi þegar ökumaðurinn velti bifreiðinni á horni Fífuhvammsvegar og Hlíðardalsvegar. Einn farþegi var í bílnum.

Mildi þykir að enginn hafi slasast alvarlega í eftirförinni en karlinn og konan sem voru í bílnum voru umsvifalaust dregin út af lögreglumönnum og handjárnuð.

Lögreglan var búin að koma sér fyrir á horni Fífuhvammsvegar og Hlíðardalsvegar og ók jeppinn á hornið á lögreglubílnum.

Lára Björg Björnsdóttir segist prísa sig sæla að ekki hafi farið verr. „Það var tvöfalt sjokk að verða vitni að bílveltu þar sem fólk virtist vera stórslasað og að sjá lögguna draga það út og handtaka það." freyr@frettabladid.is



**HANDTEKINN** Maðurinn sem ók bílnum á ofsahraða liggur á götunni í handjárnum.






FRÁBÆR JÓLATILBOÐ HJÁ SÍMANUM

# Gleðilegir jólasímar

## HUAWEI U1251

Ódýrasti 3G síminn með öllu sem þú þarft. Styður m.a. 3G langdrægt kerfi. Ódýr og nettur sími.

| Símalán-útborgun: | |
|---|---|
| 0 kr. | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
| | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt:12.000 kr. |

## SAMSUNG U800

Skotheldur sími frá Samsung: 3MP myndavél, FM útvarp og 1 GB innra minni. Allt sem þú þarft.

| Símalán-útborgun: | |
|---|---|
| 0 kr. | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
| | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt: 27.900 kr. |

Það er Síminn

800 7000 • siminn.is

* Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 250 kr./mán.

ENNEMM / SÍA / NM40210




Bæjarstjórinn þakkar góða afkomu skjótum viðbrögðum við erfiðleikunum:

# Akranes stendur af sér hrunið

**AKRANES** Fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir næsta ár er jákvæð og var í vikunni samþykkt af bæjarstjórn. Áætlað eiginfjárhlutfall er 45 prósent. Ráðist verður í verklegar framkvæmdir fyrir 120 milljónir. Áætlaðar langtímaskuldir eru um 2,5 milljarðar króna, en áætlað eigið fé 4,2 milljarðar.

„Okkar staða er mjög góð. Við byrjuðum að gera ráðstafanir strax í fyrrahaust þegar hrunið gekk yfir og stoppuðum þær framkvæmdir sem hægt var að stoppa. Við fórum í hagræðingaraðgerðir og fengum starfsfólkið og sviðin og skólana til að vinna með okkur.



**KOMINN AÐ LANDI** Gísli bæjarstjóri segist stoltur yfir því hversu vel hafi gengið. Starfsfólk bæjarins eigi stóran hlut í því, en öll laun yfir 300.000 krónum voru skert eftir hrunið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég tel að það sé ríkasta ástæðan fyrir því hvað við komumst vel út úr þessu,“ segir Gísli S. Einarsson bæjarstjóri.

Farið hafi verið í gegnum allan rekstur bæjarins og sú skoðun hafi skilað verulegum hagnaði.

„Við erum því með handbært fé upp á 155 milljónir í stað þrjátíu, sem við gerðum ráð fyrir. Við munum greiða niður skuldir fyrir 286 milljónir en tökum engin lán,“ segir hann.

Spurður um erlendar skuldir segir hann rétt að ekki hafi verið gengið frá afleiðulánum við Landsbankann. Hins vegar telji hann ekki að gerð verði krafa um að greiða þau upp. Þau lán eru í fyrrgreindri heildartölu skulda, 2,5 milljarðar. **- kóþ**

Tvö þúsund manns sátu fastir í göngum milli London og Parísar á föstudag:

# Ástæða bilana enn ókunn

**ENGLAND** Lestarsporinu milli Englands og Frakklands var lokað á sunnudag vegna viðgerða eftir að lestir biluðu í Ermarsundsgöngunum á föstudag. Fjórar lestir biluðu í göngunum milli Bretlands og Frakklands. Talsmaður Eurostar-fyrirtækisins segir ástæður bilunarinnar enn ókunnar en tvö þúsund farþegar sátu fastir í göngunum í um tólf klukkustundir án matar, vatns og loftræstingar.

Ermarsundsgöngin hafa verið lokuð síðan á föstudag og er gert ráð fyrir að bilunin tefji för sextíu þúsund farþega milli landanna um helgina. Eurostar hefur beðist afsökunar á þessum töfum og bauð viðskiptavinum sínum endurgreiðslur vegna óþægindanna.

Mikið frost hefur verið í Frakklandi undanfarið og vilja sumir meina að rafbúnaður lestanna hafi orðið fyrir truflunum þegar þær fóru úr kuldanum í hitann í göngunum. „Þetta er ráðgáta. Það sem gerir málið svo dularfullt er að þessar bilanir skulu núna fyrst vera að koma fram. Lestirnar hafa keyrt í öðrum eins kulda í fjölda ára,“ var haft eftir Nigel Harris, ritstjóra tímaritsins Rail Magazine. **- sm**



**BILANIR** Lestir sem fóru á milli Lundúna og Parísar biluðu í neðanjarðargöngum milli borganna. Búist var við að bilunin hefði tafir í för með sér fyrir sextíu þúsund farþega. NORDIC PHOTO/AFP



# Veiðileg Jól



**Stream Deluxe veiðitaska**
Vönduð veiðitaska á góðu verði.
Stór hólf og mörg smærri ytri hólf.
Bólstrað burðarhandfang og axlaról.
**Falleg veiðitaska í góðri stærð.**
**Fullt verð 8.995. Jólatilboð aðeins 6.995**



**Stream veiðivesti**
4 gerðir af góðum veiðivestum.
Fjölmargir vasar, festing fyrir
klippur, D-hringir og flugusvampur.
**Fullt verð 8.995.**
**Jólatilboð aðeins 5.995**



**Norconia og Leupold handsjónaukar**
Mikið úrval af vönduðum sjónaukum
frá þessum virtu framleiðendum.
**Verð aðeins frá 18.995**



**Ísbor á jólalegu tilboði**
Samanbrjótanlegur ísbor ásamt
dorgveiðistöng, girni og 4 spúnum.
Mjúk burðartaska fylgir
og aukablöð í borinn.
**Fullt verð 17.385**
**Jólatilboð aðeins 14.995**



**Dr. Slick veiðisett.**
Vandaðar klippur til að klippa girni, töng
til að taka öngul úr fiski ásamt hjóli til að
festa verkfærin í vesti eða jakka.
Boxið utan um verkfærin nýtist sem flugubox.
**Góð verkfæri á góðu verði. Aðeins 5.595**



**Veiðiflugur Íslands**
Tímalaus bók. Sannkölluð biblía
fluguveiðimannsins.
Allar helstu íslensku veiðiflugurnar.
**Aðeins 3.995**



**Ross fluguveiðipakki**
fyrir yngstu veiðimennina
Vönduð 7 feta flugustöng
með lífstíðarábyrgð.
Gott hjól og uppsett flotlína.
Hólkur fylgir ásamt DVD.
Þessi vönduðu veiðisett
fást blá og bleik.
**Verð aðeins 35.900**



**Simms Freestone veiðijakki**
Algjörlega vatnsheldur
veiðijakki frá Simms.
Góð útöndun. Stór og
góð hetta. Stórir brjóstvasar.
Simms tryggir gæðin.
**Frábært verð. Aðeins 32.900**



**Gerviandasett**
12 gerviendur.
Blandaðar stellingar, bæði kyn.
Blý og bönd fylgja. Góður
burðarpoki undir allt saman.
**Veglegur jólapakki skotveiðimannsins.**
**Aðeins 12.995 fyrir allt saman**



**Alklæðnaður í veiðina**
Neoprenvöðlur frá DAM í Þýskalandi.
Áföst stígvél með filtbotni.
Góður, vatnsheldur veiðijakki
frá Ron Thompson.
**Ótrúlegt jólatilboð aðeins 28.980**
**fyrir alklæðanað í veiðina**



**Simms Freestone vöðlupakki**
Simms Freestone öndunarvöðlur
og Simms Freestone skór.
Allir veiðimenn þekkja Simms gæðin.
**Fullt verð 59.800**
**Tilboð aðeins 48.980**



**Ron Thompson vöðlutaska**
Vinsæl taska fyrir vöðlur
og skó. Vatnsheldur botn,
loftun í loki og motta
til að standa á þegar
farið er í og úr.
**Verð aðeins 5.995**



**Simms Gore-tex krakkavöðlur.**
Nýtt á Íslandi. Afar vandaðar
vöðlur frá þessum heimsþekkta
framleiðanda. Gore-tex filma og
þykkir neoprensokkar.
**Belti fylgir. Þrjár stærðir. Verð 35.900**



**ProLogic kotveiðihanskar**
Hlýir og vatnsheldir
hanskar í felulitum .
**tt verð. Aðeins 4.995**



**Ron Thompson Nylo Stretch vöðlur**
Einhverjar vinsælustu vöðlurnar
síðastliðið sumar.
Áföst stígvél með gúmmísóla.
**Frábært verð. Aðeins 14.995**
**Og Ron Thompson Nylo Stretch**
**klofstígvél aðeins 9.995**



**Fluguhnýtinganámskeið á DVD**
Lærðu að hnýta silungaflugur og
Lærðu að hnýta laxaflugur.
Gott íslenskt fluguhnýtinganámskeið á DVD.
**Aðeins 2.995 fyrir hvorn disk eða**
**aðeins 4.995 fyrir báða diskana saman**



**Allen skotabelti.**
Sterkt belti úr neoprenefni í felulitum.
Hægt er að lengja beltið.
Allen skotabeltið heldur 25 skotum.
**Verð aðeins 5.995**



**Beretta skotveiðibakpoki.**
Frábær bakpoki, sérhannaður
fyrir skotveiðimenn. Festing
fyrir byssu er á hlið pokans.
Mittisól og brjóstól.
Fjölmargir vasar og hólf
fyrir nauðsynlegan búnað.
Felulita veðurhlíf fylgir
pokanum. **Verð aðeins 18.995**



**Ron Thompson hnífasett**
Nauðsynlegt í veiðitúrinn.
3 góðir hnífar, stál
og skurðarbretti.
Öllu haganlega fyrirkomið
í plasttösku. **Aðeins 5.995**



**Scierra Sweep tvíhendupakki**
Glæsilegur tvíhendupakki frá Scierra.
Fjögurra hluta stöng, vandað hjól,
skotlína, undirlína, sökktaumur og
kastkennsla á DVD.
**Fullt verð 65.885**
**Jólatilboð aðeins 49.995**



**Ron Thompson Travel Force flugustöng**
Vönduð flugustöng í fjórum hlutum.
Poki og hólkur fylgja.
**Fullt verð 14.995**
**Jólatilboð aðeins 10.995**



SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ



***Munið vinsælu gjafakortin okkar***

**Sportbúðin - Krókhálsi 5 - 517 8050 - Sportbudin.is - Veiðihornið - Síðumúla 8 - 568 8410- veidihornid.is**



**SPRENGT Í AFGANISTAN** Reykur stígur upp af fjöllunum í Kunduz-héraði í Afganistan eftir að sprengjum hafði verið varpað úr flugvél. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkjamönnum vex í augum kostnaðurinn af langvarandi áfrýjunarmálum dauðarefsinga:

# Dauðarefsingum hefur fækkað vestra

**BANDARÍKIN, AP** Undanfarin ár hafa dómstólar í Bandaríkjunum dæmt æ færri fanga til dauða. Jafnframt hefur föngum á dauðadeildum bandarískra fangelsa fækkað.

Á þessu ári hafa 106 manns hlotið dauðadóm í Bandaríkjunum, en frá því að dauðarefsingar voru teknar þar upp á ný árið 1976 hafa aldrei jafn fáir fengið slíkan dóm. Þegar dauðarefsingum var mest beitt, á tíunda áratug síðustu aldar, var ársmeðaltalið 295.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu bandarískrar upplýsingamiðstöðvar um dauðarefsingar. Miðstöðin, sem er andvíg dauðarefsingum, segir ástæðu þessarar þróunar einkum vera ótta við að saklausir menn séu teknir af lífi. Sinn þátt í þróuninni eiga einnig lög sem heimila að menn séu dæmdir í ævilangt fangelsi án möguleika á náðun, en einnig virðast bandarísk stjórnvöld hafa meiri áhyggjur af miklum kostnaði við dauðarefsingar. Bæði eru réttarhöld dýrari þegar dauðadóms er krafist og svo er áfrýjunarferlið lengra og dýrara, auk þess sem fangelsisdeildir dauðadæmdra fanga eru dýrari í rekstri en önnur fangavist.

Á þessu ári hafa níu menn, sem dæmdir höfðu verið til dauðarefsingar, fengið uppreisn æru og verið látnir lausir. Aldrei áður hafa jafn margir dauðadæmdir fangar fengið frelsið. - gb



**DAUÐADEILD** Fangelsið í San Quentin í Kaliforníu er eitt hið rammgerðasta í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannréttindaskrifstofa:

## Gefur út fræðslurit um kvennasáttmála

**FÉLAGSMÁL** Haldið var upp á þrjátíu ára afmæli Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna í liðinni viku.

Í tilefni af afmælinu hefur Mannréttindaskrifstofa Íslands gefið út nýja fræðslubók um sáttmálann, í samstarfi við félags- og utanríkisráðuneytin, Unifem á Íslandi og Jafnréttisstofu.

Bókinni er ætlað að stuðla að aukinni þekkingu á réttindum kvenna, en sáttmálinn kveður á um aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun gagnvart konum á öllum sviðum mannlífsins. Þó að staða íslenskra kvenna sé sterk er enn langt í land, að því er fram kemur í fréttatilkynningu. - þeb

Slitrótt símasamband í Kjós:

## Nota blýlínu úr seinna stríðinu

**FJARSKIPTI** Allt símsamband í Kjósarhreppi fer um gamlan blýstreng sem lagður var á stríðsárunum. Þetta kemur fram á heimasíðu hreppsins.

„Strengnum var ætlað að þjóna hernaðarumsvifum í Hvalfirði og var lagður af hernum, samkvæmt bestu heimildum. Mikið hefur verið um símbilanir í sveitinni að undanförnu sem raktar eru til strengsins," segir á kjos.is. Blýið í strengnum er að tærast og sambandið hefur ítrekað rofnað. Starfsmenn Mílu ehf. hafa freistað þess að laga strenginn og þurft að skipta út tærðum og morknum bútum. Fram kemur að strengurinn liggur frá Norðurlandsstrengnum við Hvalfjarðareyri, inn í Félagsgarð og svo áfram inn í Hvalfjörð. - gar



**Í KJÓS** Tærð símalína úr síðari heimsstyrjöldinni veldur truflunum á símtölum Kjósverja.



**FORTÍÐIN Á STRÆTISVAGNI** Stórar myndir af atburðunum fyrir tuttugu árum hafa verið settar á strætisvagna sem aka um á götum Rúmeníu. NORDICPHOTOS/AFP


# Gefðu geit



Gefðu gjöf sem gefur

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis geit, hænu, brunn, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

www.gjofsemgefur.is

Hjálparstarf kirkjunnar


# Tuttugu ár frá falli einræðis í Rúmeníu

**Nicolae Ceausescu einræðisherra var tekinn af lífi af almenningi í Rúmeníu á jóladag fyrir tuttugu árum. Staða mála í Rúmeníu er slæm, landið er á kafi í skuldafeni og stjórnmálaástandið í uppnámi.**

**RÚMENÍA, AP** Íbúar í Rúmeníu virðast flestir ætla að láta framhjá sér fara minningarathafnir um fall Nicolaes Ceausescu einræðisherra, sem steypt var af stóli fyrir tuttugu árum.

Nokkur hundruð manns komu þó saman í bænum Timisoara á fimmtudaginn, þar sem kveikt var á kertum og frelsinu fagnað.

Þar í bænum hófst nefnilega hin eiginlega uppreisn gegn Ceausescu þegar íbúarnir komu til varnar presti nokkrum, Laszlo Tokes, sem var af ungverskum ættum og hafði í predikunum sínum verið óhræddur að gagnrýna stjórnvöld.

Til stóð að flytja prestinn í annað prestakall gegn vilja hans, en þegar lögreglan mætti stóðu íbúarnir fastir fyrir og átök hófust.

Þau átök mögnuðust snarlega og breiddust víðar um landið með skotbardögum og sprengjukasti á báða bóga. Næstu sex dagana kostuðu þessi átök þúsund manns lífið, þar af 118 í Timisoara.

Þetta voru einu vopnuðu átökin í byltingum íbúa Austur-Evrópuríkjanna haustið 1989. Fáeinum vikum áður hafði Berlínarmúrinn opnast án blóðsúthellinga og víðar í austanverðri álfunni hrundu kommúnistastjórnirnar eins og spilaborgir án þess að einu einasta skoti væri hleypt af.

Rúmenía var eitt fátækasta ríkið austan járntjalds og íbúarnir orðnir langþreyttir á geðþóttastjórn Ceausescus, sem var þá einn grimmasti einræðisherra austantjaldsríkjanna.

Alda mótmæla náði fljótlega til höfuðborgarinnar Búkarest og svo fór að einræðisherrann var gripinn og settur í járn. Á jóladag var síðan réttað yfir honum og hann tekinn af lífi ásamt eiginkonu sinni strax að réttarhöldunum loknum.

Í dag er Rúmenía gengin bæði í Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið. Jólaskreytingar flæða um götur og verslanir, en efnahagsástandið er engu að síður erfitt og stjórnmálin í uppnámi.

Rúmenía er að drukkna í skuldum, stjórnmálamenn eru sakaðir um að vera á kafi í spillingu og nýafstaðnar forsetakosningar virðast hálf ómarktækar vegna ásakana um kosningasvindl.

Þegar svo háttar virðast sigrar byltingarmanna fyrir tuttugu árum litlu máli skipta.

gudsteinn@frettabladid.is



**NICOLAE CEAUSESCU OG EIGINKONA HANS, ELENA** Réttarhald yfir þeim fór fram á jóladag árið 1989 þegar þessi mynd var tekin. Síðar sama dag voru þau tekin af lífi. NORDICPHOTOS/AFP



ÆVINTÝRIÐ UM OLIVER TWIST
Söngleikur fyrir alla fjölskylduna
eftir Lionel Bart
Oliver!
OLIVER!
3.300 kr.
FÍASÓL
1.500 kr.
LAXNESS
3.000 kr.
FRÁBÆR JÓLAGJÖF!
GJAFAKORT ÞJÓÐLEIKHÚSSINS
Á EINSTÖKU TILBOÐSVERÐI
TIL JÓLA!
Hringdu í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# LÆGRA VÖRVERÐ Í BÓNUS




198 KR.STK

HEIMA RAUÐRÓFUR 720g




198 KR.STK

DANU RAUÐKÁL 720ml




249 KR.STK

HEIMA ASÍUR 720ml




229 KR.STK

HEIMA AGÚRKUSALAT 720g




249 KR.3 DS

EUROSHOPPER ANANAS SNEIÐAR 3 x 227g




249 KR.3 DS

EUROSHOPPER ANANAS BITAR 3 x 227g




459 KR.STK

EUROSHOPPER HUNANG 450g




85 KR.STK

EUROSHOPPER GRÆNAR BAUNIR, 400g




129 KR.STK

HEIMA GRÆNN ASPARS SKORINN 283g




85 KR.STK

EUROSHOPPER MAISKORN 340g




289 KR.STK

HEIMA GRÆNN HEILL ASPARS 425g




169 KR.STK

EUROSHOPPER SKORNIR SVEPPIR 400g




229 KR.STK

EUROSHOPPER FERSKJUR 820g




218 KR.STK

EUROSHOPPER PERUR 820g

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# LÆGRA VÖRVERÐ Í BÓNUS



398 KR. STK

KALKÚNABAKKI MEÐ HANDFANGI




498 KR. PK

HEIMA SPRITTKERTI 100 STK.




798 KR. 2 LTR

RIBENA SÓLBERJAÞYKKNI 2 LTR.




598 KR. STK

HOME LIFE ARINKUBBUR *(BRENNSLUTÍMI AMK.3 KLST.)* 2.26 KG




139 KR.STK

DUJARDIN FROSIÐ RÓSAKÁL 450g




139 KR.STK

EURSOHOPPER FROSNAR GULRÆTUR 450g




359 KR.STK

EUROSHOPPER FROSIN BROKKOLÍ BLANDA 1000g




229 KR.STK

EUROSHOPPER BLANDAÐIR ÁVEXTIR 820g




189 KR.STK

HEIMA JARÐARBER 820g




129 KR.STK

EUROSHOPPER ANANAS KURL 425g
129 KR.




259 KR.STK

HALTA ÞEYTIRJÓMI 250ML

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA


Munum
að slökkva
á kertunum
Jólaljósin lýsa nú upp heimili landsmanna.
Njótum dýrðarinnar en látum kerta-
skreytingar og ljós aldrei loga án eftirlits.
Verum örugg um hátíðarnar.
SJÓVÁ



**KERTAVAX HANDA LASARUSI** Juan Carlos Valderried þakinn kertavaxi úr kertum sem hann heldur á í fórnarathöfn, sem haldin var í Havana á Kúbu til heiðurs heilögum Lasarusi, dýrlingi holdsveikra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Flutningar hafnir í nýbyggingar Háskóla Reykjavíkur í Nauthólsvík:

# Skrifborð á nýjum stað fyrir áramót

**SKÓLAR** „Við verðum næstu daga að flytja kassana og strax 28. desember verður fólk að koma sér fyrir,“ segir Kristín Hulda Sverrisdóttir, flutningastjóri hjá Háskólanum í Reykjavík.

Fyrstu deildir skólans eru nú að flytja úr húsnæði skólans í Höfðabakka og úr Kringlunni 7 og 1, þó ekki úr gömlu prentsmiðjubyggingunni sem skólinn heldur enn um sinn. Deildirnar sem eru að flytja eru að sögn Kristínar tækni- og verkfræðideild, tölvunarfræðideild og viðskiptadeild. Skrifstofa rektors og fjármálasviðið flytja einnig núna. „Lagadeild, kennslufræði- og lífheilsudeild og Opni háskólinn verða eftir þar til í júní. Þá verða allir loks saman á einum stað,“ segir Kristín.

Starfsmenn eru að taka saman föggur sínar á gömlu stöðunum og verið er að leggja lokahönd á tæknimálin á nýja staðnum. „Skólinn verður síðan opnaður eftir áramót og við byrjum að kenna 11. janúar. Sá dagur er opinber flutningadagur og þá ganga nemendur og kennarar fylktu liði af gamla staðnum á þann nýja,“ segir Kristín Hulda Sverrisdóttir. - gar



**KRISTÍN HULDA SVERRISDÓTTIR** Allt er að verða tilbúið fyrir fyrstu flutningana í nýjar byggingar Háskólans í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Tölvuþrjótar herja á Færeyjar:

# Lögþingið var hakkað í spað

**FÆREYJAR** Starfsfólki færeyska Lögþingsins í Þórshöfn var illa brugðið þegar það undirbjó þingfund í síðustu viku. Ástæðan var sú að því tölvukerfi hússins var í lamasessi. Hvorki hljóðnemar né atkvæðahnappar virkuðu og svo fór að þingfundi var frestað.

Ekkert hefur verið staðfest um orsakir þessa, en ónefndur þingmaður segir við færeyska dagblaðið Sósíalinn að tölvustigamenn, eða hakkarar, hafi gert áhlaup á tölvukerfi löggjafarvaldsins.

Þingið kom þó saman til fundar fyrir helgina. - kóþ











**ATVINNULEYSISSKRÁNING** Af sextíu milljarða tekjum af tryggingagjaldi næsta ár er áætlað að 28,3 milljarða þurfi til að standa undir greiðslu atvinnuleysisbóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tryggingagjald látið kosta atvinnuleysið

**Sextíu milljarða tekjum ríkisins af tryggingagjöldum verður varið til ýmissa verkefna velferðarkerfisins, nema fimmtíu milljónum sem renna til Staðlaráðs.**

**SKATTAR** Tryggingagjöld, sem eiga að skila ríkissjóði um sextíu milljörðum í tekjur á næsta ári, gefa af sér rúma fjörutíu milljarða í ríkissjóð á þessu ári.

Tryggingagjöld leggjast ofan á allar launa- og hlunnindagreiðslur til launafólks í landinu. Þau voru 5,34 prósent í byrjun árs, hækkuðu í sjö prósent í sumar og hækka í 8,35 prósent á næsta ári, samkvæmt frumvarpi sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Tryggingagjöld eru sett saman úr almennu tryggingagjaldi, sem er 4,54 prósent, og atvinnutryggingagjaldi, sem nú er 2,21 prósent en var 0,65 prósent þar til í sumar. Frá áramótum verður atvinnutryggingagjaldið 3,81 prósent.

Atvinnutryggingagjaldið rennur í Atvinnuleysistryggingasjóð og stendur undir greiðslu atvinnuleysisbóta. Rökin fyrir þeim hækkunum sem orðið hafa á gjaldinu liggja í því hve mikið atvinnuleysi hefur aukist. Á þessu ári skilaði atvinnutryggingagjaldið rúmum fimmtán milljörðum í ríkissjóð. Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs námu hins vegar um 26 milljörðum. Hallinn var brúaður með láni frá ríkissjóði.

Með þeirri hækkun í 3,81 prósent af launaveltu í landinu, sem Alþingi er nú með í undirbúningi, er stefnt að því að atvinnutryggingagjaldið skili um 28,3 milljörðum króna árið 2010 og á það að nægja til þess að standa að öllu leyti undir kostnaði við greiðslu atvinnuleysisbóta.

Almenna tryggingagjaldið, sem er 4,54 prósent, á að skila um 31 milljarði á næsta ári. Þar af eiga um tuttugu milljarðar króna að renna í almenna lífeyristryggingakerfið. 7,7 milljarðar fara í Fæðingarorlofssjóð en samkvæmt lögum er skylt að láta allt að 1,08 prósentum af tryggingagjaldstofni í þann sjóð. Einnig munu um 2,3 milljarðar renna til lífeyrissjóðanna og jafna milli þeirra byrði af greiðslu örorkulífeyris.

Öll þessi verkefni eru stórir þættir í velferðarkerfinu. Að því leyti stingur einn útgjaldapóstur, sem er beintengdur innheimtu tryggingagjalds, í stúf.

Staðlaráð, sem hefur sjö starfsmenn og vinnur að því að innleiða staðla í íslensku atvinnulífi, fær sem endranær sína hlutdeild í tryggingagjaldi næsta ár; 0,07 prósent af öllum greiddum launum í landinu munu skila Staðlaráði 50,4 milljónum króna í tekjur næsta ár, samkvæmt frumvarpi til fjárlaga.

peturg@frettabladid.is





Þú finnur gjöfina hjá okkur
Mikið úrval af húsgögnum og gjafavöru
Bjóðum 30% afslátt af öllum vörum til jóla!
Nýkomin sending af sófum og sófasettum í leður- og tauáklæði
HEIMA HÚSIÐ
heima mood lifum
Opið í dag og á morgun 10-18,
þorláksmessu kl. 10 -23,
aðfangadag 10-12.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

# EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL UM JÓLIN

*Frábært úrval af kryddjurtum...*







## Fylltar kalkúnabringur

*að hætti Jóa Fel*



*Skreyttu eftirréttadiskinn með lítilli sneið!*




## Rauð amerísk gæða epli

*100% rauð jólaepli frá Washington fylki.*
*Þessi verður þú að prófa!*





*ferskt með flugi!*




Gildir á meðan birgðir endast.

# Allt í hátíðarmatinn í einni ferð!



**Smjörsprautað kalkúnaskip**
*tilbúið beint í ofninn!*



*epli eru ekki bara epli!*



*villibráð í úrvali!*




*frábært úrval af sveppum!*




**Heill kalkúnn**
*ferskur*



50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**UMFJÖLLUN:** Fréttablaðið birtir bréf Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra, til utanríkismálanefndar



**ÞUNG Á BRÚN** Mikið gekk á dagana örlagaríku í kringum 6. október í fyrra. Þessi mynd er frá blaðamannafundinum 24. sama mánaðar. Þá hafði veður síst lægt. Í minnisblaði Ingibjargar segir hún meðal annars að yfirlýsingar íslenskra ráðamanna um að Ísland myndi standa við alþjóðlegar skuldbindingar sína hafi þessa daga verið nokkuð misvísandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Minnisblað Ingibjargar Sólrúnar

**Fréttablaðið birtir hér Forsendur Brussel-viðmiða, minnisblað fyrrverandi utanríkisráðherra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Minnisblaðið fjallar um Icesave-deiluna og var ritað utanríkismálanefnd 18. desember 2009.**

**1.** Mögulegar fjárskuldbindingar ríkisins vegna innistæðutrygginga á Icesave-reikningum og samningar við önnur ríki vegna þess hafa verið á forræði fjármálaráðherra innan ríkisstjórna frá því að neyðarlög voru sett 6. október 2008 en með aðkomu utanríkisráðherra og annarra ráðherra eftir atvikum.

**2.** Rétt er að geta þess að undirrituð var talsvert fjarverandi á því tímabili sem um ræðir vegna þriggja skurðaðgerða og gegndi iðnaðarráðherra störfum utanríkisráðherra í forföllum mínum. Þannig var ég fjarverandi í Bandaríkjunum 22. september til 18. október, á Íslandi vikuna 31. október til 7. nóvember og loks í Svíþjóð 10. til 23. janúar 2009.

### Bankahrun og óttinn á fjármálamörkuðum

**3.** Eftir setningu neyðarlaganna urðu fjöldamótmæli við sendiráð Íslands og banka í Hollandi, Lúxemborg, Þýskalandi og víðar þar sem þúsundir einstaklinga misstu aðganginn að sparifé sínu. Bankahrunið á Íslandi varð m.a. af þessum ástæðum að helsta fréttamáli Evrópu í byrjun október og tugir fjölmiðlamanna þyrptust til landsins sem og fulltrúar breskra og hollenskra stjórnvalda sem kröfðust þess að þegar í stað yrði samið um ábyrgðir íslenskra stjórnvalda á innistæðum í útibúum íslenskra banka. Það var við þessar aðstæður sem þáverandi fjármálaráðherra undirritaði viljayfirlýsingu (MoU) við Hollendinga 11. október sem aldrei varð þó að veruleika vegna þess að efnisatriði voru algerlega óviðunandi. Viðræður við Breta fylgdu í kjölfarið en engin slík yfirlýsing var gerð gagnvart þeim.

**4.** Ríkisstjórn Íslands lýsti eindregið þeirri afstöðu að Ísland vildi standa við alþjóðlegar skuldbindingar en yfirlýsingar voru engu að síður nokkuð misvísandi. Fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra höfðu báðir sagt við bresk stjórnvöld að Ísland myndi reyna að ábyrgjast lágmarksgreiðslur á innistæðureikningum. Seðlabankastjóri sagði aftur á móti í Kastljósi hinn 7. október að Ísland myndi hundsa með öllu erlendar skuldir bankanna. Í kjölfarið gaf forsætisráðherra út yfirlýsingu þann 8. október þar sem hann ítrekaði að ríkisstjórnin myndi styðja Tryggingasjóð innistæðueigenda við öflun nægilegs fjár. Yfirlýsingar seðlabankastjóra birtust hins vegar orðréttar í víðlesnum blöðum svo sem Wall Street Journal og víðar og höfðu víðtæk neikvæð áhrif og sköpuðu vantraust á að hjá íslenskum stjórnvöldum væri raunverulegur vilji til að leysa mál innistæðueigenda í erlendum útibúum bankanna.

**5.** Á þessum tíma greip um sig mikil hræðsla á fjármálamörkuðum Evrópu og sparifjáreigendur óttuðust um innistæður sínar. Til að bjarga eigin bankakerfi greip hver ríkisstjórnin á fætur annarri til einhliða aðgerða. Írska ríkisstjórnin ákvað hinn 30. september að tryggja allar innistæður í stærstu bönkunum og um leið hófst hljóðlátt áhlaup á breska banka þegar innistæðueigendur tóku að flytja fjármuni sína yfir til Írlands. Hinn 4. október ákváðu Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland að sameinast um aðgerðir gegn fjármálakreppunni. Sú ákvörðun entist í einn dag og 5. október ákvað þýska ríkisstjórnin einhliða að tryggja innistæður í þýskum bönkum. Hinn 6. október fylgdi sú danska í kjölfarið og eftir mikinn vandræðagang breskra stjórnvalda tilkynntu Gordon Brown og Alistair Darling hinn 8. október um björgunaraðgerðir breskra stjórnvalda.

### Harðar aðgerðir breskra stjórnvalda

**6.** Sama dag, 8. október, greip breska ríkisstjórnin til mjög harðra aðgerða gegn Íslandi, **a**) með beitingu hryðjuverkalaga sem fram til þessa hefur ekki enn verið rökstudd gagnvart íslenskum stjórnvöldum þó að eftir því hafi verið gengið, **b**) með opinberum yfirlýsingum sem birtust í alþjóðlegum sjónvarpsfréttum um meintar fyrirætlanir íslenskra stjórnvalda sem voru einfaldlega óréttmætar, áttu sér ekki sanngjarna stoð og leiddu til ómælds tjóns.

Fastafulltrúi Íslands hjá NATO setti þegar í stað fram hörð mótmæli á fundi NATO-ráðsins í Brussel. Þar mótmælti Ísland pólitískri árás á innviði íslensks samfélags, án viðvarana og við verstu aðstæður sem landið hafði lengi staðið andspænis. Í apríl 2009 átaldi bresk þingnefnd aðgerðir ríkisstjórnar Bretlands í skýrslu en í henni segir m.a. um orð breska fjármálaráðherrans: „We note that his comments regarding the intentions of the Icelandic authorities had a serious impact on the confidence held in the remaining solvent Icelandic bank, Kaupthing, and it has been suggested that this may have contributed to its collapse.“

**7.** Í viðræðum við bresk og hollensk stjórnvöld vegna Icesave lögðu íslensk stjórnvöld áherslu á vilja sinn til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar en bentu jafnframt á að það væri mat íslenskra fræðimanna á sviði EES-réttar að lagaleg ábyrgð íslenska ríkisins á innistæðum við kerfishrun væri of óskýr til að hægt væri að fallast skilyrðislaust á hana. Ósanngjarnt væri að Ísland sem EES-ríki hefði mun lakari stöðu að þessu leyti en ESB-ríkin sem sjálfkrafa gætu farið með slíkt mál fyrir Evrópudómstólinn án þess að vera talin óheiðarleg í alþjóðasamskiptum. Eðlilegt væri að útkljá ábyrgðina fyrir alþjóðlegum viðurkenndum dómstól og enn frekar þar eð skuldabyrðin væri sérlega þungbær fyrir ríkissjóð Íslands. Vandinn er og hefur alltaf verið að önnur ríki hafa samkvæmt þjóðarétti val um hvort þau samþykkja lögsögu alþjóðlegs dómstóls þ.m.t. um ábyrgð á innistæðutryggingum eða ekki. EES hefur ekki yfirþjóðlegan dómstól eins og ESB og Bretland, Holland og Þýskaland aftóku sameiginlegu EES-nefndina eða nokkra aðra alþjóðlega dómstólaleið.

**8.** Nær allan nóvembermánuð 2008 háði Ísland eina hörðustu millríkjadeilu í sögu sinni. Markmið ríkisstjórnarinnar var að afla nauðsynlegra lána en halda þó skuldabyrði innan viðráðanlegra marka, bjarga trúverðugleika hagkerfisins og halda viðskiptum við útlönd opnum. Á sama tíma var neikvæð alþjóðleg fjölmiðlaumfjöllun útbreidd og síaukin hræðsla við dýpkandi heimskreppu fældi ríki frá aðstoð við Ísland. Ekki bætti úr skák að fréttir voru mjög neikvæðar af lánlausum erindum Seðlabanka Íslands til bandaríska seðlabankans og rússneskra stjórnvalda en í Rússlandi kom það m.a. fram hjá fulltrúum Seðlabankans að lán frá Rússum gæti komið í stað aðstoðar AGS.

### Undirbúningur aðstoðar AGS

**9.** Fljótlega eftir yfirtöku Glitnis hófust umræður um það hvort leita ætti aðstoðar Alþjóða gjaldeyrissjóðsins og voru skoðanir mjög skiptar. Var ég mjög ákveðið þeirrar skoðunar að aðkoma sjóðsins væri nauðsynleg við þessar aðstæður og til þess fallin að skapa tiltrú erlendis á aðgerðum íslenskra stjórnvalda (sbr. grein í Mbl dags. 13. október 2008). Meðan unnið var að áætluninni skipulagði utanríkisráðuneytið markvissa kynningu í gegnum net sendiherra og annarra fulltrúa gagnvart aðildarríkjum AGS, sérstaklega þeim sem eiga sæti í stjórn sjóðsins. Strax eftir heimkomu frá Bandaríkjunum ræddi ég við starfssystkin þar á meðal utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Frakklands og Þýskalands um stöðuna á Íslandi og átökin við Breta. Þá sagði ég frá því að við værum að undirbúa umsókn um aðstoð sjóðsins og gætum þurft á liðsinni þeirra að halda ef Bretar reyndu að leggja stein í götu okkar. Ræddi ég jafnframt við forsætis- og utanríkisráðherra Noregs um þá aðstoð sem þeir gætu veitt. Á þessu stigi málsins urðum við einskis vör nema jákvæðni og stuðnings, og greinilegt var hversu nákvæmlega var fylgst með Íslandi.

**10.** Hinn 24. október 2008 var tilbúin undirrituð viljayfirlýsing ríkisstjórnar Íslands um efnahagsáætlun með AGS og hana kynntum við forsætisráðherra á blaðamannafundi með íslenskum og erlendum fjölmiðlum. Í stað þess að sú áætlun fengi eðlilega afgreiðslu í ljósi neyðaraðstæðna innan væntra tímamarka,

FRAMHALD Á SÍÐU 24

# Opið til kl. 22 til jóla




Outlast
ADAPTIVE COMFORT

QUILTS OF DENMARK
TEMPRAKON
100% dúnsæng
Kr. 29.900,-



QUILTS OF DENMARK
TEMPRAKON
Dúnsokkar
Kr. 6.900,-

Yfir 20.000 íslendingar sofa á Tempur heilsudýnu
Yfir 50.000 íslendingar sofa á Tempur heilsukodda



TEMPUR
Inniskór
Stærðir S - XL
**Jólatilboð**
**Aðeins kr. 7.700,-**




Hver er þinn litur?



TEMPUR
Heilsukoddar
Margar gerðir
**Jólatilboð - Orginal**
**Aðeins kr. 15.120,-**

AÐEINS FRÁ TEMPUR®
ÓSVIKIÐ
TEMPUR® EFNI

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

Betra BAK

FRAMHALD AF SÍÐU 22

var ferlið teppt án viðvarana eða hreinskiptni í tvíhliða samskiptum við Ísland.

**ECOFIN-fundur í Brussel**

**11.** Á fundi fjármála- og efnahagsmálaráðherra ESB og EFTA í Brussel 4. nóvember var lagt hart að fyrrverandi fjármálaráðherra að samþykkja bindandi gerðardóm sem myndi skera úr um ábyrgð á innistæðutryggingum. Gert var ráð fyrir að gerðardómurinn væri skipaður tveimur fulltrúum lögfræðideildar og framkvæmdastjórnar ESB, einum fulltrúa ESA, einum fulltrúa EFTA (tilnefndur af Íslandi) og oddamaður væri tilnefndur af seðlabankastjóra ESB. Dómurinn hefði 24 tíma til að kveða upp úrskurð. Þetta var með öllu óásættanlegt þar sem ESB var með meirihluta í dómnum og umboð gerðardómsins var alltof víðtækt en það tók til allra skuldbindinga Íslands eða eins og það er orðað, „the scope of legal obligation of the Government of Iceland“. Fulltrúi Íslands (EFTA) mætti ekki til gerðardómsins og Ísland lýsti því strax yfir að það viðurkenndi ekki niðurstöðuna, sem var skýr og Íslandi í óhag. Þar kemur fram að Ísland verður að tryggja öllum innstæðueigendum tuttugu þúsund evrur eða eins og segir í álitinu: „Iceland has to make sure that its deposit-guarantee scheme has adequate means and is in a position to indemnify depositors.“ Af hálfu allra fulltrúa ESB og EFTA ríkjanna var þvertekið fyrir að fara með málið fyrir dómstól þar sem allur réttarágreiningur og óvissa um innlánstryggingar myndi grafa undan trausti almennings á bönkum og gæti valdið fjármálakerfi Evrópu ómældum skaða.

**12.** Á þessum tíma lá ljóst fyrir að dómstólaleiðin var lokuð og við Íslendingar vorum að einangrast á alþjóðavettvangi. Skilaboðin sem við fengum úr öllum áttum voru þau sömu: Semjið um lágmarkstrygginguna og það mun greiða fyrir aðstoð frá ESB, AGS sem og tvíhliða aðstoð. Við höfðum lagt mikið traust á lánafyrirgreiðslu frá hinum Norðurlandaþjóðunum en nú var hún bundin því skilyrði að okkur tækist að koma Icesave-deilunni í einhvern farveg. Sú lánveiting var aftur órjúfanlega tengd aðstoð Alþjóða gjaldeyrissjóðsins sem ekki vildi afgreiða umsókn okkar nema heildarfjármögnun væri tryggð. Við bættist svo að við höfðum áreiðanlegar heimildir fyrir því að Bretar beittu sér gegn okkur hjá sjóðnum.

**Umsamin viðmið**

**13.** Í kjölfar Ecofin-fundarins héldu fulltrúar utanríkisráðuneytisins nokkra fundi með fulltrúum ESB ríkja og framkvæmdastjórnarinnar til að freista þess að finna leiðir til að leysa þá erfiðu deilu sem upp var komin. Á þeim fundum kom m.a. fram að ef strax væri hægt að finna pólitíska lausn á málinu sem allir gætu við unað myndu ESB og aðildarríki þess finna leið til að aðstoða Ísland til að takast á við aðsteðjandi fjárhagsvanda. Frakkar, sem formennskuríki í ESB á þessum tíma, voru tilbúnir til að hafa milligöngu og var ákveðið að freista þess að marka stefnu fyrir áframhaldandi viðræður aðila. Hinn 14. nóvember náðu viðræðunefnd Íslands, Hollands, Bretlands og (Þýskalands) undir forystu Frakklands samkomulagi um stuttan texta, Agreed guidelines, sem þýtt var umsamin viðmið. Þetta er diplómatískt samkomulag sem leiddi til þess að ríkin létu af tafaaðgerðum innan AGS, féllu frá niðurstöðu gerðardóms sem bindandi og hófu formlegar samningaviðræður á grundvelli EES-réttar, með aðkomu stofnana ESB og með hliðsjón af sérstaklega erfiðri stöðu Íslands. Þar með var samkomulagið við Hollendinga frá 11. október úr sögunni.




**8. OKTÓBER** Gordon Brown og Alistair Darling á blaðamannafundi í Downing-stræti 10 miðvikudaginn 8. október 2008. Þann dag tilkynntu þeir um aðgerðir gegn íslenskum fyrirtækjum og beitingu hryðjuverkalaga. NORDICPHOTOS/AFP

**14.** Var það mat okkar, sem að þessum málum komum, að við þær aðstæður sem þá voru uppi væri það í raun allra hagur að vinna tíma og leita pólitískra lausna á málinu. Með hinum sameiginlegu viðmiðum sem gengið var frá í Brussel 14. nóvember var reynt að tryggja að í viðræðum ríkjanna yrði gætt jafnvægis milli þeirra skuldbindinga sem Íslendingar tækju á sig og þeirra „erfiðu og fordæmalausu“ aðstæðna sem ríktu á Íslandi en það orðalag vísaði til skuldaþols ríkissjóðs og greiningar AGS skýrslu til sjóðsstjórnar á fordæmislausum aðstæðum hér þar sem bæði ríkti fármálakreppa og gjaldeyriskreppa. Af Íslands hálfu var lögð á það mikil áhersla að framhald yrði á aðkomu ESB enda höfðu verið gefin skýr fyrirheit í þá veru, og þess vegna segir í þriðja lið viðmiðanna: „Stofnanir Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins munu taka áframhaldandi þátt í þessu ferli sem fer fram í samráði við þær.“ Ástæðan fyrir þessu var fyrst og fremst sú að við litum ekki einvörðungu á þetta sem tvíhliða deilu við Hollendinga og Breta heldur væri sú deila afleiðing af því gallaða regluverki sem gilti um evrópska fjármálamarkaðinn. Mikilvægt væri að ESB skynjaði ábyrgð sína gagnvart Íslandi sem þátttakanda í hinum innri markaði með frjálsu flæði fjármagns þó það væri ekki aðildarríki að bandalaginu.

**15.** Á þessu stigi var ákveðið samkvæmt ósk AGS en að kröfu Breta, sem greinilega beittu sér mjög innan sjóðsins, að bæta inn í 9. lið viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda til framkvæmdastjórnar AGS tilvísun til samkomulagsins í Brussel og þess að viðræður væru að hefjast milli deiluaðila. Töldum við að með þessu væru Bretar að misbeita stöðu sinni innan AGS og freista þess að rétta sinn hlut eftir niðurstöðuna í Brussel. Engu að síður var á þetta fallist af íslenskum stjórnvöldum þar sem í þessu fólust engin réttaráhrif eða viðurkenning á ábyrgð Íslands umfram það að EES-réttur gilti á Íslandi. Rétt er að ítreka að þar segir ekkert um að Ísland afsali sér rétti til málsóknar.

**16.** Ég leit svo á að í hinum sameiginlegu viðmiðum fælust tækifæri sem mikilvægt væri að fylgja vel eftir og átti ég m.a. samtöl við starfsfélaga mína í áhrifamestu ríkjum Evrópusambandsins, þar með talið Þýskalands og Frakklands, í byrjun desember til að tryggja skilning á erfiðum og fordæmalausum aðstæðum Íslands og kanna með hvaða hætti ESB gæti lagt Íslandi lið fjárhagslega. Fann ég fyrir góðum skilningi á stöðu Íslands hjá flestum þeirra og lagði spænski utanríkisráðherrann, Miguel Moratinos, meðal annars talsvert mikið á sig til að tala máli Íslands. Fundurinn með David Miliband, utanríkisráðherra Breta, var hins vegar erfiður og svo virtist sem hugmyndin um breska heimsveldið væri enn í fullu gildi. Fundurinn með Verhagen, utanríkisráðherra Hollands, var hins vegar jákvæðari og var þar rætt um mun hagstæðari vaxtakjör en áður höfðu verið í boði og var því fylgt eftir formlega.

**Lokaorð**

**17.** Mikilvægt er að hafa í huga að hin sameiginlegu Brussel-viðmið voru stefnumörkun í viðræðum deiluaðila með pólitískri aðkomu þriðja aðila, formennskuríkisins í ESB. Eins og réttilega kom fram í álitsgerð lögfræðistofunnar Mischon de Reya frá 29. mars síðastliðnum voru þau þaðan í frá „kjarni málsins“ fyrir Íslendinga því þau færðu inn í forsendur samningaviðræðna tillit til „erfiðra og fordæmalausra“ aðstæðna okkar, ekki bara af hálfu Breta og Hollendinga heldur ekki síður af hálfu ESB. Að auki fólst í viðmiðunum að Alþingi hefði lögfest innistæðutryggingar á grundvelli EES-gerðar 1999 en engin réttarleg viðurkenning ábyrgðar umfram efni laganna. Þannig mörkuðu þau nýtt upphaf auk þess sem tíminn hefur unnið með okkur því í október/nóvember voru öll stjórnvöld í Evrópu eins og þaninn strengur af ótta við óróann á fjármálamörkuðum og áhlaup á banka hver hjá sér. Sú staða hefur róast. Rétt er hins vegar að taka fram að þó að hin sameiginlegu viðmið feli í sér pólitíska skuldbindingu þá skuldbinda þau Ísland ekki með neinum hætti að þjóðarrétti ef ný stjórnvöld vilja hafa þau að engu.

**18.** Ég hef hér að framan rakið meginþættina í þeirri atburðarás sem átti sér stað allt frá því neyðarlögin voru sett 6. október 2008 og þar til Brussel-viðmiðin voru samþykkt af íslenskum stjórnvöldum hinn 14. nóvember. Í öllu ferlinu taldi ég mikilvægt að Ísland sýndi ábyrgð en ekki sérhlífni á alþjóðavettvangi, legði áherslu á að ná árangri við samningaborðið en sætti sig ekki við að neytt væri aflsmunar og síðast en ekki síst væri ævinlega haldið til haga mikilvægi þess að smáríki njóti verndar af alþjóðalögum og dómstólum. Meðan á öllu þessu ferli stóð kom undirrituð og/eða fulltrúar utanríkisráðuneytisins margsinnis á fundi utanríkismálanefndar og kynntu henni stöðu mála. Margt af því sem hér hefur verið sagt kom m.a. fram í minnisblaðinu „Ísland er einangrað“ frá utanríkisráðuneytinu til nefndarinnar í nóvember 2008. Ef utanríkismálanefnd telur að ennþá sé eitthvað óljóst í þeim þætti málsins sem ég hafði aðkomu að eða vitneskju um er ég fús til að koma á fund nefndarinnar ef það mætti verða til að skýra málið frekar.

*Virðingarfyllst,*
*Reykjavík 18. desember 2009*
*Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra.*









VALITOR

VISA Vildarkort



Panasonic
Panasonic KXTG1311
Þráðlaus DECT SÍMI með baklýstum LCD skjá, 50 númera skrá með nöfnum, númerabirtir fyrir síðustu 50, endurval í síðustu 10, klukku og dags., 17 klst í notkun og 150 í bið.
TILBOÐ 5.990
FULLT VERÐ kr. 6.990
GRUNDIG
2GB MP3
Grundig MPAXX920
Ótrúlega lítill og nettur MP3 SPILARI með 2GB minni. Vandaðir eyrnatappar fylgja.
VERÐ 6.990
FRÁBÆRT VERÐ
2GB MP3
Grundig MPIXX1200
Flottur MP3 SPILARI með 1,8" litaskjá og útvarpi. 2GB minni og hægt að auka minni með SD korti.
VERÐ 10.990
FRÁBÆRT VERÐ
SanDisk
Hæð: 5.5 Breidd: 3.4 Dýpt: 1.6sm
Sandisk Clip4GB
Örsmár MP3 SPILARI með 4GB innb. minni, diktafóni, USB 2, hleðslurafhlöðu ofl. Mikill hljómur og bjartur skjár. Hreinasta snilld.
VERÐ 13.990
FRÁBÆRT VERÐ
ÞRÍR LITIR RAUTT, SVART OG BLEIKT
UNITED
United RCD6408
FERÐATÆKI með útvarpi, geislaspilara, segulbandi og heyrnatólstengi.
VERÐ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ
GRUNDIG
Grundig RP4900
Vandað FM og AM ÚTVARP sem gengur fyrir 220v og rafhlöðum.
VERÐ 11.990
FRÁBÆRT VERÐ
JVC
JVC RCEZ51
4W RMS FERÐATÆKI með FM útvarpi, segulbandi, geislaspilara og fjarstýringu.
TILBOÐ 16.990
FULLT VERÐ kr. 19.990
UNITED DVD VIDEO
United DVP8077
Fjölkerfa DVD FERÐASPILARI með 7" LCD skjá með LED baklýsingu og Lithium hleðslurafhlaða. 12v og 220v.
VERÐ 19.990
FRÁBÆRT VERÐ
Tasco ES103050
Vandaður SJÓNAUKI með stillanlegri aðdráttar-linsu 10-30x. 50mm linsa. Taska fylgir.
tasco
MIKIÐ ÚRVAL AF SJÓNAUKUM
OG STJÖRNUSJÓNAUKUM
VERÐ 19.990
FRÁBÆRT VERÐ
CASIO
FÆST BLEIK EÐA SILFURLIT
Casio EXZ33
MYNDAVÉL með 10.1 millj. punkta uppl., EXILIM 2.0, BESTSHOT, Face Detection, DSP hristivörn, 2.5" TFT LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, You Tube, 11.4MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort. Hleðslurafhl. 230 skot.
TILBOÐ 26.990
FULLT VERÐ kr. 35.990
VATNS HELD
OLYMPUS
Olympus MJU550
Stafræn MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 38-114mm linsu, 2,5" LCD skjá, Image Stabilisation hristivörn, hreyfimyndatöku með hljóði, Intelligent Auto, USB 2.0 og ryðvörn. Tekur xD eða microSD kort. Vatnsheld að 3m dýpi.
TILBOÐ 33.990
FULLT VERÐ kr. 39.990
OLYMPUS
Olympus E520DZKIT
Stafræn SLR MYNDAVÉL með 10 milljón punkta uppl., hristivörn fyrir allar linsur, Live View, Supersonic Wave Filter sem eyðir ryki, 2,7" LCD HyperCrystal skjá, USB 2.0. Tekur CompactFlash og xD kort ofl.
TILBOÐ 109.990
FULLT VERÐ kr. 139.990
INTENSO
Intenso 3901810
Stafrænn 7" MYNDARAMMI með fjarstýringu. Stílhreinn og flottur.
VERÐ 12.990
FRÁBÆRT VERÐ
FÆST HVÍTT EÐA SVART - iPod fylgir ekki.
JBL
JBL RadialBlk
HÁTALARAR með iPod vöggu, magnara, snertitökkum til að hækka og lækka, 4 Odyssey og 1 Neodynium hátalara og fjarstýringu.
TILBOÐ 29.990
FULLT VERÐ kr. 49.990
Full HD 1080p
PASSAR Í LÓFA
TOSHIBA
Toshiba P10
Handhæg stafræn TÖKUVÉL með 1080p HD upplausn, 5MP kyrrmyndavél, 4x Digital Zoom, 2.5" LCD skjá, 128MB innbyggðu minni og Red-Eye Reduction. Tekur SDHC kort að 32GB.
VERÐ 39.990
FRÁBÆRT VERÐ
2,7"
JVC
JVC GZMS120S
Digital TÖKUVÉL með innb. kyrrmyndavél, 2.7" LCD skjá, 35x Optical / 40x Dynamic Zoom / 800x Digital Zoom, Laser Touch viðmóti, 1/6" CCD upptökuflögu, Konica Minolta F1.8 linsu, MicroSD rauf, USB, A/V út ofl. Þyngd aðeins 290g.
TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 64.990
JVC
JVC UXG100
10w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með með MP3/ WMA geislaspilara, RDS útvarp með 32 minnum, heyrnartólstengi klukku og tímastilli.
VERÐ 27.990
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Blu-ray Disc
Philips BDP3000
Full HD Blu-Ray SPILARI með Deep Color (yfir milljarður lita), x.v. Colour, mynd í mynd, Progressive Scan, USB 2.0 afspilun á videó og hljóði, DivX afspilun, Audio L/R, Component & Composite tengi, Digital Coaxial, USB og HDMI út. Spilar DVD myndir með 1080p uppskölun. Dolby True HD hljóðkerfi, DTS 2.0 + Digital out ofl.
TILBOÐ 49.990
FULLT VERÐ kr. 57.990
Panasonic DVD VIDEO
Panasonic SCPT70
Fjölkerfa 330w HEIMABÍÓ með DVD, Progressive scan, 5 hát. og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með minnum, HDMI ofl.
VERÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ
DVD VIDEO JVC
JVC NXF30
400w HEIMABÍÓ með fjölkerfa DVD, Progressive Scan, Front Surround (alvöru heimabíóhljómur úr 3 hát.), 720p/1080p uppskölun (HDMI), Dolby Digital, DTS, Dolby Pro-Logic I, 3D Headphone, FM útvarpi með minnum, USB 2.0, HDMI ofl.
VERÐ 149.990
FRÁBÆRT VERÐ
MIKIÐ ÚRVAL HLJÓMTÆKJA OG HEIMABÍÓKERFA FRÁ JBL OG HARMAN/KARDON

# GÆÐI Á GÓÐU VERÐI




# Panasonic

**Panasonic TXP42C10Y**
42" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart (með RGB), 2 HDMI (1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS ofl.l.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990




**Panasonic TXP37C10Y**
37" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024 x 768p uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, dýnamískri 2.000.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI ofl.

**TILBOÐ 174.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




**Panasonic TXP50X10**
50" 100Hz Plasma BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., Vreal 4, 24p, Real Black Drive 20.000:1 skerpu, x.v Colour, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakari, kortalesari, 2 Scart, 3 HDMI, Component, CI rauf, SVHS, CVBS og PC tengi ofl.

**TILBOÐ 259.990**
FULLT VERÐ kr. 319.990




**Panasonic TXP42S10**
42" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Vreal Pro3, 400Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter C.A.T.S, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart, 3 HDMI, Comp., SVHS, CVBS og PC tengi, CI rauf ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990




**Panasonic TXP42G10**
42" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal 4 Pro, Intelligent Frame Creation Pro, 600Hz, 24p, x.v Colour, dýnamísk Infinite Black 2.000.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, VIERA Link, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), kortalesara, 3 HDMI, CI rauf, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 299.990**
FULLT VERÐ kr. 319.990




**Panasonic TXP46GA11**
46" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920 x1080p uppl., Vreal Pro4, 600Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p, x.v Colour, Infinite Black 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), kortalesara, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 349.990**
FULLT VERÐ kr. 449.990



**VÖNDUÐ MINNISKORT Í ALLAR GERÐIR MYNDAVÉLAR OG TÖKUVÉLA**
**EINNIG HÁGÆÐA MINNISLYKLAR SEM TREYSTANDI ER FYRIR VIÐKVÆMUM UPPLÝSINGUM!**




Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.



**ALDRAÐIR HVÍTRÚSSAR TEYGJA ÚR FÓTUNUM** Rétt fyrir utan borgina Minsk í Hvíta-Rússlandi brugðu þessir eldri borgarar sér út í snjóinn að gera léttar leikfimiæfingar. NORDICPHOTOS/AFP

# *Snjórinn lífgar upp á tilveruna*

**Þegar jólin nálgast kemur varla á óvart þó að svolítill snjór falli víðs vegar á norðurhveli jarðar. Snjónum fylgir birta og friður og hann býður upp á margvíslega athafnasemi eins og sjá má á þessum myndum, sem teknar eru víða um lönd í Evrópu.**



**GENGIÐ Í SNJÓNUM** Töluvert snjóaði á norðanverðum Spáni í vikunni. Þarna er fólk á ferð í borginni Burgos sem er í meira en 800 metra hæð. NORDICPHOTOS/AFP



**FUGLAR Á GIRÐINGU** Við Notre-Dame dómkirkjuna í París röðuðu þessir fuglar sér á girðingarhlið. NORDICPHOTOS/AFP



**SNJÓKAST Í PARÍS** Vegfarendur stóðst ekki mátið þegar snjór sást við Eiffel-turninn í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP



**AFI TOGAR SLEÐA** Strákurinn er sjálfsagt harla ánægður með afa sinn, sem dregur sleðann í Málmgrýtisfjöllunum syðst í austanverðu Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

# Brilljant bók

**Hafðu húmor fyrir hruninu! Það er allt í lagi að brosa.**
**Skopmyndir Halldórs Baldurssonar í fyndnasta annál allra tíma.**

Eiturskörp sýn á þjóðmálin
frá ársbyrjun 2007
og fram í september 2009




Yfir 300 blaðsíður

★★★★

„... einfaldlega frábær afþreying sem má skemmta sér yfir aftur og aftur."
Magnús Geir Eyjólfsson / pressan.is







JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



**SVONA VERÐUR ÍSLAND Í SJANGHAÍ** Ætlunin er að flytja gesti heimssýningarinnar til Íslands í huganum. Til þess verða veggir við inngang klæddir íslensku hrauni, fjallagrös verða í skálanum til að gefa honum keim íslenskrar náttúru og loft hans verður kælt meira en gengur og gerist á heitum sumrum í Sjanghaí. Stuttmynd um Ísland verður varpað á striga og ímynd jökulíss dregin fram.

# Þjóðir heims sýna sig í Sjanghaí

Undirbúningur fyrir heimssýninguna í Sjanghaí á næsta ári er í fullum gangi. Búist er við 70 milljónum gesta og er borgin stóra nánast á röngunni. *Björn Þór Sigbjörnsson* sló á þráðinn til **Hreins Pálssonar** sem heldur um stjórntaumana fyrir Ísland.

Expo 2010 hefst í maí á næsta ári en allt þarf að vera tilbúið 1. apríl þegar skólabörnum og öðrum boðsgestum verður boðið á sýningarsvæðið. Þrjú starfa við undirbúning Íslands ytra; Hreinn Pálsson, framkvæmdastjóri þátttöku Íslands, Hafliði Sævarsson og Yan Ping Li. Hafa þau í nógu að snúast við að móta dagskrá, útvega þá aðstoð sem íslensk fyrirtæki þurfa og sjá til þess að íslenski skálinn verði kominn í rétt horf áður en herlegheitin hefjast. Nokkrir starfsmenn eru á Íslandi og senn fjölgar í starfsliðinu ytra.

„Við fengum skálann í lok september, tilbúinn undir tréverk,“ segir Hreinn en iðnaðarmenn vinna hörðum höndum við að koma öllu í rétt horf.

Plús Arkitektar og Saga film sjá um útlit skálans og er Páll Hjaltason arkitekt, aðalhönnuður og listrænn stjórnandi. Skálinn er 500 hundruð fermetrar, þar af er meginsýningarrýmið 300 fermetrar.

Yfirskrift Expo 2010 er „Betri borg, betra líf“ og formerki íslenska skálans verða „Hrein orka – heilbrigt líferni“. Útlit hans undir svo allt verði flott og gott. „Það er búið að umbreyta borginni. Hótel, neðanjarðarlesta- og hraðlestakerfi eru byggð og það er ráðist í stórar og viðamiklar framkvæmdir á nánast öllum sviðum borgarlífsins. Þetta er umfangsmeira en Ólympíuleikarnir í Peking á síðasta ári,“ segir hann. Mörgum þótti nóg um tilstandið þá.

Sýningin er fyrst og fremst hugsuð fyrir heimamenn, að sögn Hreins. „Það er ekki horft mikið til ferðamanna þó væntanlega komi nokkrir milljónir til landsins vegna hennar. Aðallega er horft til Kínverja sjálfra, þeir eru markhópurinn. Það á að fá Kínverja alls staðar að úr landinu til að koma til Sjanghaí og upplifa heiminn allan á einum stað.“

Ákvörðun um þátttöku Íslands í sýningunni var tekin löngu fyrir bankahrun. Í fyrstu var ákveðið að verja rúmum sex hundruð milljónum króna til verkefnisins en í kjölfar hrunsins var fjárhæðin lækkuð í rúmar tvö hundruð milljónir. Af þeim mun ríkið greiða 140 milljónir en styrktaraðilar hitt. „Við erum Íslendingar og gerum allt vel sem við gerum og látum þessa peninga duga. 140 milljóna króna hlutur ríkisins eru talsverðir peningar á tekur mið af því, sem og allar áherslur Íslands.

> Ísland var eðlilega ekki mjög þekkt hér en eftir efnahagsvandræðin og það sem gekk á og gengur á í kjölfarið er mikið fjallað um landið.

Expo er ekki fyrirtækjasýning heldur landa- og þjóðakynning. Engu síður koma fyrirtæki að þátttökunni með einum eða öðrum hætti. „Við njótum stuðnings nokkurra góðra fyrirtækja sem vinna með okkur og það er ásetningur þeirra að af hljótist samfélagslegur ávinningur,“ segir Hreinn. Styrktaraðilar eru Geysir Green Energy, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Icelandair og Iceland spring.

Að sögn Hreins eru tæplega tuttugu íslensk fyrirtæki með starfsemi í Kína og hyggjast þau nýta Expo til að treysta viðskiptasambönd og afla nýrra. Hópur þrjátíu annarra fyrirtækja hyggur svo á landvinninga. „Þau eru með starfsemi á Íslandi og ætla að markaðssetja sig fyrir Kínverjum á heimssýningunni. Okkar verkefni er að styðja þau og veita þeim ráðgjöf og hjálp við að finna samstarfsmenn í viðskiptalífinu.“

Expo í Sjanghaí verður stærsta og umfangsmesta heimssýning sem haldin hefur verið. Þátttökuríkin eru tæplega 200, hátt í 60 alþjóðastofnanir taka þátt og er búist við að gestir verði um 70 milljónir. Til samanburðar má nefna að Expo í Hannover árið 2000 sóttu á milli 10 og 20 milljónir og færri sóttu sýninguna 2005 sem haldin var í Aichi-héraði í Japan.

Hreinn segir heimamenn leggja mikið erfiðum tímum en ýmsar ástæður eru fyrir því að ákveðið var að halda þessu áfram. Þar ráða helst pólitísk samskipti og viðskiptatengsl.

Við gerum þetta með öðrum og einfaldari hætti en til dæmis hinar Norðurlandaþjóðirnar sem hafa raðað sér í kringum okkur á sýningarsvæðinu. Þau verja á bilinu þremur til sjö milljörðum í þátttökuna en við erum með okkar tvö hundruð milljónir.“

Hreinn segir Ísland njóta töluverðrar athygli í fjölmiðlum í Kína þótt við hér höfum af því litlar spurnir. Umfjöllunin er enda á móðurmálinu og Google-leitin því lítt hjálpleg. „Ísland var eðlilega ekki mjög þekkt hér en eftir efnahagsvandræðin og það sem gekk á og gengur á í kjölfarið er mikið fjallað um landið. Hér var þátttakendaráðstefna um daginn og í kaffihléinu báðu tólf sjónvarpsstöðvar um viðtal við íslenska sendiherrann. Meðan á þeim stóð sat breski sendiherrann úti í horni og drakk kaffi. Enginn hafði áhuga á að tala við hann.

Kínverjarnir vita því vel af okkur en athyglin hefur ekki komið til af góðu. Okkar verkefni nú er að grípa tækifærið og gera eitthvað jákvætt úr þessu, benda á að þótt við höfum gengið í gegnum efnahagshremmingar þá séu tækifærin á Íslandi mörg. Við höfum menntað vinnuafl, fallegt land og auðæfi í jörðu. Þessu þarf og þessu ætlum við að koma á framfæri.“



**BORGIN MIKLA SJANGHAÍ** Gunnar Andrésson, ljósmyndari Fréttablaðsins, heimsótti Sjanghaí fyrir nokkrum árum. Þessa mynd tók hann, merkilegt nokk, ekki úr flugvél eða þyrlu heldur úr skýjakljúfi. Húsin handan fljótsins virðast lítil en eru býsna há þegar að er gáð.



**ÍSLENSKI SKÁLINN** Tilbúinn undir tréverk.

## → ÍSLENSK FYRIRTÆKI Í KÍNA

- **Bakkavör** (matvæli)
- **CCP** (tölvuleikur)
- **Eimskip** (flutningur)
- **Enex** (jarðvarmi)
- **Green Diamond** (dekkjaframleiðsla)
- **Húsaco** (húsbúnaður)
- **Icelandair** (flutningar)
- **ICP** (sjávarafurðir)
- **iSupply** (umboðssala)
- **Lexus** (fatnaður)
- **Mind** (leikföng)
- **Össur** (stoðtæki)
- **Phoenix** Seafood (sjávarafurðir)
- **Promens Asia** (plastframleiðandi)
- **Samskip** (flutningar)

nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*



TILBOÐ

KÆST SKATA
TINDABIKKJA

**798 kr/kg**

Verð áður 998 kr/kg



SALTFISKUR
CRESCIDO 1,5kg

TILBOÐ

**1.439 kr/pk**

Verð áður 1.799 kr/pk



SALTFISKFLÖK

ÓDÝRT

**598 kr/kg**




HAMSATÓLG
250gr

TILBOÐ

**249 kr/stk**

Verð áður 349 kr/stk

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda 21. - 23. desember eða meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sífellt fleiri verða 100 ára.

# Lengra og betra líf

ÞORKELL SIGURLAUGSSON SKRIFAR

Flest okkar hafa áhuga á að lifa lengur og þá góðu lífi. Börn sem fæðast í þróuðum ríkjum þessi árin eiga góða möguleika á að verða 100 ára gömul ef ekkert óvænt eða alvarlegt kemur upp sem ógnar lífríki jarðarbúa. Þetta kemur fram í grein nokkurra vísindamanna í læknatímaritinu Lancet sem er eitt hið virtasta í heimi. Efni þessarar greinar, „Hærri lífaldur: áskoranir framtíðarinnar“ („Ageing Population: The Challenges Ahead“) er áhugavert og ætti að vera innlegg í pólitíska stefnumótun stjórnvalda hér á landi sem annars staðar.

Ef þetta verður þróunin mun það hafa gífurleg áhrif á næstu áratugum. Hærri lífaldur mun hafa áhrif á atvinnuþátttöku, rekstur heilbrigðiskerfa og verkefni í menntamálum, til dæmis þau er varða símenntun. Starfsævin mun lengjast, en þeim árum mun líka fjölga sem fólk er á svokölluðum eftirlaunum og það vill hafa áhyggjulaust og fjárhagslega sjálfstætt ævikvöld.

Skilaboðin til okkar Íslendinga ættu að vera þau að mæta þessum breytingum með því að styrkja okkar velferðar- og menntakerfi og nýta það einnig til gjaldeyrisöflunar með þjónustu við útlendinga sem vilja sækja hingað til lands þekkingu eða þjónustu á þessu sviði. Jafnframt er ljóst að án öflugs atvinnulífs verður erfitt að veita sífellt eldri borgurum viðunandi lífskjör til æviloka. Tryggja þarf atvinnu fyrir alla og þá um leið að breyta því viðhorfi að fólk þurfi að fara á eftirlaun 67-70 ára. Einnig blasir við að enn frekar þarf að efla okkar góða lífeyrissjóðakerfi.

Í hækkandi meðalaldri felast bæði tækifæri og ógnanir, en líklega miklu frekar tækifæri. Vel menntuð þjóð með öflugt velferðarkerfi er mun betur undir slíka þróun búin en þjóðir þar sem mennta- og heilbrigðiskerfið er vanþróað. Það er auk þess þannig hér á landi að þótt eldri borgarar vinni lengur, jafnvel til 70 eða 75 ára aldurs, er ekki sjálfgefið að þeir taki vinnu af þeim sem yngri eru. Eldri borgarar þurfa meiri heilbrigðisþjónustu, betri aðbúnað og endurhæfingu og þurfa að sjálfsögðu einnig að kaupa vöru og þjónustu sem skapar aukna atvinnu fyrir alla. Líkamlegir burðir og viðvera á vinnustað skiptir sífellt minna máli, en hugvit og þekking skapar aukin verðmæti. Betri fjarskipti og upplýsingatækni auðveldar fólki að stjórna sínum vinnutíma og vinnustað.

Fyrir Íslendinga skiptir miklu máli að hlúa vel að uppeldi og aðbúnaði barna og unglinga. Áhersla á lýðheilsu, forvarnir og íþróttastarf ungmenna ásamt heilbrigðu líferni og heilsusamlegu fæði mun skipta miklu máli. Við höfum byggt upp samfélag þar sem mæður og feður, karlar og konur, njóta meira jafnréttis en víðast hvar og það er almennt ekki kynjamisrétti hvað varðar menntun og atvinnumöguleika. Það er mikill styrkur við endurreisn atvinnulífsins að allir geti verið virkir þátttakendur í því.

Þrátt fyrir allt getum við lifað lengra og farsælla lífi en flestar aðrar þjóðir. En við þurfum að halda áfram að berjast fyrir rétti okkar, sjálfstæði og lífskjörum eins og við höfum þurft að gera í gegnum aldirnar. Sú barátta verður þyngri á næsta ári en oftast áður. Vonandi ber þjóðin gæfu til að standa saman í þeirri baráttu, en svo er því miður ekki um þessar mundir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Næstum alsiða

Eins og við var að búast urðu lífleg skoðanaskipti á blogginu um helgina um víndrykkju Ögmundar Jónassonar og frétt Kastljóss þar um. Margir komu Ögmundi til varnar, þar á meðal Eiður Guðnason sem sat á þingi í fimmtán ár en var hættur þegar Ögmundur varð þingmaður. „Það hefur örugglega gerst nokkur þúsund sinnum á Alþingi að þingmenn hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu eftir að hafa dreypt á dýrum veigum,“ segir Eiður. „Það er ekki til fyrirmyndar, en fjölmiðlar þurfa ekki að láta eins og þetta sé eitthvað sem aldrei hafi gerst áður. Blaðamenn vita betur.“ Allt er þetta rétt hjá Eiði og meira að segja eru til þeir blaðamenn sem vita að aðrir blaðamenn hafa verið í vinnunni eftir að hafa „dreypt á dýrum veigum“. Kannski Kastljós segi frá slíku í kvöld.



### Nýjar lægðir

Tryggvi Þór Herbertsson stakk líka niður penna og átti ekki í vandræðum með að skilgreina fréttina. Með henni hefði fréttamennska í landinu náð nýjum lægðum!



### Burt með fólkið

Sumir vildu að Kastljóssfólkið yrði rekið eða segði sjálft upp störfum. Í þeim hópi var María Kristjánsdóttir, sem sagði það hafa rofið trúnað við hreinskiptinn mann. Það væri stærsti glæpur sem fjölmiðlamenn gætu framið. Örfáir vörðu fréttafluttinginn og töldu sjálfsagt að fjölmiðlar segðu frá drykkju þingmanna í vinnutíma. Og svo var auðvitað grínast. „Læknisvottorð í borgarstjórninni… þvagprufur í þinginu…“ skrifaði Eygló Ingvadóttir.

bjorn@frettabladid.is

# Að vinna sig út úr kreppu



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Í DAG | Stjórnmál

Umræða um fjárlög er á lokastigi á Alþingi. Hún hefur verið málefnaleg og hafa dregist upp skýrar línur.

### Hugmyndir stjórnarandstöðu

Stjórnarandstaðan hefur varað við skattlagningaráformum stjórnarmeirihlutans og dregið upp rannsóknarskýrslur sem benda til þess að óráðlegt sé að reyna að „skattleggja sig út úr kreppu“. Einmitt það er okkur í stjórnarmeirihluta borið á brýn að ætla að reyna að gera. Stjórnarandstaðan segir að leggja eigi allt kapp á að örva atvinnulífið. Með því móti sé stuðlað að aukinni verðmætasköpun, skattstofnarnir styrkist og þjóðfélagið verði þar með betur í stakk búið að takast á við hvers kyns vanda í framtíðinni. Að því marki sem við séum nauðbeygð til að skattleggja væri ráð að leita til lífeyrissjóðanna og fá frá þeim nú þær skatttekjur sem ella féllu til í framtíðinni þegar fólk fer á lífeyri. Greiðslur úr lífeyrissjóðum eru sem kunnugt er skattlagðar einsog hverjar aðrar tekjur en þessar hugmyndir ganga út á að lífeyrissjóðirnir greiði þetta skattfé fyrirfram í ljósi erfiðra aðstæðna. Mismunandi áherslur hafa komið fram innan stjórnarandstöðunnar hvað varðar niðurskurð útgjalda. Sumir vilja skera meira niður en fyrirhugað er að gera, aðrir vara við slíku, telja jafnvel of mikið skorið niður.

### Þörf á fyrirhyggju

Undir sitthvað af þessu er auðvelt að taka. Miklar skattbyrðar geta hægt á gangverki efnahagslífsins, dregið úr neyslu sem síðan getur haft keðjuverkandi áhrif og leitt til aukins atvinnuleysis. Sömu áhrif hefur mikill niðurskurður í útgjöldum ríkisins. Hann getur leitt til uppsagna starfsfólks og þar með aukins atvinnuleysis að því ógleymdu að við slíkar aðstæður þarf að draga úr þjónustu velferðarkerfisins, nokkuð sem er sérstaklega bagalegt á samdráttartímum. Einmitt þá er þörf á þéttriðnu öryggisneti velferðarþjónustunnar.

En hvað er til ráða? Ríkissjóður hefur orðið fyrir gríðarlegu tekjutapi af völdum hrunsins. Þess vegna myndast meiri halli á ríkissjóði en dæmi eru um í síðari tíma sögu. Ein leið út úr vandanum er að taka lán til að fjármagna hallann og freista þess að bíða af sér þessa óáran – vona að Eyjólfur hressist svo rækilega að hann afkasti í framtíðinni sem aldrei fyrr.

Hér er að tvennu að hyggja. Í fyrsta lagi eru lántökur mjög kostnaðarsamar. Kostnaður af lánum ríkisins er þegar um hundrað milljarðar. Eftir því sem við aukum lántökurnar þeim mun þyngri verða vaxtabyrðarnar. Hitt atriðið varðar framtíðina. Gagnvart henni þurfum við að sýna fyrirhyggju. Hættan við lántökuhugmyndir stjórnarandstöðunnar (sem er óhjákvæmilegur fylgifiskur stefnu hennar þótt það sé ekki viðurkennt) og skattahugmyndir Sjálfstæðismanna, er sú, að við gætum gert okkur erfitt fyrir síðar meir. Í framtíðinni bíða okkar frekari skuldbindingar auk þess sem vitað er að þjóðin eldist, sem aftur veldur því að dýrara verður að reka samfélagið þegar fram líða stundir. Auknar lántökur nú gætu því komið okkur í koll og þá ekki síður hitt að hafa freistast til að taka skattinn út fyrirfram.

### Okkar stefna

Ríkisstjórn VG og Samfylkingar hefur valið þá leið að reyna að fara bil beggja við núverandi aðstæður – feta eins konar milliveg. Á þessu ári er hallinn á ríkissjóði um eitt hundrað og sextíu milljarðar. Á næsta ári má gera ráð fyrir að hann verði um eitt hundrað milljarðar. Þetta er umtalsverður halli en ástæðan fyrir honum er að sjálfsögðu sú, að við viljum komast hjá meiri niðurskurði og skattlagningu en raunin verður á. Við gerum okkur grein fyrir því að langt er gengið í hvoru tveggja, niðurskurðinum og skattlagningunni, og hefur því margoft verið lýst yfir af okkar hálfu að þessi mál verði að vera í stöðugri endurskoðun.

Hitt er svo annað mál að þótt kreppan sé okkur erfið er ýmis sóknarfæri að finna. Kreppan á að verða okkur hvatning til endurnýjunar og endursköpunar; til að leita leiða við að framkvæma á markvissari hátt en áður, innan sem utan opinberrar þjónustu. Þetta kallar á víðtæka samvinnu í stofnunum og fyrirtækjum en mun skila árangri ef vel tekst til. Markaðslögmálin dugðu ekki betur en svo að þau settu samfélag okkar á hliðina. Hið sama gildir um gömlu tilskipanaúrræðin. Nú þarf að virkja frumkvæði og dómgreind hvers og eins. Það er samvinnan sem blífur. Félagslegt réttlæti og samvinna eru þau tæki og tól sem best nýtast til að vinna okkur út úr kreppunni. Ef vel er á haldið mun það takast.

# Ekki meir, ekki meir

UMRÆÐAN

Þórólfur Matthíasson skrifar til landsverjenda



ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON

Sögur af fátæku fólki þriðja heimsins og basli þess voru fastur liður í jólaheftum blaða og tímarita sem ég las í æsku. Þessar sögur voru nokkur svölun þeim sem lítt var kunnur högum fólks í útlöndum. Seinni tíma reynsla sýnir reyndar að þessar jólasögur voru slæm heimild um útlönd, en góð heimild um hugarheim þeirra sem rituðu og birtu.

Þessar sögur rifjuðust upp fyrir mér um daginn þegar ég fékk upphringingu frá erlendum blaðamanni sem var að vinna grein í jólahefti blaðs síns. Þegar nokkuð var komið inn í samtalið áttaði ég mig á því að Íslendingar eru nú í hlutverki litaða fátæka fólksins í jólaheftum æsku minnar. Spurningarnar sem ég fékk voru þessar: Hefur verið nokkur jólaverslun? Eru ekki margar verslunarhillur tómir? Er ekki rétt að ríkissjóður skuldi 300% af vergri landsframleiðslu? Hvernig verður maður var við fátækt á götum úti í Reykjavík? Er ekki annar hver maður atvinnulaus? Er þetta ekki allt alveg svakalega erfitt?

Staðreyndavillurnar í jólasögum æskunnar áttu vísast upptök sín í hugarheimi fyrsta heims höfunda og sagnaskrifara. Freistandi er að halda því fram að staðreyndavillurnar í máli viðmælanda míns eigi sér sömu rót vanþekkingar og alhæfingarþarfar. En því miður er ekki svo. Ákveðinn hópur Íslendinga hefur haldið þessari mynd að umheiminum. Þeir ýkja skuldatölur (hrein skuld ríkissjóðs er innan við ein landsframleiðsla, margar þjóðir skulda meira), þeir kjósa að einblína á aukningu atvinnuleysis (sem er hábölvuð) en nefna ekki að atvinnuleysi hér er minna en víða í nágrannalöndunum, þeir nefna ekki að þrátt fyrir bankahrun eru þjóðartekjur á mann með þeim hæstu í heiminum. Og ekki veit ég hvaðan viðmælanda mínum kom sú hugmynd að Íslendingar færu ekki í búðir fyrir jólin.

Margir þegnar þriðja heimsins kunna því illa að vera umfjöllunarefni í ýkjusögum meðal þjóða fyrsta heimsins. Ég hef nú betri skilning á því hvers vegna. Það er óskemmtilegt verk að leiðrétta ranghugmyndir. Ég vil því gera umritu orð gengins stórmennis að mínum: Landsverjendur, ekki meir, ekki meir.

*Höfundur er prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**Nikon**

*At the heart of the image*

# HANDHÆGT TÆKNIUNDUR

**TILBOÐ!**
MEÐ ÖLLUM
NIKON D3000 FYLGIR
**VÖNDUÐ TASKA OG**
**2x2GB MINNISKORT**
(VERÐMÆTI: 14.995 kr.)










## **NIKON** D3000

Nikon D3000 er fullkomin stafræn myndavél fyrir metnaðarfulla áhugaljósmyndarann. Einfaldar leiðbeiningar í stýrikerfi vélarinnar auðvelda þér að taka frábærar myndir strax frá byrjun!

**Verð: 114.995 kr.**
Einnig fáanleg með AFS18-55VR linsu: 122.995 kr.

Nikon SCHOOL INTRO

**Nýjung á Íslandi!**
**Nikon skólinn**
Innifalið í kaupum er 2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR (verðmæti: 12.000 kr.)

**www.nikon.is**

**Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
**Beco** – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
**Fotoval** – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
**MAX** – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
**Hagkaup** – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

**Samkaup** – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; **Hljómsýn** – Akranesi; **Blómsturvellir** – Hellissandi; **Skipavík** – Stykkishólmi; **Kaupfélag V-Húnvetninga** – Hvammstanga; **Smárabær** – Blönduósi; **Skagfirðingabúð** – Sauðárkróki; **Verslunin Pan** – Neskaupstað; **Geisli** – Vestmannaeyjum; **Foto** – Vestmannaeyjum; **Tækniráð** – Grindavík; **Mosfell** – Hellu; **Heimilistæki** – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; **Omnis** – Borgarnesi, Akranesi og Reykjanesbæ.

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

Mynd: Morten Rygaard

# Niðurskurður í grunnskólum

UMRÆÐAN
Hildur Björg Hafstein og Guðrún Valdimarsdóttir skrifa um skólamál


HILDUR BJÖRG HAFSTEIN


GUÐRÚN VALDIMARSDÓTTIR

Reykjavíkurborg hefur lokið starfs- og fjárhagsáætlunargerð fyrir næsta ár. Menntasviði, sem rekur grunnskóla borgarinnar, var gert að hagræða um 4,1%. Meiri hagræðingarkrafa, eða 9%, er gerð á miðlæga stjórnsýslu og önnur svið borgarinnar. Sparnaður menntasviðs er samt sem áður umtalsverður, eða 775 milljónir.

Samfok, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, harma niðurskurð í menntakerfinu. Grunnskólinn gegnir veigamiklu hlutverki í lífi barna og hefur mikil áhrif á framtíðarmöguleika. Foreldrar eru eðlilega áhyggjufullir vegna niðurskurðar í grunnskólum. Hvaða áhrif mun þetta hafa á skólastarfið? Mun kennslumagnið skerðast? Verður minni gæsla í frímínútum? Hvað með mötuneyti? Verður dregið úr stuðningi og sérkennslu? Ákveðið hefur verið að ekki verður skerðing á almennri kennslu, sérkennslu eða nýbúakennslu miðað við árið 2009. Skólarnir búa við ákveðið sjálfstæði og geta því sjálfir ákveðið, upp að vissu marki, hvernig þeir hagræða. Samfok leggur áherslu á aukna samvinnu við foreldra um samþætt og fjölbreytt nám. Foreldrum er ætlað að hafa áhrif á skólastarfið og þar af leiðandi á hvernig verður hagrætt. Menntaráð Reykjavíkur samþykkti á fundi í maí að beina því til skólastjóra að hafa ávallt samráð við skólaráð í hverjum skóla um árlega starfs- og rekstraráætlun.

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags. Í hverju skólaráði eru tveir fulltrúar foreldra en hlutverk þeirra er að bera sjónarmið foreldra inní skólaráðin. Í grunnskólalögum segir um skólaráð: „Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.“

Samfok hvetur foreldra til að standa vörð um réttindi barna til menntunar og þroska. Það er mikilvægt að skólaráð fundi reglulega og setji fundargerðir á vefsíðu skólanna. Samfok hvetur foreldra til að fylgjast með hvernig verði hagrætt í skólum barnanna og kalla eftir upplýsingum. Foreldrar eru auðlind í skólastarfi og er ætlað að hafa áhrif samkvæmt grunnskólalögum og menntastefnu Reykjavíkurborgar. Íhlutun foreldra á skólastarf eykur vellíðan barnanna, bætir námsárangur og hefur mikið forvarnargildi.

*Hildur er formaður og Guðrún framkvæmdastjóri Samfok.*

# Einn heilbrigður banki á Íslandi

UMRÆÐAN
Margeir Pétursson skrifar um bankarekstur


MARGEIR PÉTURSSON

Í Viðskiptablaðinu 17. desember segir Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra: „Nú eru starfandi á Íslandi þrír fullfjármagnaðir og heilbrigðir bankar sem hafa fyrst og fremst það hlutverk að þjónusta íslensk heimili og atvinnulíf.“ Þetta birtist undir fyrirsögninni „Þrír heilbrigðir bankar“. Þarna á fjármálaráðherra við afsprengi föllnu bankanna, sem eru NBI hf. (Nýi Landsbankinn), áður Landsbanki Íslands, Íslandsbanki, áður Nýi Glitnir, þar áður Glitnir, þar áður Íslandsbanki og Arion Banki, áður Nýi Kaupþing Banki, þar áður Kaupþing Banki, þar áður KB Banki, þar áður Kaupþing Búnaðarbanki, þar áður Búnaðarbankinn.

Fjármálaráðherra á hins vegar að vita mætavel að á Íslandi er aðeins starfandi einn heilbrigður viðskiptabanki, MP Banki hf., sem hefur staðið við allar sínar skuldbindingar bæði innanlands og erlendis. Mér sem stofnanda og stjórnarformanni MP Banka sárnar að ráðherra hafi sleppt því að nefna hann, en hampa afsprengjum föllnu bankanna þar sem ríkið á reyndar mikilla hagsmuna að gæta. Lái mér það hver sem vill að sárna. Vonandi er þetta ekki fyrirheit um að ríkið muni brjóta samkeppnislög til hagsbóta fyrir þá banka þar sem það á beinna hagsmuna að gæta sem hluthafi og óbeinna sem kröfuhafi.

### Spunameistarar ennþá við stýrið?

Sú fullyrðing að nýju bankarnir þrír séu „heilbrigðir“ virðist byggjast á einhverskonar óskhyggju ráðherrans. Tilvist þeirra byggist á neyðarlögunum þar sem farið var á snið við meginreglur alþjóðlegs gjaldþrotaréttar og innlendar eigur föllnu bankanna voru settar yfir á nýja kennitölu. Þegar eru farin af stað dómsmál gegn íslenska ríkinu og bönkum þess og má búast við tilraunum til kyrrsetningu á eignum um ókomin ár sem m.a. Seðlabanki Íslands hefur varað við. Þá samræmist eignarhald tveggja af þremur nýju bankanna ekki lögum um fjármálafyrirtæki þar sem eigendur þeirra eru þrotabú.

> *Mér er ekki kunnugt um nokkurt land þar sem þrotabúum er heimilt að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki.*

Mér er ekki kunnugt um nokkurt land þar sem þrotabúum er heimilt að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Það mál verður væntanlega einnig leyst með kennitöluskiptum. Ímyndarsérfræðingar nýju bankanna túlka þetta sem eignarhald erlendra aðila og stuðningsyfirlýsingu þeirra við bankana, þótt „eigendurnir“ virðist að stórum hluta hrægamma- og vogunarsjóðir í leit að skjótfengnum gróða. Það hlýtur svo að vera að lagaflækju- og ímyndarmenn föllnu bankanna hafi haldið stöðum sínum. Það er mjög slæmt ef sá stjórnmálamaður er farinn að trúa þeim, sem áður var í forystu efasemdarmanna. Þá er Bleik brugðið.

### Ógagnsæi við endurreisn?

Nú ganga fjöllunum hærra þær sögusagnir að fjármálaráðherra hyggist veita fjárfestingarbankanum Saga Capital hf., sem lét fallerast í ástarbréfaleik föllnu bankanna, mikið hlutverk í endurreisn sparisjóðakerfisins. Eitt fyrsta verk ráðherrans í fjármálaráðuneytinu var að veita þessu fyrirtæki 19 milljarða lán á 2% vöxtum til að draga það að landi, sem fyrirtækið eignfærði síðan sem 6 milljarða eign með fáheyrðum bókhaldsæfingum. Í fréttum RÚV þann 15. desember lagði ráðherrann sérstaka blessun sína yfir yfirstandandi kennitöluskipti fyrirtækisins. Sökudólgarnir í Enron-hneykslinu mikla hljóta nú að gráta það á bakvið lás og slá að hafa ekki hugsað upp slíkt snjallræði. Þá væri hlutabréfaverð Enron væntanlega ennþá í hæstu hæðum. Nú þarf ráðherra að afneita þessum sögusögnum algerlega, þannig að minni vafi leiki á um gagnsæja endurreisn íslensks fjármálakerfis.

Við hjá MP Banka höfum ekki þegið stuðning frá ríkinu eða kostað skattgreiðendur neitt. Það hafa viðskiptavinir kunnað vel að meta. Það eina sem við förum fram á er að leikreglur og samkeppnislög verði höfð í heiðri og við njótum sannmælis.

*Höfundur er stofnandi og stjórnarformaður MP Banka hf.*




Getur þú hugsað þér **jólin án rafmagns?**

Brátt fer daginn að lengja á ný og við fögnum birtunni sem fylgir hækkandi sól. Við hjá RARIK viljum þakka ykkur fyrir viðskiptin á árinu sem nú er senn liðið og sendum bestu óskir um gleðileg jól og heillarríkt komandi ár

RARIK



**EINU SINNI ER** er handverks- og hönnunarsýning sem stendur yfir í Norræna húsinu til 17. janúar 2010. Sýningin hefur farið víða um land og meðal annars verið sett upp á Svalbarðseyri, Ísafirði, Sauðárkróki og í Hveragerði.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447
















„Hér sit ég oft og prjóna," segir Björg í uppáhaldshorninu á heimilinu. Marmaraskálina fékk hún af heimili foreldra sinna.

# Hægindastóll sem hefur verið í stöðugri notkun

**Björg Gunnarsdóttir skrifstofustúlka á ýmsa góða muni eftir afa sinn og ömmu. Þegar hún á lausa stund heima sest hún gjarnan í gamlan stól sem hún fékk úr þeirra búi og dregur upp prjóna eða bók.**

Björg starfar á skrifstofu í einu ráðuneytanna en þegar hún kemur heim úr vinnunni finnst henni fátt betra en að hreiðra um sig í gömlum stól og hvíla fæturna á hnalli sem afi hennar smíðaði og amma hennar bróderaði. „Þetta er uppáhaldshornið mitt á heimilinu. Hér sit ég og prjóna, geri við fatnað eða les. Stóllinn er úr búi afa míns og ömmu, Þorvarðar Björnssonar yfirhafnsögumanns í Reykjavík og Jónínu Ágústu Bjarnadóttur. Þau voru bæði flink í höndunum. Afi renndi kertastjaka og skálar og smíðaði ýmsa hluti og ég á mikið safn af hekluðum dúkum eftir ömmu og við systkinin öll," segir Björg.

Stóllinn hefur greinilega verið mikið notaður gegnum tíðina að sögn Bjargar. „Hann var orðinn svo lúinn að amma og föðursystir mín bróderuðu áklæði á hann og afi klæddi hann. Þegar ég fékk hann var útsaumurinn orðinn slitinn svo ég hef bara tau yfir honum því ég er ekki búin að láta gera hann upp. Borðstofustólarnir mínir eru frá ömmu og afa líka og mamma saumaði út í seturnar á þeim."

Handlagni liggur augljóslega í ætt Bjargar og hún hefur væntanlega ekki farið varhluta af þeim hæfileikum, að minnsta kosti ganga prjónarnir ótt og títt meðan á viðdvöl Fréttablaðsfólks stendur. „Systur mínar eru svona líka," segir hún hlæjandi þegar haft er orð á iðjuseminni.

Við frekara spjall kemur í ljós að Björg er í prjónaklúbbi með einni af systrum sínum og öðrum vinkonum. „Það byrjaði þannig að við keyptum okkur overlook-vél fyrir tuttugu árum sem var svo dýr að við vorum fimm sem keyptum hana saman og skiptumst á um hana. Þá stofnuðum við vélsaumaklúbb en nú hittumst við einu sinni í viku til að prjóna. Svo förum við út að borða saman og höfum meira að segja farið til Flórída einu sinni."

*gun@frettabladid.is*




**JÓLASERÍURNAR YFIRFARNAR** Mikilvægt er að yfirfara gömlu seríurnar áður en þær eru settar á jólatréð. Skipta þarf um brotnar klær og perustæði og hvergi má sjást í bera víra. Serían má síðan aldrei liggja nærri brennanlegu efni eins og pappírsskrauti.



Rafstilling ehf
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur
white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Teikningar af húsinu sem Daði Hinriksson ætlar að reisa.

# Geimaldarefni notað í bolvískt kúluhús

**Það er ekki á hverjum degi sem bátasmiður ákveður að reisa sér súð yfir haus. Daði Hinriksson ætlar að nýta þekkingu sína á smíði trefjaplastbáta til að byggja kúluhús í Bolungarvík.**

„Það er svo sniðugt að forma úr trefjaplasti. Þú færð vökvann í tunnum og blandar hann svo með ákveðnu herðismagni. Einangrunar- og styrktarefnið kemur bara í plötum sem maður sker niður í mót. Ég forma þetta eftir eigin hugmyndum, reynslu og getu og síðan verður eitthvað úr þessu. Þetta er eins og að leika djass, hann er imprvíseraður,“ segir Daði Hinriksson, bifvélavirki, vélstjóri og bátasmiður. Daði hefur mikla trú á trefjaplasti, segir það vera geimaldarbyggingarefni sem muni verða keppinautur áls, timburs og stáls.

Trefjaplast er mikið notað í bílaiðnaði, í lestar, brúarsmíði, flugvélar, húsasmíði, gervilimi, vindmyllur, tanka, baðker og skipasmíði svo fátt eitt sé nefnt. „Formúlu 1 bílarnir eru allir smíðaðir út trefjaplasti. Vissirðu það? Veiðistöngin þín er úr trefjaplasti, þess vegna er hún svona sterk og sveigjanleg. Óperuhúsið í Sydney. Öll björgunarskýlin á Íslandi sem aldrei skemmast og aldrei fjúka eru úr trefjaplasti,“ segir Daði og minnist sérstaklega á hús úr trefjaplasti sem byggt var í Surtsey fyrir tuttugu og tveimur árum. „Ef þú berð upprunalega litanúmerið við húsið í dag, þá sér ekkert á litnum eftir tuttugu ár!“ Daði hefur tröllatrú á framtíð trefjaplasts og hlakkar vísast til mögulegrar opnunar koltrefjaverksmiðju á Sauðárkróki 2012.

„Húsið verður allt hitað með gasi sem er sáralítill kostnaður við. Ég mun notast við saurtank alveg eins og þá sem reglur kveða á um að séu í bátum. Og á þakinu verður vindmylla sem framleiðir rafmagn en til vara hef ég ljósavél ef allt annað þrýtur. Ég ætla ekki að fara í Okurbú Vestfjarða eins og ég kalla það, ég ætla bara að notast við ferskt og nýtt rafmagn,“ segir Daði en hann er mjög óánægður með raforkuverð, sem er mun hærra á Vestfjörðum en annars staðar sökum flutningskostnaðar og fárra virkjana.

Spurður hvort hann sé umhverfisverndarsinni vegna þess hve sjálfbært húsið hans verður sýnist blaðamanni Daða verða hverft við spurningunni og hann líta á orðið umhverfissinni sem skammaryrði. „Nei, nei, ég er ekkert umhverfisverndarsinni. Þú átt að nýta orku landsins, það eru alveg hreinar línur, til hagsbótar fyrir þjóðarbúið í heild sinni. Mannskepnan lifir hérna eins og dýrin sem heyja harða lífsbaráttu til að komast af í köldu og hrjóstrugu landi. En mér finnst að við eigum að lifa á landinu og ganga um það eins og menn, en ekki eins og skepnur,“ segir Daði og tekur dæmi af rjúpnaskyttum sem skilja rjúpurnar eftir hálfdauðar og sundurskotnar úti um alla móa. „Ég mundi aldrei fara að bjarga týndri rjúpnaskyttu því ég veit að meiripparturinn af þeim hagar sér svona.“ Daði stefnir á að halda reisugilli næsta sumar og segist ætla að ljúka sínum æviferli í kúluhúsinu sínu. Það hljóti að endast honum því það getur staðið í áttatíu ár án þess að þurfa neitt viðhald.

*niels@frettabladid.is*



Daði hjá Glódísi sem stendur við Hafnarfjarðarhöfn. Daði átti einusinni og byggði alveg eins bát. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Neyðarskýli og radarstöðvar sem standa af sér öll veður eru búin til úr trefjaplasti

FRAMTAK
BLOSSI ehf
Eldsneytissíur og síuhús
Vesturhrauni 1-210 Garðabæ Sími 535 5850-www.framtak.is

ICE LOGIC
NÝJA KÆLISKÁPALÍNAN FRÁ SNAIGÉ
Sparneytinn svo af ber, orkuflokkur A+
Þeir gerast ekki lágværari, aðeins 40dB
"Anti -bacterial protecting system"
Bakteríudrepandi húðun með silfurjónum á innra byrði
Fullkomin varahluta- og viðgerðarþjónusta (eigið verkstæði).
Ný sending á frábæru jólatilboðsverði
SNAIGÉ gerð RF-32
HxBxD 176 x 60 x 62 cm
Rými 233 ltr. kælir, 54 ltr. frystir
Hvítur 119.900,- Stál 159.900,-
Þetta er skápur sem margir hafa beðið eftir, stór 233 ltr. kælir að ofanverðu og góður 54 ltr. frystir að neðanverðu.

| Aðrar gerðir og litir | Mál í cm. H x B x D | Rými ltr. kælir / frystir | Jólatilboðs-verð |
|---|---|---|---|
| C-140 hvítur | 85x56x60 | 127 | 64.400 |
| C-290 hvítur | 145x60x60 | 275 | 82.300 |
| R-130 hvítur | 85x56x60 | 97 + 17 | 71.000 |
| RF-27 hvítur | 150x60x62 | 173 + 54 | 109.100 |
| RF-27 stál | 150x60x62 | 173 + 54 | 136.200 |
| RF-36 hvítur | 195x60x62 | 233 + 88 | 125.900 |
| F-100 hvítur | 85x56x60 | 129 | 75.900 |
| F-245 hvítur | 145x60x60 | 205 | 98.700 |

Opið:
Mán-föst. 10-18
Laugardaga 11-16
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

Jólagjöfin í ár
Denise Prjónasettin 15% afsláttur
Bleik sett 9.069
Blá sett 8.458
- lífstíðar ábyrgð
Garnbúðin.is

HEILSA
Þriðjudaga

FASTEIGNIR.IS
7. TBL. 21. DESEMBER 2009
vísir.is
FRÉTTABLAÐIÐ


Fasteignasala fólksins
Starfsfólk Heimilis óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
heimili FASTEIGNASALA
Skipholti 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is

# Séríbúð á neðri hæð

**Heimili fasteignasala hefur til sölu mikið endurnýjað einbýlishús í Rauðagerði.**

Húsið í Rauðagerði er mikið endurnýjað með 100 fm aukaíbúð á neðri hæð. Húsið er skráð 296 fm með innbyggðum 34 fm bílskúr. Húsið stendur á 865 fm lóð í botnlanga á skjólgóðum og rólegum stað.

Komið er inn í flísalagða forstofu með fatahengi. Úr forstofu er einnig inngangur í íbúðina á neðri hæðinni. Inni af forstofu er þvottahús. Teppalagður stigi liggur upp á efri hæðina. Þar eru öll loft tekin upp og því mikil lofthæð. Stórt hálfopið eldhús er með flísalögðu gólfi og fallegri innréttingu. Eldhús er skilið frá stofu að hluta með arni. Stofa er parkettlögð með útgang út í sólstofuna. Vinnuhol með parketti á gólfi. Svefnherbergisgangur er parkettlagður. Hjónaherbergið er með fataskápum og parketti á gólfi. Baðherbergi er nýlega endurbætt og flísalagt í hólf og gólf. Tvö barnaherbergi eru með parketti á gólfi og fataskápur í öðru. Sólstofan er flísalögð og með heitum potti. Frá sólstofunni er gengið út á afgirtan sólpall og þaðan í afgirtan fallegan garð.

Á neðri hæð er stór þriggja herbergja íbúð með sérinngangi. Tvö stór svefnherbergi eru parkettlögð með fataskáp í öðru. Baðherbergi er flísalagt með sturtuklefa, vaskinnréttingu og tengi fyrir þvottavél. Eldhús er með flísalögðu gólfi og nýlegri innréttingu. Stór stofa er með nýlegu parketti á gólfi.

Í boði eru makaskipti á minni eign.


Húsið stendur í botnlanga á skjólgóðum stað.

Atvinnuhúsnæði
- Kaup eða leiga
Óska eftir að kaupa eða leigja 1.400 – 1.600 fm atvinnuhúsæði fyrir heildverslun á höfuðborgarsvæðinu.
Er með 600 fm eign í Suðurhrauni 12 C, Garðabæ í uppítöku eða gagnkvæma leigu.
Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Ágúst í síma 8936447 eða agust@icewear.is

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið

FOLD FASTEIGNASALA
Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00
Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is
Viðar Böðvarsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
Þjónustusími sölumanna eftir lokun 694 1401

Hæðir


**Skjólbraut hæð með Bílskúr**. 120 fm eign innst í lokaðri götu. Tvö svefnherbergi og góð stofa. Gróinn garður. Göngufæri í sundlaug og verslanakjarna. **Gott verð 22,9 millj.** 7864


**Digranesvegur - 200 Kópavogur - Aukaíbúð.**
Falleg 180fm sérhæð á frábærum útsýnisstað í Kópavogi - bílskúr og aukaíbúð í suðurhlíð Kópavogs. Glæsilegt útsýni, nýlegt eldhús, stórar svalir, mjög vönduð eign á besta stað. **Verð 37,5 millj.** 7340

VANTAR Á SKRÁ
• Aukin eftirspurn er eftir skrifstofu og verslunarhúsnæði frá 100-600 fm.
• Fjárfestir óskar eftir 2ja aða 3ja herbergja íbúð í 107 eða 101. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign.
• Höfum fjársterkan kaupanda að einbýlishúsi, raðhúsi eða góðri sérhæð í austurbæ Reykjavíkur, verð allt að 65 millj.

Eldri borgarar


**Grandavegur-Íbúð fyrir 60+: Gott verð**
Ca. 87 fm. íbúð á 5. hæð í vönduðu húsi fyrir eldri borgara v. Grandaveg. Rúmgóð stofa og yfirbyggðar suðursvalir, 2 svefnherbergi, þvottahús innan íbúðar. Laus strax.
**Gott verð 18,9 millj.**

Atvinnuhúsnæði


**Laugavegur - skrifstofa til leigu**
**101 Reykjavík**
Til Leigu er ca. 75 fm. skrifstofuhúsnæði á annari hæð í nýlegu húsi á miðjum Laugavegi. Vönduð eign sem er laus nú þegar.
**Leiguverð kr. 125.000.- pr mánuð.**

Gleðileg Jól!

Eignir vikunnar

Ásvallagata – hæð og ris


Íbúð á efri hæð og í risi í reisulegu vel staðsettu húsi við Ásvallagötu.
Á hæðinnni eru stofur, 1 svefnherbegi eldhús og bað. Í risi eru 2 svefnherbergi, þvottaaðstaða og stórt opið rými. Eigninni fylgir auk þess rúmlega 35 fm skúr með fjölbreytilega nýtingarmöguleika. **Lækkað Verð 33,9 millj. Skipti á minni eign möguleg.**

Ljósvallagata – 4ra herbergja íbúð


Ca. 80 fm björt og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á besta stað í gamla vesturbænum. Skiptist í 2 svefnherbergi, 2 stofur, eldhús og baðherbergi.

**Gott verð 20 millj.**

Hvað kostar eignin mín? – Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**

**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

*Óskum viðskiptavinum okkar nær og fjær og landsmönnum öllum gleðilegra jóla*

**ATVINNUHÚSNÆÐI ÓSKAST**

**HÖFUM KAUPENDUR AÐ ATVINNUHÚSNÆÐI SEM ÞURFA VEGNA SKATTAÁLAGA AÐ FJÁRFESTA FYRIR NK. ÁRAMÓT. ÆSKILEGT ER AÐ VIÐKOMANDI EIGNIR SÉU Í ÚTLEIGU. LEITIÐ UPPLÝSINGA Á SKRIFSTOFU.**



### Viðarás.

Fallegt og nýlegt einlyft 172,5 fm raðhús að meðtöldum 28,2 fm bílskúr í Selásnum. Stórt eldhús með innréttingu úr kirsuberjaviði og vönduðum tækjum, rúmgóðar stofur þar sem gert er ráð fyrir arni og 4 herbergi. Hiti er í gólfum í hluta hússins. Geymsla innaf bílskúr. **Útgangur á verönd til austurs, suðurs og vesturs úr stofum og eldhúsi. Verð 44,9 millj.**



### Fannafold.

Falleg og vel staðsett 209,7 fm einbýlishús að meðt. 25,9 fm bílskúr. Eignin skiptist m.a. í stórar stofur með mósaiklögðum arni og útgangi í nýlega sólstofu, rúmgott eldhús með eyju og góðri borðaðstöðu, 3 herbergi auk fataherbergis og 2 baðherbergi. Fallegt útsýni er úr stofum að Snæfellsjökli, út á sundin og víðar. **Lóð hússins er nánast viðhaldsfrí með miklum veröndum, móum og möl. Verð 54,9 millj.**



### Jafnakur-Garðabæ.

Glæsilegt 243,0 fm einbýlishús að meðt.33,1 fm bílskúr á þessum eftirsótta stað. Húsið er innréttað á afar vandaðan og smekklegan hátt og skiptist m.a. í rúmgóða stofu með allt að 4ra metra lofthæð, opið eldhús, sjónvarpsstofu, 4 herbergi og baðherbergi auk gesta snyrtingar. Allar innréttingar sérsmíðaðar. Aukin lofthæð er í húsinu að hluta og innfelld lýsing. Arkitekt hússins er Gunnar Páll Kristinsson. **Innanhúsarkitekt Guðbjörg Matthíasdóttir. Verð 80,0 millj.**



### Leiðhamrar.

280,9 fm tvílyft einbýlishús að meðt. 60,9 fm bílskúr sem skiptist m.a. í eldhús, stofu/borðstofu, 4 svefnherbergi, sjónvarpsstofu með arni og 2 baðherbergi. Stórar svalir úr stofu og eldhúsi. **Húsið er mjög vel staðsett við óbyggt svæði og nýtur mikils útsýnis frá húsinu yfir sundin og Esjuna. 1.064 fm ræktuð lóð með timburverönd og heitum potti. Verð 79,0 millj.**



### Miðleiti-eldri borgarar. TIL SÖLU EÐA LEIGU.

111,4 fm 3ja - 4ra herb. endaíbúð á 2. hæð fyrir 55 ára og eldri. Samliggjandi stofur með útsýni, 2 svefnherbergi, sjónhvarpsherbergi, eldhús og marmaralagt baðherbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. Yfirbyggðar flílsalagðar svalir og þaðan útgangur á opnar svalir. Sér stæði í upphitaðri bílageymslu. Mikil sameign m.a. matsalur og gufubað. **Laus til afhendingar strax.**



### Strandvegur-Sjálandi Garðabæ. 3ja herb.

Vel skipulögð 77,2 fm 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sér verönd og sér stæði í bílageymslu. Rúmgóð stofa, eldhús opið við stofu og 2 rúmgóð herbergi. úr hjónaherbergi er útgangur á verönd með skjólveggjum. **Þvottaherb. innan íbúðar. Verð 22,9 millj.**



### Ásakór-Kópavogi. 3ja herb. Laus strax.

Falleg og björt 107,4 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð auk 7,5 fm geymslu í nýju lyftuhúsi. Stofa og eldhús í opnu rými, 2 góð herbergi með fataherbergi innaf og flílsalagt baðherbergi. Flísalagðar svalir. Þvottaherbergi innan íbúðar. **Eignin er laus til afhendingar strax. Verð 26,5 millj.**



### Kríunes- Garðabæ.

Glæsilegt og mikið endurnýjað 407,0 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 46,9 fm innb. tvöf. bílskúr. Eignin er mikið endurnýjuð m.a. eldhús, baðherbergi og gólfefni að stórum hluta. Eignin skiptist m.a. í stórt eldhús, samliggjandi stofur með aukinni lofthæð, arinstofa, 5 herbergi og 3 baðherbergi. Lóð öll endurnýjuð með veröndum, flísa- og hellulögn. Hiti innkeyrlsu og stéttum framan við hús. **SKIPTI Á MINNI EIGN KOMA TIL GREINA. Verðtilboð.**



### Miðbraut-Seltjarnarnesi.

Glæsileg 139,7 fm efri sérhæð ásamt tvöf. jeppaskúr. Hæðin skiptist í hol með miklum skápum, rúmgott eldhús með nýrri innréttingu, bjartar samliggjandi stofur, 3 góð herbergi og baðherbergi. Flísalagðar svalir til suðurs og vesturs. **Glæsilegt útsýni að Snæfellsjökli, Reykjanesi og til sjávar. Ræktuð lóð með skjólgóðri verönd. Verð 45,9 millj.**



### Norðurbrú-Sjálandi Garðabæ. 2ja herb.

70,3 fm 2ja herb. íbúð á jarðhæð að meðtalinni 7,3 fm sér geymslu við hlið íbúðar. Allar innréttingar og innihurðir eru úr eik. Eikarparket á gólfum. **Stór suðvesturverönd með skjólveggjum út af stofu. Verð 20,9 millj.**



### Freyjugata. 2ja herb.

Falleg 64,4 fm íbúð með sérinngangi og sér þvottaherb. í Þingholtunum. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. nýleg innrétting í eldhúsi og nýlegt gler í gluggum. Opið eldhús, rúmgóð stofa og herb. með mikilu skápaplássi. **Hús nýlega viðgert og málað að utan. Verð 18,9 millj.**



FASTEIGNASALAN fasteign.is

SÍMI 590 0800



*Starfsfólk fasteign.is óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða*

*Ólafur Björn Blöndal lögg.fasteigna-fyrirtækja- og skipasali.*



HÚSIÐ FASTEIGNASALA - *heilsbugar um þinn hag* -

## Krókháls 16 – Til Leigu



- Stærð 3,520fm. Leigist í einu lagi eða smærri einingum
- Frábært auglýsingagildi við Suðurlandsveginn, stór lóð og mikið útipláss
- Mikil lofthæð, 12 stórar innkeyrsluhurðar
- Fullkomið öryggis- og brunavarnakerfi

**Nánari upplýsingar veitir Agnar Agnarsson lögg. miðlari í s. 820-1002**

Suðurlandsbraut 50 • Sími: 513-4300 • Fax : 513-4301 • husid@husid.is



VALHÖLL FASTEIGNASALA

*Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479*

## Glæsilegt raðhús með útsýni í Skjólsölum Kópavogi



Fjögur rúmgóð svefnherbergi og tvö fullbúin baðherbergi.Rúmgóð stofa, eldhús með fallegri innréttingu. Vandaðar eikar innréttingar og gólfefni. Upphitað bomanite bílaplan, pallur og heitur pottur. Eignir er vel innréttuð og frágengin í alla staði Verð 55,9. Möguleiki á skiptum á eign í Hlíðunum, 105 Rvk. **Upplýsingar gefa : Sigþór S: 899 9787. sb@valholl.is, Jón Rafn S: 695 5520. jonrafn@valholl.is**

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**



vísir.is

*"...ég sá það á vísi"*



## Fasteignaauglýsingar í Fréttablaðinu

Sölumenn:

**Viðar Ingi Pétursson**
Sími: 512-5426
vip@365.is

**Hrannar Helgason**
s. 512 5441
hrannar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Jólaþorpið í Hafnarfirði

JÓLAÞORPIÐ Í HAFNARFIRÐI - njóttu þess með okkur



Jólaþorpið í Hafnarfirði á sjö ára afmæli. Þorpið hefur risið á aðventunni á hverju ári frá 2003 og er nú orðinn ómissandi þáttur í jólahátíð Hafnfirðinga og annarra landsmanna. Þorpið samanstendur af fagurlega skreyttum jólahúsum þar sem boðið er uppá handverk, hönnun, heimabakaðar kökur, heimagerð jólakort, konfekt, sultur og annað góðgæti, handmáluð kerti, jólakúlur, myndlist, skartgripi og að sjálfsögðu kakó og vöfflur.



Margir leggja hönd á plóg við að gera þorpið sem best úr garði og t.a.m. skreyta leikskólabörn Hafnarfjarðar jólatrén sem umlykja þorpið með fallegu hlutunum sem þau hafa búið til á aðventunni. Tekið var á móti 600 leikskólabörnum sem stolt lögðu leið sína í þorpið til að skreyta. Það er því virkilega fallegt um að litast í Jólaþorpinu og fjölbreytt skraut.



Fjölbreytt skemmtidagskrá er á Jólasviðinu til þess að létta lund og fá gesti í jólaskap. Jólasveinar eru alltaf á ferli og á gægjum enda er mamma þeirra hún Grýla allsráðandi í þorpinu, sér um að allir hagi sér vel og kynnir skemmtikrafta á sviðið.



# 21.DES
## kl.19-21

904-1000 kr. 1.000
904-2000 kr. 2.000
904-3000 kr. 3.000
Frjáls framlög www.jolagjofin.is




**JÓLAGJÖFIN** rennur óskert í einn sjóð og skiptist jafnt á milli eftirtalinna félaga: Mæðrastyrksnefnda ABC-barnahjálpar Rauða krossins Stígamóta ENZA

Jólaþorpið Hafnarfirði

# STYRKTARTÓNLEIKAR
## ABC - MÆÐRASTYRKSNEFND - RAUÐI KROSSINN - STÍGAMÓT - ENZA

**Á Íslandi starfa 5 mæðrastyrksnefndir sem hafa það sameiginlega markmið að klæða og fæða þá sem þurfa. Áherslan hefur verið á einstæða foreldra en við hafa bæst eldri borgarar, yngra fólk og fólk af erlendu bergi brotið.**

**Fólkinu sem þarfnast aðstoðar hefur fjölgað verulega. Aðsóknin hefur án efa tvöfaldast, jafnvel meira.**

**Mikill styrkur er í því að finna stuðning frá fyrirtækjum, félagasamtökum og síðast en ekki síst frá einstaklingum. Nefndirnar sem starfa í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Akranesi og Akureyri treysta áfram á stuðning þjóðarinnar.**

## MÆÐRASTYRKSNEFNDIR

## FYLGSTU MEÐ Í OPINNI DAGSKRÁ
## 2 ÍSLAND Í DAG JÓLAÞORPINU HAFNARFIRÐI
**BEIN ÚTSENDING 21.DES. kl.18:55-19:25**

Jóla gjöfin jolagjofin.is

AÐAL KOSTUNARAÐILI TÓNLEIKANNA ER:
Rio Tinto Alcan
ISAL-STRAUMSVÍK

# 2 ÍSLAND Í DAG Í KVÖLD
## BEIN ÚTSENDING kl.18:55-19:25

**Jólaþorpið er stolt af því að taka þátt í styrktartónleikunum Jólagjöfin** og vonast til þess að sem flestir sjái sér fært að láta eitthvað af hendi rakna til þeirra góðgerðarfélaga sem þar taka höndum saman í söfnun fyrir jólin. Mætum öll á frábæra tónleika í þorpinu mánudagskvöldið 21. desember.

Í ár verður opið í Jólaþorpinu allar helgar til jóla kl. 13-18 og eins verður kvöldopnun síðustu dagana fyrir jól, mánudag-miðvikudags kl. 18-22.

Verið velkomin í Jólaþorp Hafnarfjarðar, Grýla tekur vel á móti ykkur og allir ættu að komast í jólaskap.



LYSI V.L.F. HLÍF Arion banki VERKÍS Verkfræðistofa AO ATLANTSOLÍA



# Jóla gjöfin

jolagjofin.is

**904-1000 kr. 1.000**
**904-2000 kr. 2.000**
**904-3000 kr. 3.000**

Frjáls framlög www.jolagjofin.is

# SÝNUM SAMSTÖÐU OG GEFUM JÓLAGJÖF ÞAR SEM ÞÖRFIN ER SEM MEST !

**JÓLAGJÖFIN** rennur óskert í einn sjóð og skiptist jafnt á milli eftirtalinna félaga: Mæðrastyrksnefnda + ABC-barnahjálpar + Rauða krossins + Stígamóta + ENZA

**abc barnahjálp**

ABC barnahjálp er íslenskt hjálparstarf sem snýst um að veita nauðstöddum börnum varanlega hjálp og vera farvegur fyrir framlög gjafmildra Íslendinga.
ABC barnahjálp rekur skóla fyrir 12.000 fátæk börn í Afríku og Asíu og veitir 4000 þurfandi börnum heimili. Vegna lágs gengis krónunnar er erfitt að láta enda ná saman og kemur það m.a. niður á máltíðum skólabarnanna.

Fyrir 1000 kr stuðning frá ykkur getum við gefið einu skólabarni máltíð daglega í heilan mánuð. Fyrir 2000 kr framlag getum við veitt einu barni skólavist í heilan mánuð. Meira á www.abc.is

**ENZA** – Stuðnur útskúfaðar mæður

Í fátækrahverfum Suður-Afríku reka íslenskar konur hjálparstarf fyrir mæður sem neyðast til að gefa nýfætt barn sitt til ættleiðingar. Ástæðurnar eru oftast sárafátækt og/eða útskúfun. Í mörgum tilfellum er konunum nauðgað, en hvergi í heiminum eru nauðganir fleiri. Ef konan verður barnshafandi í kjölfarið er hún gjarnan gerð ábyrg fyrir nauðguninni og oft gerð brottræk úr samfélaginu. Enza hefur hjálpað konum í þessari stöðu að komast í tækifærin sem eru til staðar á svæðinu. Með tölvukennslu í Enza skólanum hefur sumum þeirra tekist að fá vinnu. Þannig geta þær séð fyrir sér - og jafnvel öðrum - og orðið í leiðinni fyrirmyndir annarra kvenna í fátækrahverfunum.

Draumur okkar í Enza er að geta byggt hús sem verður tímabundið heimili fyrir stúlkurnar á meðan þær eru að fóta sig í tilverunni á ný. Fjárþörf Enza fyrir byggingu hússins, innbúi og rekstri í eitt ár er 6,5 millj.

**Stígamót**

Draumur Stígamóta er að geta endurvakið verkefnið „Stígamót á staðinn". Verkefnið fólst í því að ráðgjafar okkar flugu/ sigldu eða óku til fólksins okkar á sex stöðum utan höfuðborgarsvæðisins og snéru síðan aftur með leyndarmál þeirra. Starfsemi Stígamóta fór þannig fram á sjö stöðum á landinu. Mikil vinna var lögð í þetta kæra verkefni og alls staðar komust færri að en vildu.

Fjárhagsstaða Stígamóta versnaði mjög við kreppuna og þurfti m.a. að segja upp tveimur starfskonum og lækka laun, auk þess sem starfskonur skúruðu í vinnutímanum. Engin leið var til þess að halda úti svo dýrri og tímafrekri vinnu og verkefnið varð að leggja niður.
Sú ákvörðun var erfið, því það er vont að klippa á vinnuferli sem farin eru í gang.

Til þess að endurvekja megi starfið, þarf að safna a.m.k. 6 milljónum króna.

**MÆÐRASTYRKSNEFNDIR**

Mæðrastyrksnefndir um land allt hjálpa fyrst og fremst einstæðum foreldrum sem eru í erfiðleikum. Til Mæðrastyrksnefndar leitar alls kyns fólk sem þarfnast aðstoðar, t.d. fólk sem hefur misst vinnuna eða heilsuna, eða hafa einhverra hluta vegna lent í erfiðleikum. Fólk virðist yfirleitt vera rólegt og yfirvegað og ber sig vel þótt við vitum að líðanin sé ekki alltaf góð.

Aðsóknin hefur án efa tvöfaldast á árinu 2009 jafnvel meira. Við hafa bæst eldri borgarar, öryrkjar og einstæðir atvinnulausir erlendir karlmenn. Greinilegt er að fólk er meira vakandi fyrir réttindum sínum og hvar aðstoð er að finna.

Markmiðið er að geta veitt aðstoð til þeirra sem leita til okkar.

Það er mikill styrkur fyrir okkur á þessum tímum í því að finna stuðning frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum.

**RAUÐI KROSS ÍSLANDS**

Hjálparsími Rauða krossins 1717 er símaþjónusta fyrir fólk í vanda. Þar er veitt ráðgjöf til fólks á öllum aldri sem þarf á stuðningi að halda t.d. vegna þunglyndis, kvíða eða vanlíðunar.

Öll getum við átt erfið skeið í lífinu og orðið fyrir áföllum, þá er gott að vita af einhverjum sem er tilbúinn að hlusta og veita sálrænan stuðning.

Með framlagi þínu gerir þú okkur kleift að halda áfram á sömu braut, að veita ókeypis sólarhringsþjónustu fyrir þá sem þurfa að létta á hjarta sínu.

Við hvetjum landsmenn til að horfa á Ísland í dag í kvöld kl. 18:55 - 19:25 á Stöð 2 og gefa með okkur veglega jólagjöf.

Við þökkum öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóginn til að gera þessa tónleika og söfnun á Stöð 2 að veruleika. Allir sem koma fram gefa sína vinnu.

Sérstaklega þökkum við Rio Tinto Alcan sem gerði okkur m.a. mögulegt að auglýsa söfnunina og tónleikana.

**Jólaþorpið í Hafnarfirði**
Tónleikar í kvöld kl. 19-21

AÐAL KOSTUNARAÐILI SÖFNUNARINNAR ER
**Rio Tinto Alcan**
ISAL-STRAUMSVÍK




Jólaþorpið í Hafnarfirði

Dagskrá kvöldsins 21. des.
Bein útsending á Stöð 2 í Íslandi í dag kl. 18:55
19:00 Stebbi Hilmars, Sigga Beinteins, Raggi Bjarna, Egill Ólafsson
19:20 Ellen Kristjáns
19:35 Buff
19:50 Stebbi Hilmars, Sigga Beinteins, Raggi Bjarna, Ólafur Már og Ívar Helgason, Alan Jones
20:25 Tríó Vadim Fyodorov
20:35 Regína Ósk
20:50 Greifarnir
Lok 21:05




Ljósprent
Garðatorgi 3
www.ljosprent.is

FJÖRÐUR
Súfistinn Kaffi & Te
RÚMFATA LAGERINN
SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk








## Lífsgæði og framtíð unga fólksins

Íslendingar búa að því öðrum þjóðum framar að geta gengið að hreinu og tæru neysluvatni, heitu jarðvarmavatni til húshitunar og baða og umhverfisvænni raforku fallvatnsvirkjana og gufuaflsvirkjana. Hlutverk Set hefur verið að þróa og framleiða lagnakerfi til að koma þessum auðlindum til notenda.

Set leggur metnað sinn í nýsköpun, vöruþróun og fræðslustarf fyrir viðskiptavini og starfsfólk fyrirtækisins.
Tæknilega fullkomin, öflug og afkastamikil verksmiðja og þjónusta við lagnaiðnaðinn er undirstaða þess að viðhalda innlendri framleiðslu, þekkingu og atvinnusköpun.

Set hefur alþjóðlega gæðavottun skv. ISO 9001.






Árið 2008 bárust Hjálparsímanum 21.627 símtöl. Þetta ár hafa borist 24.000 símtöl. Flestir sem hringja eru að leita eftir sálrænum stuðningi vegna geðraskana, þunglyndis, kvíða, fjárhagsvanda eða einmanaleika.

280 hringingar bárust í fyrra vegna sjálfsvígshugleiðinga. Þá var verið að hringja vegna eigin vanlíðunar en einnig vegna ættingja eða vina í sjálfsvígshættu. Í ár hafa borist tæplega 200 slík símtöl.

Starf sjálfboðaliða er kjarninn í starfsemi Hjálparsíma Rauða krossins. Með sjálfboðnu starfi gefst meðal annars tækifæri til að láta gott af sér leiða, fá fræðslu um sérhæfð málefni og öðlast reynslu sem nýtist út lífið.

# HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS 1717

**Hjálparsími Rauða krossins er í samstarfi við Landlæknisembættið, geðsvið Landspítala og Neyðarlínuna.**

**Hvert er hlutverk Hjálparsíma Rauða krossins 1717?**
Meðal markmiða Hjálparsímans er að hlusta á og veita ráðgjöf til fólks á öllum aldri sem þarf á stuðningi að halda t.d. vegna þunglyndis, kvíða eða vanlíðunar. Hlutverk Hjálparsímans 1717 er einnig víðtækara og felur m.a. í sér að vera til staðar fyrir einmana fólk og veita upplýsingar um samfélagsleg úrræði.

**Er opið hjá Hjálparsímanum 1717 yfir hátíðarnar?**
Já, hjá okkur er opið allan ársins hring og það er sólahringsopnun alla hátíðisdagana hjá 1717. Fyrir jól og áramót er einnig að hægt að fá upplýsingar um matarúthlutanir, ókeypis hátíðarmálsverði og opnunartíma ýmissa athvarfa.

**Hverjir svara í Hjálparsímann?**
Það starfar rúmlega 100 manna hópur sjálfboðaliða og starfsmanna við svörun hjá 1717. Allir hafa farið í gegnum yfirgripsmikla fræðslu, námskeið og þjálfun áður en þeir byrja. Þeir sem starfa við þetta eiga það sameiginlegt að vilja vera til staðar fyrir náungann. Margir sjálfboðaliðar bjóða sig fram til að taka vaktir á jólum og áramótum.

**Hringja margir á þessum tíma?**
Í fyrra bárust samtals um 250 hringingar frá þorláksmessu fram á annan í jólum. Tæplega 200 símtöl bárust á gamlárs- og nýársdag og voru þeir sem hringdu afar þakklátir fyrir að geta rætt við einhvern um mál sín á þessum tíma árs sem er sumum erfiður. Ástæður þess geta verið margvíslegar svo sem missir ástvina á árinu, fjölskylduerjur, þunglyndi, neysla, einmanaleiki eða fátækt. Gera má ráð fyrir að jafnvel enn fleiri muni nýta sér þjónustu Hjálparsímans yfir hátíðarnar í ár. Númerið er gjaldfrjálst úr öllum símum og ekki kemur fram á símreikningi að hringt hafi verið í númerið. Einnig er hægt að hringja í 1717 án inneignar í gsm símum.

**Fjölgaði hringingum í kjölfar efnahagsþregninganna?**
Já símtölum fjölgaði gífurlega í kjölfar bankahrunsins og þá sérstaklega símtölum er snéru að fjárhagsvanda. Fjöldi símtala í október 2008 var 46% hærri en sama mánuð árið áður. Fjöldi símtala hefur haldist svipaður í ár og greinilegt að margir eiga um sárt að binda til dæmis vegna atvinnumissis og erfiðrar skuldastöðu. Margir sem hringja eru kvíðnir framtíðinni, reiðir og vonlitlir. Fólk talar um að því finnst gott að létta á hjarta sínu við einhvern í trúnaði og hjá Hjálparsímanum er hægt að fá upplýsingar um starfsemi, þjónustu og úrræði í samfélaginu. Margt stendur fólki til boða sem stendur á tímamótum og oft þarf einungis hvatninguna til að kynna sér það betur.

Rauði kross Íslands

Síminn

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar




JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4. Árgerð 2006, ekinn aðeins 47 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.242358.Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar.WWW.BÍLALÍF.IS

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.**
**www.bilalif.is**

100 bílar.is bílasala




Range Rover Sport HSE V8 dísel , árg.2008, ek. 43þús.km, 273 hö, sjálfsk, leður, lúga, krókur, Stór glæsilegur umboðsbíll hlaðinn búnaði, Ásett verð 10500þús.kr!bíllinn er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Til sölu BMW 523 IA árg. 1999 ek. Aðeins 110þ km. Sjálfskiptur, svart leður, topplúa, Bíllinn er sem nýr að utan og innan. Verð. 1190þ. Uppl. Í s. 664 8363.



M. Benz 300E '92 nýsk. Nýjir klossar, ssk. . V. 325þ. Tilboð 275þ. S. 844 1720.



Toyota Corolla árg. '98 1600cc beinskiptur, ek. 196 þ, sk. '10. Verð 360 þ. Uppl. s. 868 8565.



9 sæta 4x4 Volkswagen Transporter árgerð 2005 disel 6gíra 110þkm s. 696 1050, oksparessimnet.is



Til sölu Nissan Terrano II 7 manna árg. '00 ek. 205. beinskiptur með dráttarkrók 2,7 dísel. Góður bíll. Fæst á 700þ. sk. '10 Uppl. í s. 820 5207.



Til sölu Ford Expedition Eddie Bauer árg. 09/'04 Umboðsbíll 8 manna ek. 48þ.km. Ásett verð 3,800þ. fæst á 3,000þ. Uppl. í s. 659 1380.

### 0-250 þús.

**Ódýr 4x4 Lancer station**
Lancer Station 4x4 árg.93 Krókur skoðaður 2010 Sími: 8919847

TIL SÖLU OPEL ASTRA STATION 1996. VERÐ 180ÞÚS. S.867 0783

Honda Civ árg. '98, 4 dyra sedan, sjálfskiptur, sk. '10 ek. 199 þús. Verð 245 þús. S. 845 8562

### 250-499 þús.



**350.000 sjálfskiptur 4X4**
Daihatsu terios 99" ek. 130þ. nýleg nagladekk , ný skoðaður nýtt í bremsum, eyðir littlu! tilboð 350þús uppl. s. 773-1700.

### 1-2 milljónir



Nissan PRIMASTAR árg.2006 ek.62.000 km. Mjög vel með farinn, í toppstandi. Hillukerfi uppsett. Uppl. sími:690-3408 Verð: 1.790.000+vsk.

### Bílar óskast

**Mazda eða Golf óskast!**
Árg. 1998-2001 fyrir 100-250 þúsund. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821 2545.

Óska eftir að kaupa VW Transporter og Caravelle. Disel, '99-'00 árg. Má þarfnast lagfæringa. Verður að vera með sætum. S. 868 4432 & 845 3173.

Óska eftir að kaupa Renault Master sendibíl árg. '00-'01 þarf ekki að vera gangfær. S. 699 7887.

### Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

### Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

### Fjórhjól




Frábær fjórhjól á betra verði. Eigum til fjórhjól frá 799 þús Fjórhjóladrifin, sjálfskipt, vatnskæld og áreiðanleg. VDO Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

Fjórhjól óskast keypt, Polari Sportman eða sambærilegt. Lítið ek. ekki eldra en árg. '07. S. 893 7113.

### Reiðhjól

Fjallahjól! Til sölu 26" Mongoose, mikið endurnýjar skv. nótum. Kreppuverð. S. 897 9218.

### Vélsleðar




### Lyftarar




### Bátar

Jólagjafir frá 3900kr, www.gummibatar.is Kayak, siglingar, Jet-Ski, sjósund eða brimbrettasport? Jólagjöfin fæst hjá okkur. Fullt af vörum á síðu. Gúmmíbátar & Gallar,S:5711020

Sennilega ódýrustu skrúfurnar á markaðnum Útvega koparskrúfur á allar gerðir báta, beint frá framleiðanda upplýsingar á www.somiboats.is Óskar 0046704051340.

Óska eftir grásleppuleyfi, netaúthaldi, netaspili á 8 tonna bát. S. 421 3650 & 822 3651.

Óska eftir snyrtilegum skemmtibát með lúkar, undir 6 metrum þarf að ganga minnst 15 mílur. Verð allt að 3,5m stgr. S 8936959.

### Bílaþjónusta




### Varahlutir

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa Swift 05-09, Grand Vitara '05 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, almera '99, Peugot 306 '98. Kia Spotage '00, Jeep Grand Cheroke 4,7 '99 Kaupum bíla í niðurrif.

**www.netpartar.is Bílapartasala**
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

**Varahlutir s. 772 6777**
Renault Megane árg. '96-'09. Peugeot 307, Peugeot 406, Skoda Fabia, Mazda 626.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

## ÞJÓNUSTA

### Veislusalir

Leigjum veislusal, með eða án veitinga. Rúmar 120 manns í sæti. S. 696 2242.

### Jólaskemmtanir




Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, grylajolasveinarnir.is

### Hreingerningar

Atlö Þrif & Hreinlæti
Hreingerningar
Flutningsþrif
Gólfbónun
Teppahreinsun
Húsgaggnahreinsun
Sími: 662 0 662

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

**Teppahreinsun**
Tek að mér teppahreinsun fyrir húsfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Upplýsingar í s. 892 9499

### Bókhald

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

### Vöruflutningar

**Tilboð á sendibílaþjónustu**
Ódýrari flutningar. S. 892 6363 og á www.vefsida.is/skutlari.

### Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Jólatilboð
- 15% afsláttur
af málingu, málingarvinnu og trésmiðavinnu í desember.
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. kristjan@vidhald.is




**Glerjun og gluggaviðgerðir**
Viðgerðir og viðhald á gluggum, glerskipti. Glugga og hurðaþjónustan s. 895 5511 smidi.is

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

### Stífluþjónusta

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

### Tölvur

**Tölvuviðgerðir frá Kr. 3900**
Við tengjumst við skjáinn þinn og leysum tölvuvandamálin. Nánar á www.midnet.is Opið 18-24 alla virka. Miðnet ehf. S 564-0690.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

### Nudd

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s. 857 5024.

Whole body massage. S. 696 4399.

### Spádómar

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO




ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
SPÁMIÐILL
-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Skemmtanir

Leigjum út veislusal sem rúmar 120 í sæti. Fyrir þorrablót, giftingar ofl. Með eða án veitinga. Hestamannafélagið Gustur. Uppl. í s. 897 8573.

### Rafvirkjun





Listakonan Alice Olivia Clarke hefur hannað endurskinsblóm úr íslenskum lopa sem hún kallar Tírur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



TÍRURNAR eru handgerðar úr íslenskum lopa og engar tvær eru eins.

# Heklaðar ljósTÍRUR lýsa upp fólk í myrkrinu

**Alice Oliviu Clarke blöskraði hvað Íslendingar eru ósýnilegir í myrkrinu og ákvað að hanna falleg endurskinsmerki. Þau eru hekluð úr íslenskum lopa og með sjálflýsandi hnapp í miðjunni.**

TÍRA eru hekluð endurskinsblóm, handunnin í Hafnarfirði úr íslenskum lopa og endurskinsþræði, þannig að engar tvær TÍRUR eru eins. Í miðjunni er svo sjálflýsandi hnappur til að auka enn á endurskinið. Hönnuðirnir eru mósaíklistakonan Alice Olivia Clarke og maðurinn hennar, Kári Eiríksson arkitekt, sem reka saman aok-design en hugmyndin hefur verið í vinnslu í nokkur ár.

„Hugmyndin kviknaði þegar ég tók eftir því að fólk er ósýnilegt í myrkrinu hér á Íslandi og ég sá að það vantaði falleg endurskinsmerki,“ segir Alice. „Ég er myndlistarkona og geri stór mósaíkverk, til dæmis það sem er í bókasafni Hafnarfjarðar, og Kári hannaði Hótel Búðir, til dæmis.

Við tvö, sem erum vön að gera svona stóra hluti, slógum saman og gerðum eitthvað lítið og fallegt sem gerir eitthvað gott.“

Tírurnar voru fyrst kynntar á pop-up markaði í Hugmyndahúsi háskólans og skemmst frá því að segja að þær seldust nánast upp og greinilega margir sem vilja sameina öryggi endurskinsmerkjanna og fallega hönnun. Nú eru Tírurnar fáanlegar í epal. - bb

























# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu 2 vel með farnir lazyboy stólar, vínrauðir. S. 567 4114 & 892 8690.

## Heimilistæki

**Til sölu vegna flutnin**
AEG ísskápur, trommusett og sitthvað fleira. Símanr: 898-8030.

**Til sölu vegna flutnings**
AEG ísskápur, trommusett og sitthvað fleira. Símanr: 898-8030.

## Dýrahald

**BESTA JÓLAGJÖFIN-YNDISLEGIR LABRADOR-HVOLPAR TL SÖLU.**
11.vikna og tilbúnir til afhendingar strax eða eftir samkomul. Afhendum frítt heim á Þorláksmessu/aðfangadag á suðurlandi. Nánari uppl. S. 693 1185, 693 1886 eða heb.crewgmail.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

Falleg 2ja herb kjíbúð til leigu í R-109. Rólegt og gott hverfi. V.76þ. snemm-avisir.is

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

Til leigu einstaklingsíbúð við Vífilsgötu, sér svefnherbergi 67 þús á mán. tveir mán fyrirfr og trygg.víxill. uppl í s: 690-8466

**Miðbær með öllu**
Góð 3 herb. 90 fm íbúð til leigu. S. 860 0360.

Einbýlishús m/4 sv.herb. og bílsk. í Gbæ. Leiguverð 210 þ/mán. Uppl. S 7712099

Herbergi til leigu, frá 25 þús. til 50 þús. S. 895 2138.

120 Fm einbýlishús til leigu Kópavogi. 140 þús per mánuð og þrir mán fyrir-fram, gæludýr leyfð. nánari upplýsingar í síma. 772 6816 Guðmundur

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta. com eða annaliljastracta.com

## Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU 70m2 NÝL IÐNAÐARBIL Í GARÐABÆ GOTT PLAN GOTT AÐGENGI WC V85Þ S 8927858

Iðnaðarbil, frá 85 ferm og uppúr til leigu. Einnig til leigu rými á 2 hæð sem hentar fyrir létta starfsemi, lager og skrifstofur. Hagstæð leiga. uppl 822 4200.

Til leigu 416 fm atvinnuhúsnæði + 16 fm milliloft og glæsilegri aðstöðu fyrir framan, gott auglýsinga gildi á besta stað á smiðjuvegi. 2 stórar inn-keyrsludyr og 5 metra lofthæð bílalyfta loftpressur og fleira getur fylgt hentar vel undir bílaverkstæði eða þess háttar rekstur. Uppl. í s. 820 5207.

Bæjarlind 14-16 - Til leigu 2-400fm versl.-/skrifst.húsn. á jarðhæð. Innkeyrsludyr, næg bílastæði, góð aðkoma. S:895-5053 - Tilboð.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3-4 herb. íbúð á sanngjörnu verði. Get borgað 3-6 mán. fyrirfram. Helst í Hfj eða nálægt Hfj. S. 699 3587.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Eldsmiðjan**
Ertu eldri en 18 ára, hefur metnað og ert dugleg/ur? Kemur þér vel saman við 98% af fólkinu sem þú umgengst? Ertu tilbúin/n til að skuldbinda þig í aukavinnu? Kíktu á http://umsokn. foodco.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

## Til sölu




Okukennsla, aðstoð við endurtöku- 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll







próf og akstursmat. Kenni á BMW Andrésson.




## Til sölu

**Eigum til mikið af skóflum á minni beltavélar á frábærum verðum**



**Þrjár stærðir til á lager:**

400 mm breidd, 4 tennur
kr 22.000 +VSK

470 mm breidd, 4 tennur
kr 25.000 +VSK

1000 mm jöfnunarskófla
kr 29.000 +VSK

**Takmarkað magn!**



**Hyster P2.0**
2 stk til á lager

kr 890.000 + VSK



**Hyster P1.6**
4 stk til á lager

kr 490.000 + VSK



**Palfinger krani PK-16502**
Lyftigeta 16 tm

5 vökvaútskot,
1 handútdregið,
fjarstýring

kr 6.500.000 + VSK



**Pramac ES5000**
9.0 hp Honda mótor
230/380V

kr 195.000 + VSK

**Lyftaradekk á gömlum innkaupsverðum!**



**Eigum til allar stærðir og gerðir af lyftaradekkjum á gömlum innkaupsverðum og bjóðum nú 30% afslátt af öllum dekkjum!**

**VÉLAR ÞJÓNUSTA**
Járnhálsi 2 - 110 Reykjavík
Sími 5 800 200 - www.velar.is

## Atvinna

Íslandsbanki

# Opin\\n, jákvæð\\ur, hress og skemmtileg\\ur?

Vegna aukinna verkefna leitum við að opnum, jákvæðum, hressum og skemmtilegum sérfræðingum í hóp valinkunns starfsfólks Hugbúnaðarlausna Íslandsbanka. Þar starfa, auk verktaka, yfir 60 manns að þróun, viðhaldi og innleiðingu á upplýsingatæknikerfum fyrir bankann.

Þau sem hafa starfsreynslu hjá fjármálafyrirtækjum, konur jafnt sem karlar, eru sérstaklega hvött til að sækja um starfið.

### Helstu verkefni:

- Vöruhús gagna og viðskiptagreind
- Netbanki
- Lausnir fyrir eignastýringu
- Innleiðing kerfa, prófanir og verkefnastýring
- Ýmis önnur verkefni

### Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Góð enskukunnátta
- Vilji og geta til að vinna undir álagi og skila verkefnum innan tímamarka
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veita Arnþór Ingi Hinriksson, deildarstjóri Viðskiptalausna, sími 440 4373, netfang arnthor.hinriksson@islandsbanki.is, Kjartan Hrafn Kjartansson, deildarstjóri Vöruhúsa gagna og viðskiptagreindar, sími 440 4379, netfang kjartan.kjartansson@islandsbanki.is, og Ragnar Svanur Vilhjálmsson, deildarstjóri Markaðslausna, sími 440 4338, netfang ragnar.vilhjalmsson@islandsbanki.is.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 10. janúar næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is.

## Tilkynning

MOSFELLSBÆR

### Tungumelar, Breyting á aðalskipulagi

Forkynning

Í undirbúningi er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 vegna áforma um sérhæfða heilbrigðisstofnun og hótel í tengslum við hana á Tungumelum og um aukið framboð á stórum atvinnulóðum á þessu svæði.

Meginbreytingin felst í því að athafnasvæði skv. gildandi aðalskipulagi Köldukvíslarmegin á Tungumelum, sunnan Fossavegar, stækkar til vesturs, suðurs og austurs úr 7,5 ha í 23 ha, og landnotkun þar verður skilgreind sem blanda af athafnasvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir.

Kynning á tillögunni, markmiðum hennar og forsendum, sbr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga, stendur nú yfir á heimasíðu Mosfellsbæjar, www.mos.is. Tillagan er einnig til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 1. hæð. Athugasemdum og ábendingum má koma á framfæri við undirritaðan (netfang: finnur@mos.is).

Stefnt er að því að fullbúin tillaga verði lögð fyrir bæjarstjórn fyrrihluta janúar 2010. Hljóti hún samþykki, verður næsta skref í skipulagsferlinu að auglýsa hana skv. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga með 6 vikna athugasemdafresti.

18. desember 2009

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



MYNDARLEG JÓL

Visir.is og Sony Center kynna Ljósmyndakeppni

Fangaðu skemmtilegustu augnablikin úr jólaundirbúningnum og sendu okkur þína bestu mynd. Vegleg verðlaun í boði.

Vinningur: Hágæða myndavél frá Sony, andvirði kr. 114.990.-

Skilafrestur er til 6. janúar




visir.is ...í jólaskapi

Sony Center sense

# DVD OG BARNABÆKUR ERU ÓDÝRARI Í OFFICE 1





Fullt verð ~~3.990 kr.~~
Office 1 tilboðsverð
3.391 kr.



Fullt verð ~~2.650 kr.~~
Office 1 tilboðsverð
2.252 kr.



Fullt verð ~~3.270 kr.~~
Office 1 tilboðsverð
2.780 kr.



50% afsláttur
Fullt verð ~~790kr.~~
Office 1 tilboðsverð
395 kr.



40% afsláttur
Fullt verð ~~3.490 kr.~~
Office 1 tilboðsverð
2.095 kr.



50% afsláttur
Fullt verð ~~2.790 kr.~~
Office 1 tilboðsverð
1.395 kr.



50% afsláttur
Fullt verð ~~3.990 kr.~~
Office 1 tilboðsverð
1.995 kr.

Jólasveinar athugið!
Frábærar skógjafir



50% afsláttur
Fullt verð ~~290 kr.~~
Office 1 tilboðsverð
145 kr.

PIPAR\TBWA • SÍA • 92495

**Ég ætla að spara í ár!**

**Tilboðin gilda 21.–24. desember.**

Skeifan, Smáralind, Korputorg, Hafnarfjörður, Selfoss, Egilsstaðir og Akureyri.

Office1

# Enn um bóluefni

**UMRÆÐAN**

Þórólfur Guðnason og Haraldur Briem skrifa um bóluefni



ÞÓRÓLFUR GUÐNASON



HARALDUR BRIEM

Þorsteinn Sch. Thorsteinsson ritar grein í Fréttablaðið þ. 17. desember sl. þar sem hann mótmælir þeirri ákvörðun að velja bóluefnið Pandemrix® til notkunar hér á landi við bólusetningu gegn svínainflúensu. Þorsteinn hefur nýlega ritað tvær greinar í Morgunblaðið um nákvæmlega sama efni og var fyrri grein hans svarað í Morgunblaðinu þann 1. desember.

Þar sem allar þrjár greinar Þorsteins eru nánast eins og einni þeirra hefur áður verið svarað þá kann að vera óþarfi að svara grein hans í Fréttablaðinu. Þó er óhjákvæmilegt að leiðrétta nokkrar rangfærslur í greininni.

Þorsteinn talar um að fjöldi aðila víðs vegar um heiminn hafi lagt fram kæru vegna skaða sem þeir hafi hlotið af völdum bóluefnisins. Því er til að svara að hvergi hefur komið fram að fjöldi einstaklinga hafi hlotið skaða af bóluefninu. Hið sanna er að Lyfjastofnun Evrópusambandsins sem fylgist með öryggi bóluefnisins hefur þvert á móti fullyrt að bóluefnið sem notað er hér á landi uppfyllir alla staðla um öryggi. Stofnunin bendir einnig á að reynslan af bólusetningu tuga milljóna einstaklinga á síðustu mánuðum sýni að bóluefnið er jafn öruggt og önnur bóluefni.

Þorsteinn heldur því fram að landlæknisembættið hafi ekkert fjallað um squalene-efnið sem notað er sem ónæmisglæðir í bóluefninu. Hið rétta er að landlæknisembættið fjallar um skvalen (e. squalene) á upplýsingasíðu sinni (http://influensa.is) og hefur auk þess fjallað um skvalen víða í fjölmiðlum og m.a. í áðurnefndri grein í Morgunblaðinu 1. desember sl. Skvalen hefur verið rannsakað í bóluefnum hjá tugum milljóna einstaklinga og alvarlegum aukaverkunum ekki verið lýst.

Bandarískir hermenn í Persaflóastríðinu sem Þorsteinn telur að hafi orðið fyrir skaða af völdum skvalen í bóluefnum höfðu margar nærtækar skýringar á þeim andlegu og líkamlegu sjúkdómum sem þeir urðu fyrir. Það er í raun furðulegt að láta sér detta í hug að skvalen, sem átti að hafa verið í bóluefninu sem þessir hermenn voru bólusettir með, hafi valdið þessum sjúkdómum. Þetta er sérstaklega furðulegt þegar haft er í huga að þessum sjúkdómum hefur ekki verið lýst hjá milljónum annarra einstaklinga sem fengið hafa skvalen í bóluefnum og svo þeirrar staðreyndar að squalene var ekki í neinu af þeim bóluefnum sem hermennirnir voru bólusettir með.

Þorsteinn telur upp nokkra sérfræðinga sem eiga að hafa lýst yfir skaðsemi skvalen í bóluefnum. Ekki er að finna neinar rannsóknir frá þessum einstaklingum um þetta efni í viðurkenndum vísindatímaritum og verður því að draga í efa sérfræðiþekkingu þeirra á efninu.

Sóttvarnalæknir telur að bóluefnið sem valið var hér á landi til að hindra útbreiðslu svínainflúensunnar og til að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar hennar sé öflugt og öruggt. Hann hvetur alla landsmenn til að láta bólusetja sig svo koma megi í veg fyrir annan faraldur svínainflúensunnar síðar á þessum vetri.

*Þórólfur er yfirlæknir og Haraldur sóttvarnalæknir á Sóttvarnasviði landlæknisembættisins.*

# Auðlindir og nýtingarréttur

**UMRÆÐAN**

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um orkumál



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Hrunið ætti að hafa kennt okkur það að einkaaðilar fara ekki endilega betur en opinberir aðilar með fjármagn, fyrirtæki, orðspor eða auðlindir. Auðlindir þjóða geta aldrei verið einkamál fárra, þær eru lífsviðurværi þjóða, sá grunnur sem hvert samfélag hefur til að byggja á. Þróa sína atvinnuvegi og ná samfélagslegum árangri. Þjóðin öll á að njóta auðlinda sinna og nýting þeirra á að vera með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi.

Úr sjávarútvegi höfum við slæma reynslu af því að framselja nýtingu sameiginlegra auðlinda til útvalinna einstaklinga. Skuldsetning sjávarútvegs hefur með framsali aflaheimilda margfaldast og mörg sorgleg dæmi eru um það að einkahagsmunir hafi verið teknir fram fyrir hagsmuni heildarinnar, þar sem kvóti hefur verið seldur frá heilu byggðarlögunum.

Það mikil gæfa að tvö stærstu orkufyrirtæki landsins, Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur, eru enn að fullu í almannaeigu. Orkufyrirtækin gegna mikilvægu hlutverki sem liggur bæði í því að nýta mikilvægar auðlindir landsins, auk þess að veita mikilvæga grunnþjónustu. Nýting á sameiginlegum orkuauðlindum verður að vera sjálfbær og í sátt við umhverfið og ráðstöfun orkunnar verður að fara saman við þjóðarhagsmuni. Að fyrirtækin verði áfram í opinberri eigu er grundvöllur þess að tryggja að svo verði. Ekki er nóg að orkufyrirtækin hafi viðunandi hagnaðarvon af orkusölunni heldur ber okkur skylda til að beina notkuninni í þjóðhagslega hagkvæman farveg. Horfa verður til fjölbreytni, mannaflsþarfar og umhverfissjónarmiða þegar við horfum til uppbyggingar á raforkufrekum iðnaði.

Sú grunnþjónusta sem Orkuveitan veitir, rafmagn, hitaveita, drykkjarvatn, gagnaveita og fráveita er þess eðlis að miklir samfélagslegir hagsmunir liggja í því að þessi starfsemi sé á hendi opinberra aðila sem hafa fyrst og fremst samfélagslega hagsmuni í fyrirrúmi. Einnig er mikilvægt að skýr pólitísk ábyrgð og pólitískt aðhald sé á þessum rekstri alveg eins og annarri samfélagsþjónustu sveitarfélaga.

Einkarekstur og samkeppni hafa vissulega kosti fyrir uppgang í samfélaginu en einkarekstur er ekki sjálfkrafa betri en opinber rekstur. Sérstaklega þegar kemur að þáttum þar sem nauðsynlegt er að hagsmunir heildarinnar séu ávallt ofar einkahagsmunum, þetta á við um helstu innviði samfélagsins og sameiginlegar auðlindir. Fyrningarleiðin sem ríkistjórnin boðar, byggir á innköllun aflaheimilda yfir langan tíma og virkar þá eins og afskriftir aflaheimilda í bókhaldi útgerða, alveg eins og afskriftir skipa og annars búnaðar. Þetta er góð leið til að vinda ofan af þeim mistökum sem gerð voru í stjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Við þurfum að passa að mistökin endurtaki sig ekki. Kreppan sem við nú göngum í gegnum má ekki verða til þess að við seljum frá okkur framtíðina. En velferð þjóða er nátengd því að þær nýti auðlindir sínar í þágu heildarinnar. Þetta verðum við að hafa hugfast þegar næstu skref verða tekin hvað varðar orkufyrirtækin okkar. Mikil tækifæri liggja í þeirri þekkingu sem við búum yfir á sviði umhverfisvænnar orkunýtingar. Þau tækifæri eiga til langrar framtíðar að nýtast þjóðinni allri.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

# Tækifæri í æskulýðssamtökum

**UMRÆÐAN**

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz skrifar um ungt fólk og atvinnumál

Fyrir skömmu ritaði Sindri Snær Einarsson, varaformaður Landssambands æskulýðsfélaga, grein hér í blaðið um úrræði til handa ungu atvinnulausu fólki og hvaða leiðir mætti fara í þeim efnum til að tryggja betri nýtingu fjármagns í þágu þessa hóps. Ég tek undir þær hugmyndir sem lagðar eru fram í greininni. Mikilvægt er að nýta fjármagn til handa ungu fólki án atvinnu á sem bestan hátt og leggja áherslu á að sem flest virkniúrræði séu í boði fyrir hópinn.

Þegar virkniúrræði fyrir ungt atvinnulaust fólk eru rædd þarf að horfa til þess að um er að ræða mjög fjölbreyttan hóp. Í því ljósi er afar mikilvægt að úrræði fyrir hann séu sem fjölbreyttust svo allir finni eitthvað við sitt hæfi. Það hentar alls ekki öllum að vera í skóla og meðan enga vinnu er að fá er mikilvægt að þessi hópur geti fundið sér eitthvað að hafa fyrir stafni sem bæði eykur færni þeirra og losar þau úr vítahring aðgerðaleysis. Hér koma félags- og æskulýðssamtök sterkt inn. Innan veggja alla þeirra fjölbreyttu flóru félags- og æskulýðssamtaka sem starfandi eru hér á landi er að finna fjöldann allan af áhugaverðum og uppbyggjandi verkefnum sem ungt fólk getur tekið þátt í. Í starfi hjá félags- og æskulýðssamtökum fer fram mikil óformleg menntun sem nýtist einstaklingum vel í formlegu námi, einkalífi og launuðum störfum.

Félags- og æskulýðssamtök standa nú frammi fyrir samdrætti líkt og aðrir í þjóðfélaginu á sama tíma og hlutverk þeirra hefur aldrei verið mikilvægara. Við hjá Landssambandi æskulýðsfélaga leggjum því mikla áherslu á að vel sé staðið við bakið á félaga- og æskulýðssamtökum og þau nýtt til að byggja samfélagið upp að nýju. Það hefur löngum verið sannað og kom síðast fram á fundi Háskóla Íslands og Almannaheilla þann 27. nóvember sl., að það fjármagn sem lagt er til félags- og æskulýðssamtaka skilar sér margfalt til baka til þjóðfélagsins. Hæfileiki félags- og æskulýðssamtaka felst í því að geta gert meira úr peningum en ríkið. Það er því hagur ríkisins á tímum samdráttar og sparnaðar að styðja dyggilega við bakið á félags- og æskulýðssamtökum þegar hugað er að úrræðum á vandamálum þjóðarinnar og þá sérstaklega ungs fólks.

Þegar fjármagni er útdeilt til félaga- og æskulýðssamtaka er mikilvægt horfa til þess hvað á að leggja áherslu á. Í ljósi þess að nú er verið að ræða úrræði fyrir atvinnulaust ungt fólk er mikilvægt að fjármagnið fylgi unga fólkinu. Á Íslandi rennur nú stærstur hluti fjármagns til æskulýðsmála til um 10-20% af æsku landsins og langminnsta fjármagnið fer til þess aldurshóps sem er í hvað mestri hættu á tímum efnahagsþrenginga og er nú stærsti hópur atvinnulausra hér landi eða 16-25 ára. Til að geta nýtt fjármagn sem best þarf það að fylgja unga fólkinu og þeirra áhugamálum. Sindri kom inn á í grein sinni, sem nefnd var hér í upphafi, að það að styrkja sjóði til handa ungu fólki og setja á fót úrræði á við Austurbæjarbíó væru kostir sem hefðu sannað sig. Undir það tek ég en legg einnig áherslu á að styrkir til æskulýðsfélaga sem bjóða upp á verkefni og tækifæri fyrir ungt fólk eru enn ein lausnin sem mikilvægt er að horfa til. Að sjálfsögðu eru þetta ekki einu lausnirnar en nauðsynlegt er að huga að þeim til jafns við menntunar úrræði innan hins formlega skólakerfis. Aðalatriðið er að sem flest úrræði séu í boði fyrir ungt fólk og hugað sé að þeim öllum þegar fjármagni er úthlutað.

Til að hægt sé að horfa til framtíðar og skoða fjárúthlutanir til ungs fólks er mikilvægt að þeir sem útdeila fjármagninu hafi sett sér stefnu í málefnum ungs fólks. Grunnurinn að sanngjarnri úthlutun fyrir ungt fólk er að stefna af þessu tagi sé til og að fjármagnið fylgi henni. Hafi menn stefnu í málaflokknum er minni hætta á að upp komi fum og fát og gripið sé til aðgerða sem ekki eru hugsuð frá öllum sjónarhornum þegar þrengir að hópnum og vandamál koma upp. Menn vita þá hvert þeir stefna. Margar nágrannaþjóðir okkar hafa sett sér stefnu sem þessa og má þar meðal annars nefna bæði Svía og Finna. Reynsla þeirra af heildarstefnu í málaflokknum er góð og ættu því ráðamenn hér á landi að líta til þeirra og kanna hvað er hægt að læra af reynslu þeirra af stefnumótun í málaflokki ungs fólks. Mikilvægt er að við gerð stefnu í málefnum ungs fólks séu störf í félags- og æskulýðsfélögum virt sem tækifæri fyrir einstaklinga og viðurkennd sú óformlega menntun sem ungt fólk öðlast í starfi sínu á þessum vettvangi.

Með skýrri stefnu í málaflokki ungs fólks, auknum stuðningi við félags- og æskulýðsfélög, fjölbreyttum virkniúrræðum, sterkum styrktarsjóðum til handa ungu fólki og æskulýðsfélögum og tækifærum fyrir ungt fólk til formlegrar menntunar eru meiri líkur á að hægt sé að taka á þeim vanda sem ungt fólk stendur frammi fyrir í dag sem og að horfa til framtíðar í málefnum ungs fólks og skapa þeim tækifæri í framtíðinni.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Landssambands æskulýðsfélaga.*


RÍKISVÍXLASJÓÐUR

STEFNIR

**Traustur kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki.**

90% ríkisvíxlar og ríkisskuldabréf 10% innlán

» Víxlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánum.
» Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
» Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
» Lágmarkskaup 5.000 kr.
» Enginn munur á kaup- og sölugengi.

**Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.**
Kynntu þér Ríkisvíxlasjóð hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

STEFNIR.COM

Ríkisvíxlasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggir innlán að lágmarki fjárhæð sem samsvarar EUR 20.887 skv. lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrirfjárfesta. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 3. febrúar 2009 eru „innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu“.Með yfirlýsingu frá 9. desember 2009 lýsti ríkisstjórnin því yfir að yfirlýsingin frá 3. febrúar 2009 væri enn í fullu gildi og að yfirlýsingin yrði ekki afnumin fyrr en hið nýja íslenska fjármálakerfi, með breyttri umgjörð, hefði sannað sig og þá yrði gefinn aðlögunartími. Tryggingarsjóðurinn tryggir ekki tjón sem verður vegna taps á undirliggjandi fjárfestingum sjóða s.s. skuldabréfum eða víxlum. Sjá nánar lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og heimasíðu sjóðsins, www.tryggingarsjodur.is.




JOE BOXER®

KRINGLAN - SMÁRALIND

# Valdamesta hagsmunanet heimsins

UMRÆÐAN
Jón Þór Ólafsson skrifar um loftslagsmál


JÓN ÞÓR ÓLAFSSON

Ég átti nýlega tækifæri að tala við mann sem tók þátt í að gera nýjustu „Matsskýrslu um loftslagsbreytingar“ á vegum „Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar“ (IPCC). Ég sagðist hafa áhyggjur af því að pólitíski armur IPCC væri að vefa þétt alþjóðlegt hagsmunatengslanet ríkisstjórna og viðskiptalífs sem hagnaðist á kenningunni um manndrifna hlýnun jarðar. Ég sagði honum að áhyggjur mínar vöknuðu við að sjá að slíkt hagsmunanet myndi þurfa að leggjast gegn gagnrýnum vísindamönnum til að verja sína hagsmuni og ef kenningin væri röng myndu þeir þurfa að fela og falsa upplýsingar til að sannleikurinn kæmi ekki í ljós. Ég benti honum á að slíkt hagsmunanet ógnaði vísindunum.

Áhyggjur mínar voru staðfestar stuttu síðar þegar vefpóstum virtra vísindamanna sem IPCC styðst við var lekið. Þar ræddu þeir hvernig þeir hindruðu aðgang að upplýsingum, fölsuðu þær og földu, kúguðu vísindatímarit til að birta ekki greinar eftir gagnrýna vísindamenn o.s.frv.

Ég viðraði þessar áhyggjur við innanbúðarmann IPCC því ég vildi vita hvort vísindamenn sem efast um kenninguna um manndrifna hlýnun jarðar hefðu sæti í vísindaarmi IPCC. Hann svaraði: „Nei, við leyfum þeim það ekki.“

En hvað ef ástæða hlýnunar jarðar er önnur en koltvísýringsútblástur manna og hvað ef hægt er að stöðva hlýnunina? Slík vísindakenning ógnar valdamesta hagsmunaneti heimsins frá upphafi. Hún ógnar koltvísýringsskattheimtu allra ríkja heims. Hún ógnar einnig koltvísýringskvótakerfi á valdi stærstu orku- og iðnfyrirtækja heims (stóru olíufyrirtækin eru nú þegar farin að græða á kvóta sem þau hafa fengið endurgjaldslaust). Hún ógnar þar að auki arðbærum kvótaviðskiptum stærstu fjármálastofnana heimsins.

Koltvísýringskvóti mun m.a. hafa í för með sér: hærri skatta, hægari efnahagsbata, hærra matvælaverð og hungurdauða. Guð mun ekki hjálpa okkur þegar hagsmunanetið er fullofið og lögfest um allan heim, og gagnrýnir vísindamenn munu eiga við ramman reip að draga að losa okkur undan því.

Vísindamenn eru að hluta háðir þessu hagsmunaneti. Þeir þurfa fjármagn til rannsókna, vísindafjölmiðla til að koma kenningum sínum á framfæri og félagsskap við aðra vísindamenn sem allir þurfa að hugsa um að bíta ekki höndina sem fæðir þá. Hlustum því vel á þá vísindamenn sem ýtt hefur verið út í kuldann fyrir að gagnrýna kenningu sem er notuð til að réttlæta verulega tilfærslu verðmæta til valdamestu hagsmunaaðila heims.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur.*

# Skammgóður vermir eða langtíma ávinningur?

UMRÆÐAN
Aino Freyja Järvelä skrifar um sjálfstæða leikhópa


AINO FREYJA JARVALA

Nú eru tímar niðurskurðar í opinberum rekstri og öll útgjöld ríkisins komin til endurmats. Mikilvægt er að vanda til verks í þeirri vinnu og passa að barninu verði ekki fleygt út með baðvatninu.

Við sem störfum innan vébanda sjálfstæðra leikhúsa skiljum auðvitað mætavel að skera þurfi niður í ríkisrekstrinum. Skurðarmenn hins opinbera ættu þó að hafa í huga að hver króna sem fer til sjálfstæðra leikhúsa í landinu skilar sér hins vegar margfalt til samfélagsins, m.a. í formi gjaldeyristekna. Meirihluti allra leikhúsuppfærsla í landinu er á vegum sjálfstæðra leikhópa og sýningar þeirra hafa dregið til sín fleiri áhorfendur undanfarin ár en stofnanaleikhúsin gera samanlagt. Eigi að síður fá sjálfstæðir leikhópar ekki nema sex prósent af öllu því opinbera fé sem fer til leiklistar í landinu. Ríkið fær með öðrum orðum mun meira fyrir þá peninga sem það leggur í sjálfstæðu leikhúsin en það sem lagt er í stofnanaleikhúsin. Það sætir því furðu þegar ákveðið er að skera niður sjóðinn til atvinnuleikhópa um heil fimmtán prósent á sama tíma og listastofnanir taka einungis á sig fimm til sjö prósenta niðurskurð.

Niðurskurður til sjálfstæðra atvinnuleikhópa hefur nefnilega mun alvarlegri áhrif. Vegna þess að atvinnuleikhóparnir eru reknir án yfirbygginga hafa þeir ekkert svigrúm til hagræðingar. Fjármagnið fer óskipt í uppsetningar og þá að mestu leyti í launagreiðslur til listamanna úr öllum geirum listanna, iðnaðarmanna, þjónustuaðila og svo mætti lengi telja. Fimmtán prósent niðurskurður á fjárveitingu til sjálfstæðra atvinnuleikhópa þýðir einfaldlega fjölda atvinnumissi í geira sem skapar 500 störf árlega.

*Fyrir sambærilegt fé og kostar að setja upp aðeins eitt einstaka verk í stofnanaleikhúsunum buðu sjálfstæðir atvinnuleikhópar upp á 67 leik- og danssýningar sem sýndar voru fyrir 160.000 manns*

Óvíst er að fólk geri sér almennt grein fyrir því að allt það fjármagn sem ríkið leggur til sjálfstæðra atvinnuleikhópa er sambærilegt og kostnaður við eina stóra uppsetningu á stóra sviði stofnana. Fyrir sambærilegt fé og kostar að setja upp aðeins eitt einstaka verk í stofnanaleikhúsunum buðu sjálfstæðir atvinnuleikhópar upp á 67 leik- og danssýningar sem sýndar voru fyrir 160.000 manns. Sjálfstæðir atvinnuleikhópar hafa jafnframt sinnt mikilvægu kynningarstarfi á íslenskum sviðslistum erlendis. Á síðasta leikári voru 35 leik- og/eða danssýningar sýndar 165 sinnum víðs vegar um heiminn. Slíkar ferðir eru að öllu jöfnu kostaðar með erlendu fjármagni sem skilar sér sem gjaldeyrir til landsins.

Undangengin ár hefur skrifstofa SL raunar lagt sérstaka áherslu á að sækja til landsins erlent fé sem fer í verkefni hér heima auk þess að mynda alþjóðleg tengsl sem nýtast sjálfstæðum atvinnuleikhópum. Fjögur erlend samstarfsverkefni eru í bígerð á næsta ári sem skila bæði gjaldeyri og atvinnu fyrir sjálfstæða listamenn á Íslandi. Til að geta efnt til slíks samstarfs og sótt fjármagn í erlenda sjóði er í öllum tilvikum krafist mótframlags heima fyrir. Sjálfstæðir leikhópar hafa í auknum mæli sótt í erlenda sjóði og myndað tengsl við erlenda leikhópa. Ef stefna menningar- og menntamálaráðuneytisins í niðurskurði til menningar helst óbreytt á komandi árum mun verða torsótt fyrir atvinnuleikhópa að sækja í erlenda sjóði, kynna íslenskar sviðslistir erlendis og skapa gjaldeyristekjur fyrir Ísland.

*Höfundur er formaður Sjálfstæðu leikhúsanna.*


STAÐREYNDIR UM DAGBLAÐALESTUR



ÍSLENDINGAR YNGRI EN 55 ÁRA VERJA LENGRI TÍMA Á VIRKUM DÖGUM TIL AÐ LESA SÍÐUR FRÉTTABLAÐSINS EN SÍÐUR MORGUNBLAÐSINS.



ÍBÚAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU YNGRI EN 60 ÁRA SEM BÚA Á ÁSKRIFTARHEIMILUM MORGUNBLAÐSINS LESA FREKAR FRÉTTABLAÐIÐ.

Heimild: Lestrarkönnun Capacent maí-okt 2009.




Allt sem þú þarft...

# @ HARÐIR PAKKAR

## ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

### 4GB MINNISLYKILL




SanDisk

**Sandisk Cruzer**
Vandaður 4GB Micro Skin minnislykill.

**2.950**

### UNITED MARGMIÐLUNARSPILARI

WD

500GB DISKUR




**United HD MMP 9530**
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 500GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

720/1080i

HDMI

**24.950**

### VEFMYNDAVÉL




**MSI StarCam Clip Black**
Real Pixel VGA vefmyndavél með 800x 600p vídeó upplausn, 1280x960p kyrrmyndaupplausn og 45dB USB hljóðnema.

msi

**5.950**

### ÞRÁÐLAUS MÚS



**Ace Laser 1600dpi Nano**
Þráðlaus 1600dpi Nano Laser mús með 5+1 tökkum og skruni.

ace

**7.450**

### HARÐDISK FLAKKARI




**WD Elements**
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

WD 1TB

**19.750**

### BLEKSPRAUTUPRENTARI

EPSON

**Epson S21**
Prentari sem prentar A4 í 5760 x 1440 punkta upplausn. Prentar allt að 26 bls á mín. í sv/hv og 14 í lit. USB. Windows og Mac.



**8.450**

### AMD TURNTÖLVA 3

COOLER MASTER



**AMD tölva 3**
**Athlon II 250 3,0GHz**
4GB DUAL DDR3 1333MHz minni, 640GB SATA2 WD harðdiskur, Geforce N220GT 1GB skjákort, 22X +/- DVD skrifari , 8 rása Dolby D. 7.1 hljóðkort, 10/100/1000 netkort, Windows 7 Home Premium ofl.

**119.950**

### AMD TÖLVUPAKKI 1




AMD 64
Logitech

- Coolmaster Elite turn
- AMD Sempron X140
- 1GB DUAL DDR2 667MHz Corsair
- 320GB SATA II WD
- Geforce 6100 skjástýring
- 19" Acer breiðskjár 5ms
- 22xDVD+/- DL skrifari / 48x CD
- Windows Vista Home Basic SP2

**99.950**

### TOSHIBA FARTÖLVA




**Toshiba Sat L500-142**
- Intel Pentium Dual-Core T4300
- 3GB DDR2 800MHz minni
- 320GB harðdiskur
- 15,6" WXGA breiðskjár
- ATI Mobility Radeon HD 4570 skjákort
- Þráðlaust 802.11agn netkort
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
- VGA vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium

**129.950**

UPPFÆRSLA Í WINDOWS 7 kr. 9.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

**JANE FONDA ER 72 ÁRA Í DAG.**

*„Það er aldrei of seint. Aldrei of seint að byrja upp á nýtt. Aldrei of seint að verða hamingjusamur.“*

***Jane Fonda er bandarísk leikkona, rithöfundur, pólitískur aðgerðasinni og líkamsræktarfrömuður.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. DESEMBER 1969

## *Húsnæðið Árnagarður vígt*



Á þessum degi árið 1969 var Árnagarður formlega vígður en Handritastofnun Íslands var þar til húsa ásamt kennslu- og skrifstofuhúsnæði fyrir Háskóla Íslands. Árið 1972 var lögum um Handritastofnun Íslands breytt og fékk hún þá heitið Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Kennsla hófst í húsinu haustið 1969.

Árnagarður var í smíðum í tvö ár en húsið er hönnun arkitektanna Kjartans Sigurðssonar og Garðars Halldórssonar sem unnu að húsinu í samvinnu við starfsmenn húsameistara ríkisins.

Húsið var reist í snarhasti til að hægt væri að hýsa forn handrit sem komu til landsins tveimur árum síðar, í apríl 1971. Byggingin er á fjórum hæðum, samtals 829 fermetrar.

Við vígslu hússins afhenti formaður bygginganefndarinnar, dr. Jóhannes Nordal, þáverandi seðlabankastjóri, menntamálaráðherra húsið fyrir hönd ríkisins. Ráðherrann, Gylfi Þ. Gíslason, afhenti svo eigendum húsið og voru það Einar Ólafur Sveinsson, prófessor í íslenskum fræðum og forstöðumaður Handritastofnunar, og Magnús Már Lárusson, prófessor og rektor Háskóla Íslands, sem tóku við húsinu fyrir hönd stofnana sinna.

## MERKISATBURÐIR

1913 Fyrsta krossgátan lítur dagsins ljós í New York World.
1929 Fyrsta varðskip Íslendinga, Þór, strandar á Sölvabakkafjörum við Húnaflóa.
1930 Ríkisútvarpið hefur útsendingar.
1945 Ölfusárbrú við Selfoss er formlega opnuð og leysir af hólmi brú frá árinu 1891.
1948 Írland fær sjálfstæði.
1952 Kveikt er á Óslóartrénu á Austurvelli í fyrsta skipti.
1988 Farþegaflugvél springur yfir Lockerbie í Skotlandi. 270 manns farast, þar af ellefu á jörðu niðri.

## AFMÆLI



**REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR** söngkona er 32 ára.



**KIEFER SUTHERLAND** leikari er 43 ára.



**JULIE DELPY** leikkona er fertug.



**RAY ROMANO** leikari er 51 árs.



**BÝST VIÐ FJÖLMENNRI GÖNGU** Veðurspáin í ár gefur fyrirheit um góða þátttöku. Ingibjörg Haraldsdóttir, einn skipuleggjenda göngunnar, segir hana fastan lið í jólaundirbúningi margra fjölskyldna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**GENGIÐ TIL FRIÐAR:** FER FRAM Í ÞRÍTUGASTA SINN Á ÞORLÁKSMESSU

# Ganga sem gefur fólki mikið

Friðargangan, sem farin hefur verið undanfarin ár niður Laugaveginn á Þorláksmessu, stendur nú á tímamótum þegar gengið verður þrítugasta árið í röð. Ingibjörg Haraldsdóttir, friðarsinni og einn af skipuleggjendum göngunnar, segir þátttökuna hafa verið mjög góða frá upphafi.

„Friðarhreyfingar um allan heim hafa staðið að svona göngum í gegnum tíðina en í fyrstu voru göngurnar farnar gegn kjarnorkuvánni á níunda áratugnum. Fyrstu árin stóðu Samtök herstöðvarandstæðinga að göngunni en síðan bættust við ýmsir friðarhópar eins og til dæmis listamenn, eðlisfræðingar og læknar,“ segir Ingibjörg. „Þegar fjara fór undan kalda stríðinu og eftir fall Berlínarmúrsins urðu göngurnar að almennum friðargöngum.

Í ár eru það Ungliðahreyfing Hjálparstarfs kirkjunnar, Changemaker, Félag leikskólakennara, Friðar- og mannréttindahópur BSRB, Friðar- og mannréttindanefnd Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar, Heimsganga í þágu friðar og tilveru án ofbeldis, Menningar- og friðarsamtökin MFÍK, Friðarhópur búddista - SGI á Íslandi og Samtök hernaðarandstæðinga sem standa að göngunni. Hópurinn er fjölbreyttur að sögn Ingibjargar og fólk sameinast í göngunni í sameiginlegri von um frið.

„Fólk er yfirleitt mjög upptekið á þessum tíma, við að undirbúa jólamatinn og kaupa gjafir, og margir líta á þátttöku í göngunni sem sitt framlag til að bæta heiminn. Það að ganga með kerti saman er bæði hátíðlegt og fólki finnst þetta skipta máli. Og sameiginleg von göngufólks er sú að hægt sé að leysa vandamál heimsins með viðræðum en ekki vopnaskaki.“

Ingibjörg segir að veðurspáin sé góð og þau geti búist við tvö til þrjú þúsund manns en margir bætist í gönguna á miðjum Laugaveginum á meðan aðrir gangi alla leið frá Hlemmi. Gangan leggur af stað klukkan 18 og verða kyndlar seldir á Hlemmi. Í lok göngu verður fundur á Ingólfstorgi þar sem Einar Már Guðmundsson rithöfundur flytur ávarp en meðlimir Hamrahlíðarkóranna undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur munu eins og undanfarin ár syngja í göngunni sem og við lok hennar.

**juliam@frettabladid.is**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Sveinsdóttir**
frá Kambi,

lést á Vífilsstöðum fimmtudaginn 17. desember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 22. desember kl. 15.00.

**Sveinn E. Magnússon** **Guðrún Guðmundsdóttir**
**Sigurbjörg I. Magnúsdóttir** **Viðar Jónsson**
**Oddný S. Magnúsdóttir** **Ingimundur Guðmundsson**
**Einar Magnússon** **Margrét Steingrímsdóttir**
**Helga Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Arnór Sigurðsson**
frá Hnífsdal,

verður jarðsunginn frá Guðríðarkirkju í Grafarholti þriðjudaginn 22. desember kl. 11.00.

**Guðmunda Arnórsdóttir** **Björn Ástmundsson**
**Málfríður Arnórsdóttir**
**Sigurður Arnórsson** **Sigríður Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún J. Hjartar**
hjúkrunarheimilinu Sóltúni, áður Flyðrugranda 8, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 14. desember, verður jarðsungin frá Neskirkju, mánudaginn 21. desember kl. 13.00.

**Jóna Björg Hjartar** **Paul van Buren**
**Sigríður Hjartar** **Stefán Guðbergsson**
**Elín Hjartar** **Davíð Á. Gunnarsson**
**Egill Hjartar**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gísli Sveinsson**
Aflagranda 40, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 22. desember kl. 11.00. Jarðsett verður í Fossvogskirkjugarði.

**Auður Guðmundsdóttir** **Hilmar Viggósson**
**María Anna Gísladóttir** **Jóhann Gunnar Helgason**
**Guðríður Jóhanna Gísladóttir**
**Sveinn Gíslason** **Ester Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór Friðriksson**
Smáratúni 7, Keflavík,

lést miðvikudaginn 16. desember. Hann verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 22. desember kl. 13.00.

**Sigríður Vilhelmsdóttir**
**Óla Björk Halldórsdóttir**
**Sigríður Björg Halldórsdóttir** **Kristján Sigurpálsson**
**Sævar Halldórsson** **Susie Ström**
**Þórunn María Halldórsdóttir** **Axel Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Nintendo®

## SPENNA·SNERPA·SNILLD

## Ævintýraveröld sem er engri lík!




*Verð kr. 49.900,-*

## Wii -LEIKJATÖLVAN SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET

**NÝ UPPLIFUN! SKÓRKOSTLEG SKEMMTUN FYRIR ALLA ALDURSHÓPA! MAGNAÐ LEIKJAÚRVAL!**



**DS-LEIKJATÖLVA**

## VÍÐFRÆG & VINSÆL

NINTENDO DS™ | NINTENDO DSi™

**EIN ALLRA VINSÆLASTA LEIKJATÖLVA HEIMS**

Ótrúlega öflug. Frábært leikjasafn fyrir leikglaða á öllum aldri.




*Verð kr. 54.900,-*

**Þessi stórskemmtilega leikjavél er nú fáanleg í *NÝRRI* útfærslu**





**ÆVINTÝRI, SKEMMTUN & SPENNA AF BESTU GERÐ!**




Heimaleikfimin hefur aldrei verið skemmtilegri.

*Komdu og kynntu þér Wii-Fit!*

**NINTENDO DS**
- Spilar Nintendo DS & Advanced Leiki
- 2 Skjáir – Neðri er snertiskjár
- Þráðlaust net
- Þráðlaust Lan(Nálægt)
- Innbyggður míkrafónn
- Heyrnartóla tengi, Stereo Hátalarar
- Allt að 19 tíma batterý ending
- Fylgir með: 1 x Penni fyrir snertiskjá, 1 x Hleðslukapall

***Verð kr. 29.900,-***

**NINTENDO DSi**
- 2 MYNDAVÉLAR (framan/aftan)
- SD Kortarauf
- Spilar Alla Nintendo DS Leiki & Tónlist(ACC) af SD korti
- Hægt að ná í leiki og forrit af netinu(DSiWare)/Opera vafri
- 2 Skjáir – Neðri er snertiskjár
- Þráðlaust net, Þráðlaust Lan(Nálægt)
- Innbyggður míkrafónn
- Heyrnartóla tengi, Stereo Hátalarar
- Allt að 14 tíma batterý ending

Fylgir með: 1 x Penni fyrir snertiskjá, 1 x Hleðslukapall

***Verð kr. 35.900,-***



# ORMSSON

## SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

***ÚTSÖLUSTAÐIR FYRIR NINTENDO:***

| | | | |
|---|---|---|---|
| ORMSSON **AKUREYRI** SÍMI 461 5000 | ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535 | ORMSSON **MODEL-AKRANESI** SÍMI 431 3333 | ORMSSON **ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751 |
| ORMSSON **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515 | ORMSSON **EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038 | ORMSSON **NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900 | ORMSSON **SELFOSSI** SÍMI 480 1160 |
| ORMSSON BT **SMÁRALIND** SÍMI 530 2900 | BT **SKEIFUNNI** SÍMI 550 4444 | BT **AKUREYRI** SÍMI 550 4444 | |

# NINTENDO-NÝLENDAN Á ÍSLANDI

# BYLGJAN Í FYRSTA SÆTI




## BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægustu markhópanna.*

* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 40, 2009.
Í viku 40 var hlustun á Bylgjuna, Létt Bylgjuna og Gull Bylgjuna 52%.
Auglýsing á Bylgjunni birtist samtímis á Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!




# Hálfbróðirinn

BAKÞANKAR Gerðar Kristnýjar

Það bar til um þessar mundir að sérsveit ríkislögreglustjóra og öflugt lögreglulið var beðið um að koma hið snarasta í Bústaðahverfið. Þar hafði sést til manns með byssu. Komið var að opnum dyrum á hvítu húsi og þar sem lögreglan hafði áður þurft að hafa afskipti af húsráðanda þar á bæ fannst henni líklegt að hann væri byssumaðurinn. Í stað þess að ryðjast inn öskrandi með vopnin á lofti eins og haft er til siðs í útlenskum sjónvarpsþáttum dró einn lögreglumannanna upp símann sinn og sló á þráðinn til heimilisföðurins.



**NOKKUÐ** var liðið á morguninn en þó reyndist maðurinn heima við. Hann var óðara beðinn um að koma út með hendur á lofti, sem hann og gerði. Þegar maðurinn birtist úti á stétt reyndist hann hvítklæddur og með mikinn kross um hálsinn. Athygli vakti líka hvað maðurinn var brúnn á hörund, eins og hann væri vanari loftslagi suðlægari slóða en íslenska garranum. Þegar lögreglan fór þess á leit við manninn að hann legðist í jörðina neitaði hann og lái honum hver sem vill.

**SVONA** sagðist manninum frá í sjónvarpsfréttunum á miðvikudagskvöldið: „Ég var nú ekki alveg á því máli, þar sem maður er nú í hvítu dressi og svona, með skartið á sér sko. Þannig að þeir tóku mig eiginlega og sneru mig niður. Það er ekki eins og maður hafi mikið að segja gegn vopnuðum gaurum.” Kannski hefði hann ekki hikað við að taka á móti hefði lögreglan skilið dótaríið eftir heima. Engin ástæða heldur til að halda neitt annað því maðurinn minnir óneitanlega á hálfbróður Lisbethar Salander, hann Ronald Niedermann, sem er ónæmur fyrir sársauka.

**EN** hvítklæddi og krossiprýddi maðurinn reyndist síðan bara heita Jón. Þetta er samt ekki bara einhver Jón því hann hefur viðurnefnið „stóri” í undirheimunum – og greinilega yfirheimunum líka fyrst ég bý yfir þessum upplýsingum. Jón er stytting á nafninu Jóhannes sem kemur upphaflega úr hebresku og þýðir „Guð er náðugur“. Og Jón slapp svo sannarlega með skrekkinn að þessu sinni. Byssan reyndist vasaljós sem meindýraeyðir nokkur hafði verið með á vappi nálægt húsinu í leit að rottu. Ég ætla að skima vel eftir fréttum af honum Jóni stóra í framtíðinni og vera vakandi yfir því hvort yfirvöld haldi áfram að áreita alsaklausan manninn, sér í lagi hef ég í hyggju að vera á vaktinni þegar líða tekur að páskum.

**GLEÐILEG JÓL!**

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝIR PAKKAR Í OFFICE 1

## GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM EIGA ALLT






Fleiri fjölbreyttar gjafir, til dæmis: fótsnyrting, matreiðslunámskeið, kynningarflug, mótorcrossnámskeið o.fl. – komdu og kíktu á úrvalið.

**Ég ætla að spara í ár!**

**Office 1**

Skeifan, Smáralind, Korputorg, Hafnarfjörður, Selfoss, Egilsstaðir og Akureyri.

PIPAR\TBWA • SÍA • 92516

**Ath kl. 20.30**

*Kór Menntaskólans í Reykjavík syngur sína árlegu aðventutónleika í Seltjarnarneskirkju í kvöld.Tónleikarnir eru öllum opnir og aðgangur er ókeypis. Áheyrendum er hins vegar boðið að styrkja ferðasjóð kórsins og leggja honum þannig lið til útrásar. Kórinn mun svo syngja í miðnæturmessu kl. 23.30 á aðfangadagskvöld í Seltjarnarneskirkju.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Kyrrðartónleikar í Neskirkju

Á morgun kl. 21.00 munu þau Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Steingrímur Þórhallsson orgelleikari halda kyrrðar- og íhugunartónleika í Neskirkju eins þau hafa gert af og til undanfarin ár við góðan orðstír. Tilgangur tónleikana er að hafa stund fyrir fólk til að setjast niður við kertaljós og fallega tónlist til að leitast við að finna hinn sanna anda jólanna í hinum mikla hraða og hávaða sem einkennir vestrænt jólahald nú á dögum. Boðið verður upp á blöndu af íslenskum jóla- og aðventulögum kryddað með Maríutónlist og aríum eftir Händel. Vegna þeirrar efnahagslegu lægðar sem gengur yfir landið hafa þau ákveðið að frítt skuli vera inn á tónleikana til að enginn þurfi frá að hverfa af fjárhagsástæðum en við munum hafa verður safnbauk við inngang fyrir frjáls framlög. Þau framlög sem berast eftir tónleikana munu renna óskipt til Fjölskylduhjálpar og Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur.

Hallveig Rúnarsdóttir og Steingrímur Þórhallsson eru listamenn af yngri kynslóðinni sem hafa vakið mikla athygli undanfarin ár fyrir tónlistarflutning sinn. Þau hafa starfað mikið saman við Neskirkju síðastliðin ár, þar sem þau stofnuðu ásamt fleirum endurreisnarhópinn Rinascente. Þau hafa bæði hlotið frábæra dóma fyrir störf sín og er skemmst að minnast þátttöku þeirra í velheppnuðum flutningi á Messíasi eftir Händel. **- pbb**



**TÓNLIST** Hallveig Rúnarsdóttir sópran

## > Ekki missa af

Jólapokagluggasýningu í anddyri Listasafns Árnesinga í Hveragerði. Hún er hluti af jóladagatali Hveragerðisbæjar, sem snýst tákn sem tengjast jólunum. Þau eru unnin af Guðrúnu Tryggvadóttur myndlistarmanni. Listasafninu var útdeilt jólapoka og textinn: „Jólasveinninn ber poka fullan af gjöfum til byggða. Á táknrænan hátt hengjum við síðan poka á jólatréð, eins og til að taka við gjöfum náttúrunnar." Af því tilefni leitaði Listasafnið til tuttugu listamanna og úthlutaði þeim hvíta bréfpoka til að vinna með. Afraksturinn er nú eru til sýnis í anddyri safnsins og aðgengilegur til skoðunar í gegnum gluggana á heimasíðu safnsins.

# Djassað í kvöld

Í kvöld verða haldnir tónleikar í djasskjallaranum Café Cultura við Hverfisgötu. Saxófónleikararnir Haukur Gröndal og Óskar Guðjónsson munu leiða djasshljómsveit með úrvalstónlistarmönnum. Haukur og Óskar eru tveir af okkar allra bestu djassleikurum og verður án efa líf í tuskunum. Eftir hlé verður að venju svokölluð „djammsessjón" en þá er þeim sem það kjósa frjálst að koma upp og leika með þeim félögum af fingrum fram. Tónleikarnir eru hluti af dagskrá Bebopfélags Reykjavíkur en félagið hefur staðið fyrir tónleikum á hverjum mánudegi í allt haust. Blásið verður til leiks kl. 21.30 og er aðgangseyrir 1.000 krónur.



HAUKUR GRÖNDAL KLARINETTULEIKARI

vísir.is
„...ég sá það á vísi"




# Sígild sannindi og munaður

Bókmenntir ★★★★★

**Vegur minn til þín**
Matthías Johannessen

Án efa ein merkasta ljóðabók síðustu ára á íslensku: ljúfur skyldulestur ljóðaunnenda. Undirritaður hefur nú legið yfir þessari bók öllum stundum í örfáa sólarhringa og hvetur alla til að leyfa sér þann munað – bókin er enda auðug í öllum skilningi: ríflega 150 úrvalsljóð á 250 síðum og í kaupbæti einkar vandaður og skilmerkilegur eftirmáli Ástráðs Eysteinssonar sem skýrir allt sem skýra þarf á faglegu mannamáli. Bið ekki um það betra. Óska höfundi og útgáfunni til hamingju og lesendum góðra stunda. Takk fyrir mig.

Frekari ummæli um bókina eru óþörf – þó má hnykkja á örfáum atriðum: Bókin er afar fjölbreytt bæði að efni og formi. Yrkisefnið er land og saga; tíminn, tíðarandinn og tilvistin; „tilraunadýrið maður" – ábyrgð mannsins gagnvart sjálfum sér, samtíð sinni, samfélagi, samborgurum, menningu, náttúru, tungu, arfleið og æru; almættið, eilífðin og dauðinn; trú og efi (Guð, guðir, goð og gátur þeirra); skarkali og þögn; kærleikur og ást; sköpunin, skáldið, listin og ljóðið. Ljóðin eru ýmist hreinræktaður módernismi (atómljóð) – arfur Eliots og Pounds, eða hefðbundinn íslenskur bragur – arfur Eddu, Egils, Lilju, Hallgríms, Jónasar og Steins, ellegar jafnvel hvorttveggja í senn í einu og sama ljóðinu sem er vandmeðfarið en heillandi kennimark þessarar bókar og markar henni nokkra sérstöðu en minnir um leið á önnur roskin íslensk öndvegisskáld okkar tíðar, svo sem Hannes Pétursson, Þorstein frá Hamri og Helga heitinn Hálfdanarson. Þá gerir höfundur sér far um að kveða kalda stríðið í kútinn og gengur jafnvel svo langt (óbeint þó) að reisa „auðvaldinu og landvættum þess" sögulega níðstöng – má kalla það uppgjör? Svari hver fyrir sig.



**BÓKMENNTIR** Matthías Johannessen skáld hefur sent frá sér stóra ljóðabók.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



En meginglíma lesandans við skáldskap þessarar bókar felst þó ekki í pólitík heldur vísunum ljóðanna (skírskotunum/tilvísunum í skáldskap og sögu) og sjónarhorni ljóðmælandans eða samleik skáldsins og lesandans sem er vissulega bæði flókinn og fjölbreyttur – hver það er sem mælir og hlýðir hverju sinni liggur víða ekki ljóst fyrir og tekur stöðugum breytingum. Fyrstu persónu fornafnið bæði í eintölu og fleirtölu og ekki síður annarrar persónu fornafnið eiga sér ótal viðmið í þessari bók og fæ ég ekki betur séð en skáldið gefi lesanda sínum vísvitandi frelsi til að meta það endrum og sinnum – einstaka ljóð breytir til dæmis alveg um merkingu, hefur endaskipti á inntaki sínu, eftir því hvernig er valið. Eða ef til vill er réttara að segja að inntak ljóðsins sé fólgið í þessum tvíleik eða margræðni. Sjálfsagt er að hvetja lesendur til að gaumgæfa þetta vandlega, halda vöku sinni, velta fyrir sér ótal tilbrigðum og leyfa sér að komast að fleiri en einni niðurstöðu. Ráðgátur ljóðanna eru vissulega margar og ögrandi (og ertandi) og þess þá heldur mikilvægt að leitin að ráðningunni hafi tilgang í sjálfu sér og virki óspart ímyndunarafl lesandans og hugarflug (jafnvel sjálf hans og ævisögu) fremur en að beinast einatt að höfundi og „helli" hans. Þannig getur lesandinn betur samsamað sig skáldinu og mælandanum: snúið við hefðbundinni hlutverkaskipan án þess að rjúfa trúnað við höfundinn eða horfa framhjá erindi hans og boðskap. Í þessum efnum (sem öðrum) finnst mér bókin raunar mjög örlát við lesendur sína.

„...það er eins og öldin arki hjá / og eilífðin standi á hleri" segir á síðu 201. En eilífðin er ekki ein um það: ljóðin sjálf „standa víða á hleri" og tileinka sér síðan orð og æði þeirra sem á er hlýtt – sem oftar en ekki er skáldskapur (eða önnur sannindi) fyrri tíðar – og gera að sínum. Í þessum efnum er hugur lesandans bundnari og „frelsi" hans snöggtum minna en þegar lesa skal úr fornöfnum og finna þeim viðmið. Vísanir af þessu tagi eru vinsælt módernískt einkenni og þrengja gjarnan í senn og víkka skírskotun ljóðanna – þ.e.a.s. víkka skírskotun þeirra sé lesandinn með á nótunum og þekki „fyrirmyndina" og bæti inntaki hennar við orðmynd ljóðsins (sem heftir raunar um leið „frjálsa túlkun") en þrengja eða torvelda skilninginn sé sú þekking ekki til staðar og ekki opinberuð í ljóðinu. Hjá einstaka módernistum er þetta stílbragð allsráðandi og ber uppi heila ljóðabálka eða bækur sem eru þá fyrir vikið óaðgengilegar „venjulegum" lesendum án athugasemda og skýringa. Er þá nærtækast að vitna til Eyðilands Eliots (eins og höfundur gerir í þessari bók) sem stendur íronískt undir nafni án útskýringa höfundar síns. Hér er farin nokkuð önnur leið: vísanir eru hér langflestar „alkunnar" og sjaldan mjög langsóttar (og ýmsum þeirra gerð skil í eftirmála) og aukinheldur í flestum tilfellum „ábót" en ekki forsenda þess að njóta megi ljóðsins – skilja ljóðið ekki eftir í óvissu eða tómi þótt vísunin fari framhjá lesandanum. Yggdrasill Eddu og hellir Platóns koma til að mynda ítrekað fyrir augu lesandans án þess að slá hann út af laginu eða krefja hann um þekkingu og hefur höfundur raunar sérstakt lag á að ljá ljóðum sínum vængi sem bera þau jafnt að skynsviði og skilningi þess sem flest veit og fátt eitt. Má ætla að það sé meðvituð kúnst í þessari bók enda lagskipting ljóðanna hvergi til lýta eða trafala en ætíð kærkomin búbót þeim sem til þekkja.

Vegur minn til þín er kærkomin ljóðabók, rík af merkum skáldskap, ort af miklu viti og víðtækri þekkingu, metnaði og djúpri tilfinningu – minnir á sígild rímuð sannindi: „Si cor non orat, in vanum lingua laborat" (komi bænin ekki frá hjartanu er barátta tungunnar unnin fyrir gýg).

**Sigurður Hróarsson**

**Niðurstaða:** Ein merkasta ljóðabók síðustu ára – auðug í öllum skilningi



**Tilkynning frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma**

**Þjónusta á Þorláksmessu og aðfangadag**

Á Þorláksmessu og aðfangadag, milli kl. 9:00 og 15:00 verða starfsmenn að störfum í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Kópavogskirkjugarði, Hólavallagarði og munu þeir leiðbeina eftir bestu getu.

Hægt er að nálgast upplýsingar um staðsetningu leiða á vefnum **www.gardur.is**

**Þjónustusímar**

Skrifstofan í Fossvogi, sími 585 2700 og skrifstofan í Gufunesi, sími 585 2770, eru opnar á Þorláksmessu og aðfangadag frá kl. 9:00 til 15:00

Ratkort er hægt að fá afhent á skrifstofunum eða prenta út á **www. kirkjugardar.is**

Upplýsingar eru veittar í síma allan desembermánuð á skrifstofutíma. Fossvogskirkja verður opin á aðfangadag frá kl. 09:00 til 12:00

**Á aðfangadag frá kl. 09: til 15:00 er allur akstur um kirkjugarðinn í Fossvogi óheimill, nema fyrir hreyfihamlaða.**

Gleðilega jólahátíð

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
www.kirkjugardar.is

ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

★★★★

# „Afbragðsvel samin saga“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

Hvað geta virtur geðlæknir og óöguð unglingsstúlka gert sér til afþreyingar á afskekktum stað í frosti og snjó?

Dásamleg saga um mikilvægi minninganna eftir Kristínu Marju Baldursdóttur.




3. prentun uppseld
4. PRENTUN VÆNTANLEG

3. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
Skáldverk 16.12.2009

## „Kristín Marja ... beinir skáldskaparvopninu að innsta kjarna okkar.“

Auður Aðalsteinsdóttir / Víðsjá



## „Stórskemmtileg saga ...“

Egill Helgason / Kiljan

> BÓNORÐ Í VÆNDUM?

**Kanye West** er sagður vilja giftast kærustu sinni, fyrirsætunni Amber Rose. Samkvæmt heimildum breska dagblaðsins The Daily Star er rapparinn sagður ætla að bjóða Rose í rómantíska ferð til Dóminíska lýðveldisins í Karíbahafinu í byrjun næsta árs og biðja hennar þar. Þar munu þau gista í átta herbergja lúxus-villu sem kostar hvorki meira né minna en 2.000 pund á nóttu.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Eins og tvær doktorsritgerðir

„Ég held að það liggi um þrjú þúsund heimildir til grundvallar þessari bók. Þetta er heimildarvinna á við tvær doktorsritgerðir," segir Jónas Knútsson, sem sendi á dögunum frá sér Bíósögu Bandaríkjanna.

Jónas hóf vinnu við bókina árið 2000 og síðan þá hefur gríðarlegur tími farið í verkefnið. „Þetta var eiginlega stórslys. Ég hafði áður samið fjórar greinar um kvikmyndasögu Þýskalands fyrir Moggann. Fyrst ég var búsettur í Bandaríkjunum fannst mér gráupplagt að fara í bíósögu Bandaríkjanna," segir hann. „Þetta er eiginlega verkefni sem fer úr böndunum og er miklu stærra í sniðum en maður gerir sér grein fyrir. Maður áttaði sig á því að maður veit miklu minna um bíósögu Bandaríkjanna en maður heldur. Þetta er stór og mikil saga sem býr þarna að baki."

Jónas er mikill kvikmyndaáhugamaður og er með BA-gráðu frá New York-háskólanum í kvikmyndaleikstjórn og kvikmyndafræðum. Hann hefur meðal annars gert heimildarmynd um Sverri Stormsker sem var sýnd í Sjónvarpinu. Hann er einnig með háskólapróf í latínu og hefur unnið mikið sem þýðandi.

Jónas vonast til að Bíósagan verði þýdd á erlend tungumál, enda hefur slík saga ekki áður verið tekin saman með þessum hætti síðan 1950. Alls eru 350 blaðsíður í bókinni og 600 ljósmyndir. „Hún er hugsuð sem uppflettirit sem menn grípa í á góðri stundu," segir Jónas, sem sjálfur er mikill Gög og Gokke-aðdáandi. **- fb**



**ELSKAR GÖG OG GOKKE** Jónas hefur sent frá sér bókina Bíósaga Bandaríkjanna sem hann byrjaði að skrifa árið 2000. MYND/CHRISTIAN TUEMPLING



**LÁTA GOTT AF SÉR LEIÐA** Allur hagnaður af sölunni á fötum og varningi Coldplay mun renna til góðgerðasamtakanna Kids Company.

# Föt Coldplay til sölu

Coldplay ætlar að selja föt sín og gefa ágóðann til góðgerðamála. Hljómsveitin vonast til að safna þúsundum punda fyrir góðgerðasamtökin Kids Company með því að selja fatnað svo sem skó sem þeir klæddust á Glastonbury-tónlistarhátíðinni og fyrsta gítar söngvarans Chris Martin. Þá ætla þeir að selja jakkana fjóra sem hljómsveitarmeðlimirnir bjuggu sjálfir til og klæddust á heimstónleikaferðalagi sínu Viva la Vida.

Talið er að mesti hagnaðurinn muni hljótast af sölu á gítar Chris, en hann notaði gítarinn til að semja mörg af fyrstu slögurum Coldplay. Annar varningur verður einnig til sölu, svo sem snjáð derhúfa gítarleikarans Jonny Buckland sem hann var með daglega á tónleikaferðalagi sveitarinnar. Salan fer fram á eBay síðu Kids Company og stendur yfir til 31. desember.

# FALLNAR STJÖRNUR

**Fjöldi þekktra einstaklinga féll frá árið 2009 og var poppgoðið Michael Jackson þar á meðal. Andlát frægra stjarna vekur ávallt eftirtekt, og líður mörgum áhangendum sem þeir hafi misst einhvern nákominn.**

## MICHAEL JACKSON



Poppgoðið Michael Jackson lést 25. júní. Hann hné niður á heimili sínu í Los Angeles eftir að hafa fengið hjartaáfall. Hann var úrskurðaður látinn við komuna á spítalann. Dauði Jacksons þótti dularfullur og er talið að ofnotkun verkjalyfja hafi verið orsök hjartaáfallsins. Jackson skilur eftir sig þrjú börn.

## FARRAH FAWCETT



Leikkonan Farrah Fawcett lést 25. júní eftir áralanga baráttu við krabbamein. Fawcett hafði glímt við krabbamein frá árinu 2006 og hafði hún skrásett alla sjúkrasögu sína frá árinu 2007. Krabbameinið breiddist út og Fawcett lést á gjörgæslu Saint John's spítalans í Santa Monica. Fawcett var einna þekktust fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Charlie's Angels.



## DAVID CARRADINE

Leikarinn David Carradine fannt látinn á hótelherbergi í Bangkok í Taílandi 4. júní í sumar. Lögreglan kom að leikaranum þar sem hann hékk inni í fataskáp, aðkoman þótti hin undarlegasta og vildi lögreglan ekki útiloka þann möguleika að einhver hefði myrt leikarann. Að lokum úrskurðaði dómari að Carradine hafði fallið fyrir eigin hendi. Carradine var einna þekktastur fyrir leik sinn í kvikmyndunum Kill Bill.

## NATASHA RICHARDSON



Leikkonan Natasha Richardson lést eftir höfuðhögg hinn 18. mars. Richardson hafði verið í skíðakennslu í Kanada þegar hún datt og hlaut höfuðhögg, leikkonan neitaði þó að gangast undir læknisskoðun og fór þess í stað heim að hvíla sig. Nokkrum tímum seinna var hún flutt á sjúkrahús vegna höfuðverks en lést á leiðinni. Richardson var gift leikaranum Liam Neeson og áttu þau saman tvo drengi.

## PATRICK SWAYZE



Leikarinn og dansarinn Patrick Swayze lést 14. september eftir erfiða baráttu við krabbamein. Swayze var ávallt mjög opinskár með sjúkdóm sinn og lét meðal annars hafa eftir sér við eitt tækifæri; „Ég er aðeins einn af mörgum einstaklingum sem þurfa að berjast við þennan sjúkdóm." Eftirminnilegustu hlutverk Swayze voru í kvikmyndunum Dirty Dancing og Ghost.

## DOM DELUISE



Gamanleikarinn Dom DeLuise lést 4. maí eftir að nýrun hættu skyndilega að starfa. DeLuise hafði lengi þjáðst af sykursýki og of háum blóðþrýstingi vegna offitu og má rekja nýrnasjúkdóminn til þessa.




Tónlist ★★★★

**Lover in the Dark**

Berndsen



## Örlí-eitís alla leið

Platan Lover in the Dark er hugarfóstur Davíðs Berndsen og Sveinbjörns „Hermigervils" Thorarensen. Þeir semja lögin saman, Davíð syngur og Sveinbjörn sér nánast um alla tónlistina. Báðir eru miklar hljóðgervlanördar og fíklar í hljóðgervlaknúna eitís-músík – og þá frekar í „örlí-eitís", en það sem á eftir kom, axlarpúðaklætt og stífmálað. Þetta er vissulega hljóðheimur sem er löngu hættur að vera nýr og ferskur enda búið að vinna með þessi sánd út og suður áratugum saman. Einu sinni voru gítarleikarar vissir um að svuntuþeysirinn myndi steindrepa alla tónlistarsköpun, en nú er enginn að spá í þessu lengur. Músík er bara músík, sama á hvað fólk býr hana til. Strákarnir yfirkeyra sig ekki á áhrifavöldunum. Þeir vitna reyndar ótt og títt til skyrtuklæddra höfðingja fortíðar og hljómsveita eins og O.M.D. og Human League, en bæta þó við fróðleik og vitneskju frá árunum þrjátíu sem liðin eru og þónokkru frá eigin brjósti.



**EFTIRMINNILEGT MYNDBAND** Við besta lag disksins, Supertime. MYND/LÉO STEFÁNSSON

Þessi plata er ljómandi skemmtileg, létt og hress með svalari þyngslum inn á milli. Afburðalag er Supertime, sem frábært bílslysamyndband var gert við í sumar. Jafn grípandi lag með svona flottu myndbandi ætti léttilega að ná almennilega í gegn. Það er enginn skortur á góðum lögum, þótt þau komist kannski ekki alveg jafnfætis Súpertæminu. Til að mynda eru hin laufléttu Young Boys og In Sight mjög góð stuðlög og vélmennarokkið í The Perfect Human er töff og gantast með framtíðarsýnir fortíðar og þess alvarleika sem þessum framtíðarspám fylgdu – þú veist, vélmennin tækju völdin, og allt það.

Vissulega fer það mikið eftir því hversu svag fólk er fyrir tímabilinu sem platan vitnar til hvernig verkið leggst í það. Hér er fátt sem gleður þá mörgu sem finnst eitísið hin myrka öld tónlistarlegrar niðurlægingar. Hinir komast í feitt og ættu auðveldlega að geta kjamsað á þessari fínu skífu. Menn voru tilraunakenndir og framsæknir á þessum tíma, en samt að gera popp. Berndsen líka.

**Dr. Gunni**

**Niðurstaða:** Ljómandi góð poppplata klædd í smart föt frá byrjun níunda



nettó
Ódýrt fyrir heimilið!
Eru verkir og svefnleysi að hrjá þig?
Náttúrukoddinn
LEYSIR VANDANN!
50% afsláttur
50% afsláttur
100% náttúrleg vellíðan sem leiðir til dýpri svefns og fullkominnar hvíldar.
„Zu-Kan-Soku-Netsu" - Aldagömul japönsk speki sem tók aldir að fullkomna.
„Soba gara" - sérstök blanda af bókhveitihýðum og jurtum.
Fullkominn stuðningur við höfuð, háls og hrygg.
Koddinn aðlagar sig lögun og hreyfingum höfuðsins á meðan þú sefur.
Náttúrulegt efni koddans heldur ávallt jöfnum hita á höfðinu, hitar það í miklum kulda og kælir í miklum hita.
Hentar vel bæði börnum og fullorðnum.
Hægt að taka úr og bæta í koddann að vild.
NÁTTÚRUKODDINN
STÓR, 40 x 73 cm, 3 kg
2.995 kr
Verð áður 5.990 kr
NÁTTÚRUKODDINN
MEÐALSTÓR, 35 x 50 cm, 1,5 kg
2.995 kr
Verð áður 5.990 kr
www.markhonnun.is
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær
Tilboðin gilda 18. - 24. desember eða meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Georgs verður ekki sárt saknað

**Kvikmyndin Bjarnfreðarson var frumsýnd á laugardagskvöldið í Háskólabíói. Fullt var út úr dyrum í stóra salnum og þegar myndin byrjaði að renna yfir hvíta tjaldið mátti heyra hlátrasköll óma um allan salinn. „Maður skyldi aldrei afskrifa Georg alveg, maður á ekki að loka neinum dyrum. Ég er laus við hann í bili og get fengið að hafa hárið mitt í friði sem er núna fyrst að verða eðlilegt,“ segir Jón Gnarr sem var að borða sænskar kjötbollur í IKEA og safna atkvæðum fyrir nýja stjórnmálaaflið sitt. Hann leikur auðvitað sjálfan Georg Bjarnfreðarson sem allt snýst um í myndinni. „Ég sakna Georgs ekkert og ég hef enga þörf fyrir að vera hann nema kannski hvað fjármálin varðar, það er fínt að vera Georg í kreppunni,“ segir Jón.**- fgg



Jörundur Ragnarsson og Sara Margrét hlökkuðu mikið til að sjá persónurnar sínar, Daníel og Ylfu Dís, lifna við á hvíta tjaldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Pétur Jóhann var í feiknalegu stuði ásamt þingmanni Framsóknarflokksins, Guðmundi Steingrímssyni og spúsu hans, Alexíu.



Sigurður Þ. Árnason og Halldóra Edda Jónsdóttir voru fín á frumsýningunni.



Hugrún, Logi og Steinunn voru flott á Bjarnfreðarson.



Leikkonan Katla Margrét og Jón Ragnar spókuðu sig um meðal gesta í Háskólabíói.



Þeir Gunnar Sigurðsson og Jóhannes í Bónus hafa haft í nægu að snúast að undanförnu en þeir mættu á frumsýningu Bjarnfreðarsonar ásamt Guðrúnu og Þór Hinrikssyni.



Víkingur Kristjánsson og Halldór Rut voru spennt fyrir Bjarnfreðarsyni.



Ólafur Darri fór á kostum í Fangavaktinni og hér er hann ásamt Lovísu Ósk.



Gamanleikarinn góðkunni, Magnús Ólafsson, og Tómas Geir Harðarson voru meðal gesta.




# Jafnar sig á árás

Breska söngkonan Leona Lewis segist vera búin að jafna sig á líkamsárásinni sem hún varð fyrir í bókabúð í London í október. Þá vatt sér ókunnur maður upp að henni er hún var að árita sjálfsævisögu sína og sló hana í andlitið. „Til að byrja með var þetta mikið áfall og ég var í miklu uppnámi en núna er ég eiginlega búin að jafna mig. Ég vil bara horfa fram á veginn og ég vil ekki láta þetta hafa áhrif á mig. Enda hefur það ekki gert það,“ sagði hin 24 ára Lewis. Árásarmaðurinn játaði sekt sína í réttasal fyrir skömmu og á yfir höfði sér fangavist. Leona segist ennþá vera ósköp venjuleg manneskja þrátt fyrir frægðina. „Ég held að fólk líti á mig eins og stúlkuna í næsta húsi, sem ég er eiginlega. Ég er mjög jarðbundin og ánægð með að fólk líti þannig á mig.“



**LEONA LEWIS** Lewis er búin að jafna sig á líkamsárásinni sem hún varð fyrir í október.

# Vill eignast fleiri börn

Sarah Jessica Parker segist gjarnan vilja eignast fleiri börn. Leikkonan á soninn James, sjö ára, og fimm mánaða tvíburana Lorettu og Tabithu með eiginmanni sínum, leikaranum Matthew Broderick. Í viðtali við bandaríska dagblaðið USA Today útilokar leikkonan ekki ættleiðingu, en þau hjón eignuðust tvíburana með hjálp staðgöngumóður.

„Það er enginn sem segir að við munum ekki halda áfram að reyna að stækka fjölskylduna okkar með hinum ýmsu leiðum. Kannski ættleiðingu, hver veit?,“ segir Parker, sem er 44 ára. Þá segist hún njóta þess að vera bæði móðir og leikkona, en viðurkennir að hún þurfi aðstoð við húsmóðurhlutverkið. „Ég hef heyrt að margar leikkonur þykjast ekki fá neina aðstoð og það getur ekki verið satt. Það er mjög ósanngjarnt gagnvart vinnandi húsmæðrum í Bandaríkjunum sem lesa um stjörnurnar og skilja ekki af hverju þær geta ekki losnað við aukakílóin eftir að þær eignast börn. Staðreyndin er að stjörnurnar sem þær lesa um hafa pening til að borga einkaþjálfara og kokk, sem gerir samanburðinn óraunhæfan,“ segir hún.



**HAMINGJUSÖM HÚSMÓÐIR** Sarah Jessica Parker segist vera hamingjusöm móðir og leikkona en viðurkennir að hún þurfi aðstoð við húsmóðurhlutverkið.

# Mætti óvænt á ráðstefnu

Thom Yorke, söngvari Radiohead, mætti óvænt á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn fyrir skömmu. Umhverfismál hafa verið Yorke afar hugleikin um árin og hefur hann að undanförnu bloggað óspart um ráðstefnuna á heimasíðu Radiohead. Svo virðist sem honum hafi leiðst þófið því skyndilega birtist hann í Kaupmannahöfn með blaðamannapassa um hálsinn til að fylgjast með framvindu mála með eigin augum. Hann segir gagnsæi hafi vantað á ráðstefnuna og að hinn almenni borgari botni hvorki upp né niður í þróun mála.



**THOM YORKE** Söngvari Radiohead mætti óvænt á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Mánudagur 21. desember 2009**

**➜ Tónleikar**

**20.00 Tónlistarhópurinn Katla** heldur jólatónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík. Kötlu skipa Hörður Bragason á píanó, Birgir Bragason kontrabassa, Svava Kristín Ingólfsdóttir söngur og Ingibjörg Guðlaugsdóttir á básúnu. Á efnisskránni verða norræn jólalög.

**20.30 Kór Menntaskólans í Reykjavík** heldur tónleika í Setjarnarneskirkju við Kirkjubraut. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

**21.00 Camerarctica** heldur tónleika í Dómkirkjunni við Austurvöll. Á efnisskránni verður tónlist eftir W.A. Mozart, þar á meðal „Eine kleine Nachtmusk“

**21.30 Bebopfélag Reykjavíkur** stendur fyrir djammsessjóni í jazzkjallara Café Cultura á Hverfisgötu 18. Haukur Gröndal og Óskar Guðjónsson saxófónleikarar verða í forsvari.







# Lífið snýst um money

**Egill „þykki“ Einarsson sendi á dögunum frá sér bókina Mannasiðir Gillz. Bókin hefur notið talsverðra vinsælda og situr í þriðja sæti á vinsældalista Eymundsson. Fréttablaðið grípur hér niður í kaflann „Hvernig á að sleikja rassgatið á yfirmanninum“ úr bókinni.**



**HÖFUNDURINN** Egill Einarsson gaf fyrst út Biblíu fallega fólksins. Nú telur þessi umdeildi kraftajötunn sig geta kennt fólki almennilega mannasiði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það hafa allir einhvern tímann lent í því að vera í vinnunni og hugsa: „Af hverju er Siggi orðinn yfirmaður þessa sviðs, hann gerir ekki rassgat hérna nema að sleikja rassgatið á öllum yfirmönnunum!” Svarið er ósköp einfalt: Það er af því að Siggi kann að sleikja rassgöt. Jújú, þú getur mætt í vinnuna á réttum tíma, staðið þig mjög vel en ef yfirmaðurinn þinn fílar þig ekki ertu bara stuck einhversstaðar niðri. Sem þýðir að þú ert fastur á ákveðnum stað í vinnunni og getur hvorki fengið hærri laun né náð lengra.

### Þú vilt vera yfirmaður

Lífið snýst um money. Ekki vera metnaðarlaus aumingi sem sættir sig við að vera meðalmaður. Þú vilt ná lengra! Þú vilt vera yfirmaður, láta undirmennina vinna vinnuna fyrir þig og láta budduna þína tikka meðan þú ert í golfi í Portúgal með félögunum. Hvernig gerirðu það? Að sjálfsögðu skiptir menntun máli, að vera duglegur er lykilatriði í þessu eins og öðru. Jafnframt skiptir metnaðurinn miklu máli! En þetta kemur þér bara xlangt. Á ákveðnum tímapunkti, ef þú vilt ná lengra, þá þarftu að læra að sleikja rassgöt. Þegar ég var að vinna í IKEA einu sinni þá voru oftar en ekki rasshausar í yfirmannastöðum sem voru gjörsamlega hæfir. En þeir kunnu þetta – að sleikja rassgöt.

### „Lestu“ yfirmanninn

Það er ekki nóg að vera góður í að stjórna undirmönnum – þú verður líka að læra að stjórna yfirmanninum. Lærðu að „lesa“ hann. Hvernig skapi er hann í þennan daginn? Er hann pirraður, er hann hress, leiður? Tapaði uppáhaldsliðið hans í enska boltanum um helgina? Fylgjast með þessu öllu. Það er kannski full hart að kalla þetta að sleikja rassgatið á yfirmanni sínum. Í raun er þess vegna hægt að kalla þetta bara: Hvernig áttu að höndla yfirmann þinn svo allt gangi eins þægilega fyrir sig í vinnunni og mögulegt er.

### Láttu honum líka vel við þig

Ef þú getur ekki fengið yfirmann þinn til að líka vel við þig þá er það ekki honum að kenna heldur þér. Ef áhugamál hans eru til dæmis badminton, hommaklám og enski boltinn þá ert þú að fara að stúdera þessa hluti og ræða þá reglulega við hann. „Hallur, heyrðu varstu búinn að sjá nýjustu hommaklámmyndina með vini Haffa Haff? Djöfulsins rugl maður, helduðu ekki bara að hann fái slökkviliðstæki upp í rassgatið á sér! Alveg magnað.“ LÁTTU HONUM líka vel við þig! Félagi minn, Gylfi Þór Gylfason, bjargaði eitt sinn yfirmanni sínum listilega. Gylfi stóð ásamt honum í hópi fólks og yfirmaðurinn rekur við. Gylfi var eldfljótur að hugsa og sagði strax afsakið og tók þannig sökina á sig. Hann fékk svo að hætta fyrr þann daginn á fullum launum! Það getur borgað sig að vera fljótur að hugsa.

### Allir vilja hrós

Hrósaðu yfirmanni þínum reglulega. Var hann að loka einhverjum díl í vinnunni eða leysti hann eitthvað verkefni vel? Hrósaðu honum. Allir hafa egó og vilja hrós. Ekki hrósa honum samt á hverjum einasta degi því þá fer hann að sjá í gegnum þetta. Passaðu þig að segja ekki já við öllu sem yfirmaðurinn segir. Þá fer hann að líta á þig sem rasshaus sem segir einmitt já við öllu til að sleikja hann upp. Vertu af og til ósammála honum og komdu þá með góð rök. Þá sér hann forystuhæfileika hjá þér og þú verður mögulega hækkaður í tign.

### Taktu blað og penna á fundi

Ef þú ert að fara á fund með yfirmanni þínum taktu með þér blað og penna. Þú getur verið að skrifa niður uppáhalds bíómyndasetningarnar þínar eða tippa á hvernig leikirnir í enska boltanum fara en það skiptir engu máli. Hann sér þig bara vera að punkta niður hjá þér og verður ánægður með hversu metnaðarfullur þú ert. Ég notaði þetta reglulega þegar ég var lagermaður og tyllti mér hjá Bjarna lagerstjóra. Ég var að ræða við hann um eitthvert verkefni og teiknaði jullur á blaðið á meðan. Hann var hrikalega ánægður með hvað kallinn var metnaðarfullur.



**ALLTAF AÐ PUNKTA NIÐUR** Egill mælir með því að menn mæti með blað og penna á hvern einasta fund.

### Ekki deila við stjórann

ALDREI þykjast vera gáfaðari en yfirmaðurinn. Sérstaklega ekki fyrir framan hóp af fólki. Það er ekkert sem hann hatar meira. Ef þú ert að senda meil á æðsta yfirmann fyrirtækis og ætlar að sleikja rassgatið á honum ekki bæta þá næsta yfirmanni þínum í CC. Hann verður brjálaður þegar hann sér að þú leitaðir ekki til hans heldur fórst fyrir ofan hann til að vera flottur gæi. Yfirmaður þinn mun lækka þig í tign og gefa þér stígvélið áður en þú veist af. Nú, eða þú verður strípaður þegar bónusinn verður næst greiddur út.

Ef starfsmannastjórinn sendir út póst þar sem óskað er eftir sparnaðarhugmyndum, ekki ríplæja á alla og leggja til að starfsmannastjóranum verði sagt upp störfum. Það er búið að reyna það og það gaf ekki góða raun. Þegar starfsmannastjórinn talaði um hreinskiptni í ræðu sinni á starfsdeginum, mitt á milli kaflans um hve fyrirtækið væri fjölskylduvænt og kaflans um að fyrirtækið væri í raun fjölskylda, þá átti hann ekki alveg við svona mikla hreinskiptni.

### Ekki fela vandamálin

Ef upp kemur vandamál ekki fela það fyrir yfirmanni þínum. Ef hann kemst að því mun taka þig marga mánuði að vinna hann aftur á þitt band. Yfirmaðurinn þinn vill þrátt fyrir allt frekar lausnir en vandamál. Ef þú ert alltaf að koma með vandamál til hans en engar lausnir fer hann að hata þig. Vertu alltaf klár með tvær til þrjár hugmyndir um hvernig má leysa öll mál. Ekki samt koma með of mörg vandamál til hans í einu. Mættu með eitt vandamál í senn. Ef þú reynist einn risastór vandamálapakki reynir hann að forðast þig og rekur þig á endanum.

### Brostu

Leystu öll verkefni brosandi. Hversu flókið er að brosa? Þegar ég var að vinna sem pizzasendill á Pizza Mambó þá var ég pirraður í vinnunni einn daginn og brosti ekkert. Daginn eftir var ég lækkaður í tign og gerður að brauðstangatækni. Það tók mig heila viku að vinna mig aftur upp í sendlastöðuna.

Fylgstu með dagskránni hjá yfirmanninum. Ekki rölta inn á skrifstofuna hans með eitthvert verkefni sem þarf að leysa ef það er kortér í mikilvægan fund hjá honum. Þá getur hann ekki einbeitt sér nóg að þér og athyglin er annars staðar.

Ef þú drullaðir á þig í einhverju verkefni viðurkenndu það þá. Þegar ég var að vinna í IKEA eitt sinn þá var ég að lagerast á lyftara og að hlusta á snillingana Sigurjón Kjartans og Jón Gnarr í Tvíhöfða. Ég fékk hláturskast og velti þá óvart heilu bretti af skápum sem kostaði ekki undir hálfri kúlu. Ég var að spá í að hlaupa í burtu því það voru engin vitni. Ég var líka að spá í að ljúga því að Stjáni feiti lagermaður hefði gert þetta því ég vissi alltaf að ef það væri hans orð á móti mínum þá yrði mér trúað frekar. En hvað gerði ég? Sparkaði upp hurðinni hjá Bjarna lagerstjóra og sagði: „Gamli, ég skeit, velti heilu helvítis fataskápabretti maður, maður er nú einu sinni mannlegur!“ Og síðan sagði ég strax á eftir: „Djöfulsins rugl hjá ykkur Liverpool-mönnum að missa Gerrard í meiðsli maður, það er hellað!“ Og þá var ég strax búinn að sjatla þetta og hann var ekki brjálaður útí mig.

### Sýndu hæfileikana

Sýndu honum lymskulega að þú hafir hæfileika til þess að láta hlutina gerast og þú getir stjórnað mönnum. Ég notaði þetta reglulega í IKEA. Enda var ég fljótt öppgreidaður úr almennum lagergóm í yfirmann vörumóttöku. Ég fylgdist með þegar Bjarni lagerstjóri kom röltandi út ganginn og passaði að hann sæi mig ekki. Síðan þegar ég vissi að hann var kominn á svæði þar sem hann heyrði í mér þá öskraði ég á Stjána feita lyftaramann: „STJÁNI! Ertu með frómas í hausnum? Ég þarf að afgreiða þessa fataskápa út fyrir klukkan tvö. Drullastu til að taka þá niður eða ég sting þessum fataskáp upp í rassgatið á þér, kapísh!“ Yfirmaðurinn heyrir þá hversu grjótharður þú ert og það getur komið þér upp á næsta level. Ef þú ert búinn að vera svo öflugur í að láta yfirmanni þínum líka vel við þig að hann býður þér að sitja við borðið sitt í kaffinu þá verðurðu að leggja þig sérstaklega fram þar. Ekki þá tala um neitt vinnutengt. Gott er að smella fram af og til setningunni „hvern hitti ég aftur sem talaði svo vel um þig, oh ég verð að muna það“. Ef þú kannt skotheldan brandara komdu þá með hann og ef að yfirmaðurinn þinn segir eitthvað sem er fyndið þá skaltu öskra af hlátri, berja í borðið og ky?la hann létt í öxlina. Þá verða vinabönd ykkar strax sterkari.

### Bjóddu á barinn

Á jólaglöggi, árshátíð eða bjórkvöldi í vinnunni vertu þá fáránlega hress. Bjóddu yfirmanni þínum á barinn og svo skaltu hlæja að öllu sem hann segir. En ekki elta hann allt kvöldið. Þú reynir bara að „rekast“ á hann af og til. Það eru alltaf 23 gæjar sem verða reiðir þegar þeir eru fullir á árshátíðum og fara að öskra á yfirmenn sína. Þeir munu aldrei ná lengra og verða alltaf meðalmenni. Það er alltaf einn fáviti á hverjum vinnustað (í gamla daga hét þetta „það er alltaf gikkur í hverri veiðistöð“) – gættu þess að halda þér frá honum á svona kvöldum. Lífið er of stutt fyrir leiðindi þegar maður er að skemmta sér.

Og til að dekka allar hugsanlegar aðstæður: Reyndu að forðast í lengstu lög að hamra yfirmann þinn inn á salerni í jólapartýinu. Það er vandræðalegt daginn eftir, gæti skemmt jólastemninguna líka og samband ykkar verður töluvert stirðara eftir en áður. Þetta kom fyrir einn góðan vin minn.

*Millifyrirsagnir eru blaðsins*



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# „... mikil, vegleg og áhugaverð bók“

Egill Helgason / Silfur Egils

★ ★ ★ ★

„... björt saga með djúpum og dimmum sorgarköflum ... með hreinskilni um ósigra og skýrri boðun um erindi og árangur mætrar konu.“
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

„Ég er mjög ánægð með þessa bók ... mjög vel skrifuð ... mér finnst við komast nálægt manneskjunni.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„... framúrskarandi vel unnin ... enda Páll með ritfærustu mönnum. Hann hefur fullkomið vald á efninu ... Eftir situr mynd af gáfaðri og geðþekkri konu sem var landi sínu og þjóð til sóma.“
Hrafn Jökulsson / Viðskiptablaðið

„Mjög gott og mikið verk. Hér er fjallað um hluti sem enginn vissi neitt um og sýna Vigdísi í algerlega nýju ljósi.“
Sigurður G. Tómasson / Útvarp Saga

„Verulega góð ævisaga.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan




Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun 2009
bókaverslana

3. PRENTUN VÆNTANLEG



Páll Valsson bregður upp einstakri mynd af Vigdísi, sorgum hennar og sigrum, þannig að saga hennar verður lesanda bæði nákomin og hugstæð.



Kate Hudson lék á als oddi á rauða dreglinum fyrir frumsýninguna. MYNDIR/GETTY



Ólíkt meðleikkonum sínum mætti Nicole Kidman í stuttu pilsi á frumsýningu Nine.



Aðalleikarar Nine stilltu sér upp fyrir myndavélarnar á rauða dreglinum.



Judi Dench fer með hlutverk í myndinni og mætti í áberandi grænum kjól á frumsýninguna.



Söngkonan Shingai Shoniwa úr hljómsveitinni Noisettes var meðal gesta.

# Stórstjörnur á frumsýningu Nine

**Heimsfrægir leikarar og tónlistarmenn lögðu leið sína á heimsfrumsýningu kvikmyndarinnar Nine í London fyrr í mánuðinum. Á meðal leikara í myndinni eru Kate Hudson, Nicole Kidman, Penelope Cruz og Daniel Day-Lewis og mættu þau öll á rauða dregilinn fyrir frumsýninguna. Myndin er væntanleg í kvikmyndahús út um allan heim eftir jól.**

- ag


# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!




Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 91% lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí-okt. 2009.


Íslensk hönnun
Íslensk framleiðsla
mediline+
• Hægt að breyta stífleika dýnu
• Þarf ekki að snúa
• Lagar sig fullkomnlega að líkamanum
• Styður þétt við bak og mjóhrygg
• Hægt að taka dýnuver af og þvo
• Möguleiki á tveimur mismunandi stífleikum í sömu dýnunni
mediline+
heilsurúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 121.936
Innifalið: Heilsudýna, botn og lappir.
Gæða rúm á góðu verði
LYSTADÚN Marco
í 60 ár
Liam rúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 188.240
Innifalið: Rúm, náttborð, mediline+ heilsudýna.
Stillanlegt
Liam rúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 341.840
Innifalið: Rúm, náttborð, bluconfort rafmangsbotn og mediline+ heilsudýna.
Vaxtalaus lán í allt að 6 mánuði
MasterCard VISA
Frábærar Jólagjafir
Unglinga heilsurúm 120x200
Margar stærðir og stífleikar
Jólatilboð verð frá kr. 94.288
Heilsukoddar Jólatilboð kr. 8.560
100% hrein andadúnsæng 140x200 cm
Jólatilboð kr. 21.520
Moltex
Rúmteppi og púðar, mikið úrval
20% afsláttur til jóla
Satin og Damask
Sængurverasett mikið úrval og margir litir
Jólatilboð, verð frá kr. 3.825
Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500
Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504
OPIÐ TIL KL 20.00 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM



# STJÖRNUM PRÝDD PLÖTUJÓL

**Eftir því sem næst verður komist hafa plötugagnrýnendur Fréttablaðsins – þeir Freyr Bjarnason, Dr. Gunni, Kjartan Guðmundsson og Trausti Júlíusson – dælt út samtals 156 stjörnum í dómum sínum í ár. Mikillar jákvæðni virðist gæta því engin plata fær minna en tvær stjörnur. Aðeins ein nær fullu húsi, fimmstjörnu platan Dry Land með Bloodgroup, en átján ná fjórum stjörnum. Lesendum til hægðarauka koma hér stjörnugjafirnar í ár.**

## FIMM STJÖRNUR:

**Bloodgroup** - Dry Land

## FJÓRAR STJÖRNUR:

**Björk** - Voltaic
**Egill S** - Egill S
**Gunnar Þórðarson** - Vetrarsól
**Hallur Ingólfsson & Halldóra Malín Pétursdóttir** - Disaster Songs
**Hjaltalín** - Terminal
**Hjálmar** - IV
**Jóhann G. Jóhannsson** - Á langri leið
**Lady & Bird** - La Ballade of Leaves
- We Are Shadows
**Kimono** - Easy Music for Difficult Music
**Morðingjarnir** - Flóttinn mikli
**Múm** - Sing along to Songs You Don't Know
**Ourlives** - We Lost the Race
**Snorri Helgason** - I'm Gonna Put Your Name on Your Door
**Skelkur í bringu** - Húðlitað klám
**Stefán Karl** - Í túrett og moll
**Sykur** - Frábært eða frábært
**Sudden Weather Change** - Stop! Handgrenade

## ÞRJÁR STJÖRNUR:

**Á móti sól** - 8
**Belafonte** - Belafonte
**Bróðir Svartúlfs** - Bróðir Svartúlfs
**Buff & Magnús Eiríksson** - Reyndu aftur
**Caterpillarmen** - Adopt a Monkey
**Dikta** - Get It together
**Egó** - 6. október
**Ellen Kristjáns** - Draumey
**Feldberg** - Don't Be a Stranger
**Friðrik Ómar & Jógvan** - Vinalög
**Gummzter** - Erkiengill
**GusGus** - 24/7
**Hafdís Huld** - Synchronized Swimmers
**Ívar Bjarklind** - Tíu fingur og tær
**Jónsi & Alex** - Riceboy Sleeps
**Lay Low** - Flatey
**Megas & Senuþjófarnir** - Segðu ekki frá (með lífsmarki)
**Pascal Pinon** - Pascal Pinon
Prins póló
**Retrön** - Swordplay & Guitarslay
**Ske** - Love for You all
**Þorvaldur Þór Þórvaldsson** - Þorvaldur Þór Þórvaldsson
**Þóra Björk** - I Am a Tree now

## TVÆR STJÖRNUR:

**Cosmic Call** - Cosmic Call
**Helgi Björns** - Kampavín
**Hoffmann** - Your secrets are safe with us
**Lára** - Surprise
**Me, the slumbering Napoleon** - The bloody core of it





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 6 - 8D - 10:10D | L |
| OLD DOGS | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 7 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 5:50 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LES CONTES D'HOFFMANN Ópera endur flutt | kl. 6 | L |
| OLD DOGS | kl. 8 - 10 | L |
| SORORITY ROW | kl. 10:30 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:40 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 - 8 | 12 |
| CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 8 - 10 | L |
| MY LIFE IN RUINS | kl. 8 | L |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10 | 16 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

JÓLAMYNDIN 2009!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 3D 950 kr. kl. 1 | kl. 1 - 4.40 - 5.40 - 8 - 9 - 11.15 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 1 - 4.40 - 8 - 11.15 | 10 |
| AVATAR LÚXUS | kl. 1 - 4.40 - 8 - 11.15 | 10 |
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 | L |
| ARTÚR 2 | kl. 1 - 3 | L |
| 2012 | kl. 1 - 8 - 11.15 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 3D 950 kr. kl. 2.40 | kl. 2.40 - 6 - 9.20 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 2.40 - 6 - 9.20 | 10 |
| ANVIL | kl. 4 - 6 | 7 |
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 3.30 - 10.10 | 12 |
| DESEMBER | kl. 8 - 10 | 10 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 2D | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| 9 | kl. 4 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 2D | kl. 5 - 6.45 - 8.30 - 10.10 | 10 |
| BAD LIEUTENANT | kl. 5.30 - 10.30 | 16 |
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 | L |
| SAW 6 | kl. 8 - 10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 3D - POWER | kl. 12.50(850 kr.), 3.50, 5.50, 7, 9 og 10.10 | 10 |
| BAD LIEUTENANT | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 16 |
| ARTÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 2(550 kr.) og 4 | L |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 2(550 kr.) og 3.50 - Íslenskt tal | L |




TILBOÐ DAGSINS
Exido brauðrist með endurhitun og afþýðingu
2.989 kr.
Fullt verð 5.989
FRÉTTABLAÐIÐ
?
Fylgstu með TILBOÐI DAGSINS í blaðinu á morgun!
OPIÐ TIL KL. 22 - ALLA DAGA TIL JÓLA
Philips gæða heyrnartappar 1.589 kr.
Severin hárklippur 1.989 kr.
Melissa sléttujárn 2.989 kr.
Exido baðvog 3.489 kr.
Melissa kaffikanna 3.989 kr.
Severin poppvél 4.989 kr.
Dantax ferðatæki 4.989 kr.
Logitech vefmyndavél 4.989 kr.
Panasonic þráðlaus sími 5.989 kr.
Severin blandari 5.989 kr.
Lenco Xemio 4GB MP3 spilari í lyklakippustærð 6.989 kr.
United með CD og segulbandi 7.989 kr.
Mikið úrval ódýrra DVD mynda
Verð frá kr. 989
MAX RAFTÆKI
Opið mán. - fös. kl. 11-22
Laugardaga kl. 11-22
Sunnudaga kl. 12-22
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

## > KR spilaði í Kína um helgina

KR lék tvo sýningarleiki við Beijing Aoeshen í borginni Chengdu í Kína um helgina. KR tapaði báðum leikjunum, þeim fyrri 101-73 og þeim síðari 104-81. KR-ingar léku þó vel enda þurftu leikmenn að leggja á sig langt ferðalag auk þess sem leiktíminn var lengri, 48 mínútur, en þeir hafa vanist. Leikir hér á landi og annars staðar í Evrópu eru 40 mínútur. Tommy Johnson var stigahæstur KR-inga í fyrri leiknum með 22 stig en Semaj Inge skoraði nítján stig í þeim síðari.



# sport

sport@frettabladid.is

**KJARTAN HENRY FINNBOGASON:** AFTUR Á LEIÐ TIL NOREGS FRÁ SKOTLANDI

# *Það var aldrei í myndinni að lána mig lengur*

Kjartan Henry Finnbogason er á leið aftur til Sandefjord í Noregi eftir að hafa verið í láni hjá skoska úrvalsdeildarfélaginu Falkirk í haust. Lánssamningur Kjartans rennur út um miðjan janúar og á hann von á því að fara aftur til Noregs þá.

„Jú, það hefur gengið það illa hjá liðinu að það virðist ekki annað vera í sjónmáli," sagði Kjartan við Fréttablaðið í gær. „En það var reyndar aldrei í myndinni að ég yrði hér áfram á lánssamningi. Falkirk stendur til boða að kaupa mig en ég á ekki von á að það gerist."

Samningur Kjartans við Sandefjord rennur út í desember á næsta ári og má hann ræða við önnur félög næsta sumar. „Því vildi Sandefjord ekki lána mig lengur en til áramóta. Annars væri það eins og ég væri að fara frítt frá félaginu."

Kjartan Henry hefur sjö sinnum verið í byrjunarliði Falkirk á leiktíðinni en hann skoraði í sínum fyrsta leik með liðinu í haust, í 2-1 tapi fyrir Dundee United. En Kjartan hefur ekkert spilað síðan í lok október vegna meiðsla.

„Ég er ekkert svekktur yfir því að fara aftur til Noregs en hins vegar hafa þessi meiðsli hafa verið mjög leiðinleg. Ég tognaði á liðbandi í hné fyrir sjö vikum en upphaflega var talið að ég yrði í 4-6 vikur að ná mér. Ég fór í sprautu í fyrradag og vona ég að það verði til þess að ég geti eitthvað spilað með liðinu um hátíðarnar enda eru margir leikir þá," sagði Kjartan.



Falkirk er á botni deildarinnar og hefur mórallinn í liðinu verið eftir því. „Það er mikið búið að ræða um hvort reka eigi þjálfarann og það er mikil pressa á liðinu. En á meðan hef ég þurft að sitja uppi í stúku og horfa á."

Honum líst þó vel á framhaldið og ætlar að reyna að sanna sig á ný í Noregi. „Yfirmaður íþróttamála hjá Sandefjord kom til Skotlands og sá mig spila á móti Celtic. Hann sagði mér að reyna að ná mér góðum og koma svo af fullum krafti í undirbúningstímabilið fyrir tímabilið í norsku deildinni."

Kjartan Henry hóf atvinnumannaferil sinn hjá Celtic í Skotlandi en hann gekk í raðir Sandefjord í fyrra og hefur síðan þá skorað tíu mörk í 33 deildarleikjum.

## ÚRSLIT

### *Þýska úrvalsdeildin*

**Kiel - Hamburg 29-29**
Aron Pálmarsson kom ekki við sögu hjá Kiel.

**Füchse Berlin - Rhein-Neckar Löwen 33-28**
Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 1 mark fyrir RNL, Ólafur Stefánsson 5 en Snorri Steinn Guðjónsson ekkert. Rúnar Kárason skoraði 3 mörk fyrir Füchse.

**Hannover-Burgdorf - Lemgo 26-25**
Hannes Jón Jónsson skoraði 3 mörk fyrir Hannover-Burgdorf. Vignir Svavarsson skoraði 2 mörk fyrir Lemgo en Logi Geirsson ekkert.

**Göppingen - Gummersbach 31-29**
Róbert Gunnarsson skoraði 4 mörk fyrir Gumm.

**TuS N-Lübbecke - Balingen 32-24**
Heiðmar Felixsson skoraði 1 mark fyrir Lübbecke en Þórir Ólafsson lék ekki með vegna meiðsla.

**Flensburg - Minden 35-21**
Alexander Petersson skoraði 3 mörk fyrir Flens burg. Ingimundur Ingimundarson skoraði 4 mörk fyrir Minden og Gylfi Gylfason 2.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kiel** | **15** | **13** | **2** | **0518-388** | **28** |
| Hamburg | 15 | 13 | 1 | 1 513-401 | 27 |
| **Flensburg** | **15** | **11** | **0** | **4468-416** | **22** |
| RN Löwen | 15 | 10 | 1 | 4461-403 | 21 |
| **Göppingen** | **15** | **10** | **1** | **4454-447** | **21** |
| Lemgo | 15 | 9 | 2 | 4431-402 | 20 |
| **Gummersb.** | **15** | **8** | **3** | **4437-404** | **19** |
| Grosswallstadt | 15 | 8 | 3 | 4 413-401 | 19 |
| **Füchse Berlin** | **15** | **8** | **0** | **7430-427** | **16** |
| Magdeburg | 15 | 7 | 0 | 8441-452 | 14 |
| **Wetzlar** | **15** | **6** | **1** | **8400-437** | **13** |
| Lübbecke | 15 | 4 | 3 | 8419-428 | 11 |
| **Melsungen** | **15** | **5** | **0** | **10402-449** | **10** |
| H-Burgdorf | 15 | 4 | 1 | 10 380-44 | 9 |
| **Balingen** | **15** | **3** | **0** | **12377-405** | **6** |
| Minden | 15 | 1 | 3 | 11355-414 | 5 |
| **Düsseldorf** | **15** | **2** | **1** | **12358-440** | **5** |
| Dormagen | 15 | 2 | 0 | 13381-480 | 4 |

### *Danska úrvalsdeildin*

**Nordsjælland - GOG 28-31**
Gísli Kristjánsson skoraði 3 mörk fyrir Nordsjælland og Ásgeir Örn Hallgrímsson 4 fyrir GOG.

**FHK Elite - Skjern 33-24**
Björn Ingi Friðþjófsson leikur með FHK.



**Á LEIÐ Í ÞRÓTT** Halldór Hilmisson í leik með Fylki síðastliðið sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Liðsstyrkur til Þróttar:

## Halldór aftur til Þróttar

**FÓTBOLTI** Þrótturum barst góður liðsstyrkur fyrir komandi átök í 1. deild karla í knattspyrnu er Halldór Hilmisson gekk aftur í raðir liðsins.

Halldór lék með Þrótturum í fimm ár áður en hann fór í Fylki árið 2006. Þar hefur hann ætíð gegnt lykilhlutverki og lék á þeim þremur árum sem hann var í Árbænum 68 leiki í deild og bikar og skoraði í þeim tólf mörk.

Halldór hefur einnig leikið með Val, Fram og FH á ferlinum. Hann gerði tveggja ára samning til Þrótt en þjálfari liðsins er Páll Einarsson sem var aðstoðarmaður Ólafs Þórðarsonar hjá Fylki í sumar.

Halldór er 32 ára gamall og hefur á ferlinum leikið 121 leik í efstu deild og skorað í þeim þrettán mörk. - esá

# Toppbaráttan enn galopin

**Kiel og Hamburg skildu í gær jöfn í toppslag þýsku úrvalsdeildarinnar í handbolta, 29-29. Þá hafði Dagur Sigurðsson, þjálfari Füchse Berlin, betur gegn Ólafi Stefánssyni, æskufélaga sínum, og félögum í Rhein-Neckar Löwen á heimavelli.**

**HANDBOLTI** Kiel tókst að halda toppsæti sínu í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta eftir að hafa gert jafntefli við Hamburg á heimavelli, 29-29, í toppslag deildarinnar. Kiel er því enn taplaust eftir fimmtán fyrstu umferðir tímabilsins en þetta var annað jafntefli liðsins í vetur. Kiel hefur nú leikið 35 leiki í röð á heimavelli án taps. Síðast tapaði liðið á heimavelli fyrir meira en tveimur árum – þá fyrir Hamburg.

Hamburg er þó aðeins einu stigi á eftir Kiel og því spennan enn mikil á toppi deildarinnar. Þessi tvö eru þó svo gott sem stungin af, sérstaklega þar sem Rhein-Neckar Löwen tapaði fyrir Füchse Berlin á útivelli í gær.

Kiel var án Daniels Narcisse í gær en hann á við meiðsli að stríða. En þrátt fyrir það fékk Aron Pálmarsson ekki tækifæri í leiknum sem var jafn og spennandi strax frá fyrstu mínútu.

Hamburg náði frumkvæðinu í leiknum og var með fjögurra marka forystu, 16-12, þegar fimm mínútur voru eftir af fyrri hálfleik. En heimamenn náðu að bíta frá sér og minnka muninn í eitt mark, 17-16, áður en flautað var til hálfleiks.

Kiel komst svo tvisvar yfir í síðari hálfleik en enn voru það gestirnir sem höfðu undirtökin á lokakafla leiksins, þökk sé góðri frammistöðu Johannes Bitter í markinu. Filip Jicha skoraði jöfnunarmark Kiel þegar ein mínúta var eftir og þar við sat.

Lærisveinum Dags Sigurðssonar, þjálfara Füchse Berlin, hefur ekki gengið neitt sérstaklega vel á heimavelli þeirra í Berlín í haust en annað var upp á teningnum í gær. Þá tók liðið á móti Rhein-Neckar Löwen sem með sigri hefði getað styrkt stöðu sína í þriðja sæti deildarinnar og saxað á forystu toppliðanna tveggja.

En refirnir frá Berlín yfirspiluðu ljónin frá Mannheim strax frá fyrstu mínútu og voru mest með sjö marka forystu, 19-12 í upphafi síðari hálfleiks.

Besti maður Füchse Berlin var markvörðurinn Petr Strochl sem varði alls átján skot. Bartlomiej Jaszka var markahæstur með sex mörk en Rúnar Kárason lét talsvert að sér kveða og skoraði tvö mörk.

Ólafur Stefánsson var meðal markahæstu leikmanna Rhein-Neckar Löwen og skoraði fimm mörk, þar af þrjú úr víti, en hann reyndi að keyra áfram sóknarleik sinna manna eins og hann gat. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði eitt en Snorri Steinn Guðjónsson ekkert.

„Við erum mjög ánægðir með sigurinn og gríðarlega stoltir af liðinu," sagði Dagur Sigurðsson eftir leikinn. „Allir leikmenn stóðu sig mjög vel en við gáfum aldrei tommu eftir í leiknum. Forystan sem við byggðum upp í leiknum dugði til að missa ekki leikinn úr höndunum eftir að við lentum í vandræðum með varnarleik þeirra," bætti hann við.

„Ég get ekkert sagt við því að hafa tapað tveimur stigum hér í dag. Þeir voru einfaldlega mun hungraðri og ákveðnari en við í leiknum," sagði Martin Schwalb, þjálfari Rhein-Neckar Löwen.

eirikur@frettabladid.is



**ENN EKKI TAPAÐ HEIMALEIK** Kiel hefur ekki enn tapað á heimavelli í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta síðan Alfreð Gíslason tók við.
NORDIC PHOTOS/BONGARTS



**HEIMSMEISTARAR** Rússar urðu heimsmeistarar í þriðja sinn í röð um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HM í Kína lauk um helgina:

## Rússar enn og aftur meistarar

**HANDBOLTI Rússar urðu í gær heimsmeistarar í handknattleik kvenna eftir sigur á Frökkum í úrslitaleik, 25-22. Staðan í hálfleik var 14-11, Rússum í vil.**

**Þetta er í fjórða sinn sem Rússar verða heimsmeistarar og þriðja skiptið í röð. Yelena Dmitiyeva skoraði átta mörk fyrir Rússa í leiknum.**

**Norðmenn unnu lið Spánverja í leik um þriðja sætið. Þórir Hergeirsson er landsliðsþjálfari Noregs.**

**Rúmenar urðu í áttunda sæti á mótinu en Florentina Stanciu, markvörður Stjörnunnar, leikur með rúmenska landsliðinu.**

**Eftir úrslitaleikinn var Liudmila Postnova, Rússlandi, útnefnd besti leikmaður keppninnar.** - esá

Bayern München:

## Leyfir Toni að fara frítt

**FÓTBOLTI** Framkvæmdastjóri Bayern München, Uli Hoeness, segir að Luca Toni sé frjálst að fara frítt frá félaginu þegar félagaskiptaglugginn opnar um næstu áramótin. Samband Toni og Louis van Gaal knattspyrnustjóra er mjög slæmt og vill Hoeness binda enda á þá neikvæðu fjölmiðlaumfjöllun sem hefur verið vegna málsins, eins og hann sagði sjálfur við þýska fjölmiðla í gær. - esá

Barcelona varð heimsmeistari félagsliða og fyrsta liðið til að vinna sex titla á einu og sama árinu:

# Óviðjafnanlegu ári að ljúka hjá Barcelona

**FÓTBOLTI** Barcelona varð um helgina heimsmeistari félagsliða eftir sigur á argentínska liðinu Estudiantes, 2-1, í framlengdum úrslitaleik sem fór fram í Abu Dhabi. Lionel Messi skoraði sigurmark Börsunga í framlengingunni.

Þeir argentínsku komust yfir með marki Mauro Boselli í fyrri hálfleik en þrátt fyrir þungar sóknir Börsunga tókst þeim ekki að jafna fyrr en seint í leiknum. Varamaðurinn Pedro Rodriguez skoraði jöfnunarmarkið þegar ein mínúta var til leiksloka eftir sendingu frá Gerard Pique.

Pep Guardiola, stjóri Barcelona, hefur náð frábærum árangri með liðinu en aldrei áður hefur liði tekist að vinna sex titla á einu og sama árinu. Eftir leikinn báru tilfinningarnar hann yfirliði og hann grét þegar hann gerði sér grein fyrir hversu stórt afrek hans og lærisveina hans var.

Hann sagði í viðtölum eftir leikinn að nú væri óhjákvæmilegt að frægðarsól liðsins myndi lækka aðeins. „Okkur tókst þetta með mikilli vinnusemi en leikmenn búa einnig yfir miklum hæfileikum. Ég held að það verði allt í lagi með okkur," sagði hann.

„Það er óviðjafnanlegt að vinna sex titla. Þetta krefst meiri ábyrgðar af okkur og við þurfum að leggja áfram mikið á okkur til að halda okkur í hópi þeirra bestu. En ég mun aldrei gleyma því að það voru leikmennirnir sem náðu þessum árangri."

Barcelona er nú þriðja liðið sem hefur tekist að vinna alla þrjá Evróputitlana sem og heimsmeistarakeppni félagsliða. Hin eru Ajax og Juventus.

Eiður Smári Guðjohnsen á sinn þátt í þessum árangri en hann vann alls fimm titla með félaginu á á rinu – í spænsku úrvalsdeildinni og spænsku bikarkeppninni, Meistaradeild Evrópu sem og í spænska og evrópska ofurbikarnum. Hann gekk svo í raðir Monaco í Frakklandi í haust. - esá



**SEX STJÖRNU MAÐUR** Pep Guardiola, stjóri Barcelona, klæddur í bol með sex stjörnum sem táknar árangur félagsins á árinu. Til vinstri er Joan Laporta, forseti Barcelona.
NORID PHOTOS/AFP

WINDOWS 7 UPPFÆRSLA MEÐ ÖLLUM TÖLVUM KR. 9.990

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

22"
PHILIPS
LCD LEIKJASKJÁR
ambilight
MEÐ AMBILIGHT

**22 Philips 220X1SW Ambilight**
22" LCD breiðskjár með Ambilight baklýsingu, 1680 x 1050p upplausn, 30000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 2ms viðbragðstíma, USB, D-Sub, DVI-D ofl.

Ambilight er tækni sem lýsir upp ramma skjásins, með því má auka upplifunina og draga stórlega úr álagi á augun og þreytu við langtíma notkun.

49.990

acer
FARTÖLVA
11,6"

**Acer Ferrari One 313G25N**
1.2Ghz AMD Athlon X2 Dual Core L310 örgjörvi • 3GB DDR2 667MHz minni • 250GB SATA harðdiskur • 11,6" TFT WXGA skjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 3200 PCI-Express skjákort • Mjög vönduð snertinæm músarstýring með skruni • Vefmyndavél • Li-ion rafhlaða (5 tímar) • Windows 7 Home Premium 64-BIT

FERRARI RAUÐ

119.990
FULLT VERÐ KR. 139.990

Logitech
**LEIKJAPINNI**
**Logitech Dual Action Gamepad**
Analog stýrpinni með 12 forritanlegum tökkum og hugbúnaðarstillingum fyrir leiki. Plug and play.
6.990

PHILIPS
**HÁTALARAR**
**Philips SPA1302**
20W RMS magmiðlunarhátalarar með Analog Bass Boost. Bassabox og tveir hátalarar.
7.990

Logitech
**LEIKJAMÚS**
**Logitech G500**
Laser leikjamús með innbyggðu minni og 10 forritanlegum tökkum.
9.990

Logitech
Virkar með skype og Live Messenger.
**VEFMYNDAVÉL**
**Logitech WebCam C500**
1.3MP vefmyndavél á skjái og fartölvur. Með innbyggðum hljóðnema og glerlinsu.
10.990

Logitech
**ALHLIÐA FJARSTÝRING**
**Logitech Harmony One**
Universal fjarstýring með snertiskjá í lit fyrir sjónvörp, DVD spilara, hljómtæki, flakkara ofl. Kemur í stað 15 fjarstýringa. Hleðslurafhlaða. Uppfæranlegur.
39.990

19"
SAMSUNG
LCD BREIÐSKJÁR
**19 Samsung 923NW**
19" LCD breiðskjár með 1440x 900p upplausn, 5ms viðbragðstíma, 1000:1 skerpu ofl.
27.990

EPSON
**FJÖLNOTATÆKI**
**Epson SX110**
Prentari og skanni. Prentar A4 í 5760 x 1440p og skannar 1200 x 2400. Prentar allt að 30 bls á mín. USB.
11.990

TViX
**TV FLAKKARI**
**TviX R-2230**
Sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki fyrir 2.5" diska, DVB-T sjónvarpsmóttakari, USB, HDMI, fullkomin fjarstýring ofl.
19.990

TOSHIBA
15,4"
**Toshiba PRO L300D-227**
2.0GHz Mobile AMD Sempron SI-40 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • ATI Radeon HD 3200 PCI-Express skjákort • Þráðlaust netkort • Windows Vista Home Basic
89.990

22"
PHILIPS
LCD BREIÐSKJÁR
STÍLHREIN HÖNNUN

**TÖLVU TILBOÐ**
**Ace Intel 3 tölvupakki**
- Intel Core 2 Duo E7400 örgjörvi
- 2GB DDR3 vinnsluminni
- 640GB WD Blue harður diskur
- 22x Dual Layer DVD skrifari
- 22" Philips 220SW9FB LCD skjár
- 512MB MSI ATI Radeon HD4850 skjákort
- 2.1 Logitech S220 hátalarakerfi
- 7.1 Dolby Digital 24-bit hljóðkort
- Windows 7 Premium stýrikerfi

169.990

**Súperturn 2 STX2**
- Svartur ACE Battle 4 turn
- AM3 DualCore Athlon II 240
- Mjög hljóðlát örgjörvakælivifta
- MSI K9N6PGM2-V2 móðurborð
- 2GB DDR2 667MHz Corsair minni
- Realtek 7.1 hljóðkort
- 128MB GeForce6 6100 skjákort
- 320GB WD Blue - SATA II diskur
- 10/100 netkort

54.990

**CoolerMaster Sileo 500**
Einstaklega vel hljóðeinagraður tölvukassi með lágværum 500W aflgjafa frá CoolerMaster. Demparar deyfa hljóð frá diskum.
21.990

| OPIÐ TIL JÓLA | | Reykjavík | Akureyri | Keflavík | Egilsstaðir | Selfoss | Hafnarfj. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mán. | 21. des. | 9-22 | 9-22 | 9-22 | 10-20 | 9-20 | 9-18 |
| Þri. | 22. des. | 9-22 | 9-22 | 9-22 | 10-20 | 9-20 | 9-18 |
| Mið. | 23. des. | 9-23 | 9-23 | 9-23 | 10-23 | 9-23 | 9-18 |
| Fim. | 24. des. | 9-12 | 9-12 | 9-12 | 10-12 | 9-12 | 9-12 |

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17 S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9 S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34 S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750

# VIL HELST EKKI AÐ ÁRIÐ 2009 ENDI

**Teitur Örlygsson er búinn að ná frábærum árangri með körfuboltalið Stjörnunnar á þessu ári. Hann gerði liðið að bikarmeisturum í febrúar, meisturum meistaranna í októberbyrjun og er nú með liðið í efsta sæti Iceland Express-deildarinnar yfir jólin.**

**KÖRFUBOLTI** Stjörnumenn tryggðu sér toppsætið í Iceland Express-deild karla út árið með 89-74 sigri á Blikum í síðasta leik sínum fyrir jól. Þjálfarinn Teitur Örlygsson hefur á einu ári stimplað Stjörnuliðinu inn í hóp bestu körfuboltaliða landsins.

„Ég var rosalega ánægður með þennan síðasta leik fyrir jól á móti Blikum. Við erum búnir að vera lélegir í þessum leikjum þar sem við eigum að vera með betra liðið. Í þessum leikjum sem allir hafa búist að við myndum vinna örugglega þá höfum við bara verið í vandræðum og það var einnig þannig eftir jól í fyrra,“ segir Teitur en annað af tveimur deildartöpum liðsins kom einmitt á heimavelli á móti liðinu í níunda sæti, Tindastól. „Við töluðum um það fyrir Blikaleikinn að ef við ættum að eiga skilið að vera í toppbaráttunni þá yrðum við að vera betri í þessum leikjum líka. Mæta á tánum í alla leiki en ekki bara geta komið okkur í gírinn fyrir stóru leikina,“ segir Teitur en Stjarnan hefur unnið leiki sína á móti liðunum í öðru til fjórða sæti og sigrarnir á Njarðvík og KR skila þeim í efsta sætið yfir jólin.

### Það verður að taka okkur alvarlega

„Við erum búnir að vinna öll liðin í kringum okkur nema Grindavík og það er æðislegt. Þetta eru líka skilaboð til allra í deildinni að það verður að taka okkur alvarlega því það er það mikið búið af mótinu,“ segir Teitur.

Teitur Örlygsson tók við Stjörnuliðinu fyrir ári þegar lítið gekk hjá liðinu og aðeins tveir af tíu leikjum höfðu unnist í deildinni.

„Það var auðvelt fyrir mig að koma þarna inn þegar staðan var svona slæm. Liðið var gjörsamlega í rúst á botninum og sjálfstraustið var ekkert. Liðið var jafnframt mun betra en stigataflan sagði,“ segir Teitur en liðið hefur nú unnið sextán af 22 deildarleikjum undir hans stjórn. „Núna er mótið hálfnað, við erum efstir, ríkjandi bikarmeistarar og meistarar meistaranna líka. Við erum búnir að taka risaskref fyrir félagið á þessu ári og ég vil helst ekki að 2009 endi því þetta er búið að vera alveg æðislegt ár,“ segir Teitur.

### Erfitt að missa Fannar

Stjarnan missti fyrirliða sinn, Fannar Freyr Helgason, í meiðsli í byrjun nóvember og tapaði í framhaldi af því þremur leikjum í röð á ellefu daga kafla. „Við tölum um það þegar mótlætið kom að við mættum ekki brotna eða fara inn í einhverja skel eins og litlir krakkar. Þá þurftu menn að spýta í lófana og gefa í og strákarnir gerðu það heldur betur. Það var ofboðslega jákvætt að menn komu svona sterkir til baka,“ segir Teitur. Stjörnuliðið vann Njarðvík og KR í næstu leikjum og komst í framhaldinu á toppinn í fyrsta sinn. Teitur segir liðið sitt þó ekki vera farið að hugsa um Íslandsmeistaratitilinn. „Það hafa verið menn að koma og segja af hverju bætið þið ekki við manni og þá bara vinnið þið þetta. Ég vil bara meina að hlutirnir eiga ekki að gerast svona hratt. Ef þetta kemur svona hægt og rólega þá er þetta frekar komið til að vera heldur en að kaupa sér einn titil og svo bara búið,“ segir Teitur.



**ÁKVEÐINN** Teitur Örlygsson segir sínum mönnum til á bekknum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Ég hef heyrt menn segja að við séum bara einum manni frá því að vera í sjöunda eða áttunda sæti. Við misstum okkar miðherja í meiðsli einmitt þegar við spiluðum bikarleikinn. Það var erfiður tími, við duttum út úr bikarnum og töpum tveimur deildarleikjum í kringum meiðslin hans,“ segir Teitur en bætir við:

„Ég segi á móti, myndi Snæfell hafa efni á því að missa Hlyn út, hvað myndi gerast ef Njarðvík myndi missa Frikka Stefáns eða Keflavík myndi missa út Sigga Þorsteins. Ekkert lið hefur efni á því að missa svona leikmann,“ segir Teitur.

### Shouse til fyrirmyndar

Justin Shouse hefur spilað einstaklega vel með Stjörnuliðinu, hann er stigahæsti leikmaður deildarinnar og jafnframt í fimmta sæti yfir flestar stoðsendingar. „Það er búið að mæða mikið á Justin og hann er besti maður deildarinnar til þessa. Ég held að allir séu sammála um það. Hann var oft í vandræðum með skapið hjá sér í lok leikja. Missti hausinn og var á yfirsnúningi. Við erum búnir að vinna í því og núna er hann algjör kóngur í fjórða leikhluta,“ segir Teitur.

„Þetta er algjör sigurvegari og svona járnkarl. Við vorum að spila við Hamar um daginn og hann er búinn að spila í 36 mínútur þegar hann grýtir sér í gólfið á eftir lausum bolta þó að leikurinn hafi verið tæknilega unninn. Hann er til fyrirmyndar. Ef þú ert ekki að berjast við hliðina á honum lítur þú bara kjánalega út á vellinum,“ segir Teitur.

Fram undan eru spennandi mánuðir þar sem úrslitin ráðast. „Þetta verður alveg magnað eftir áramót því ef þú missir einhverja einbeitingu í tvær vikur þá verður þú kominn niður í sjötta sætið áður en þú veist af. Við getum tapað fyrir öllum liðum ef við erum ekki klárir. Það er bara skemmtilegt held ég og hjálpar okkur að vera á tánum. Við vitum að það er mjög erfitt að vinna okkur þegar við erum tilbúnir.“ ooj@frettabladid.is




# Lægra verð á Fruitmint og Spicemint

**Nú hefur verðið verið lækkað á öllum pakkningum af Nicorette Fruitmint og Spicemint**




nicorette
nicotin

KRAFTUR

Nicorette er stuðningsaðili Krafts, stuðningsfélags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein.

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin

**Arsenal - Hull** **3-0**
1-0 Denilson (48.), 2-0 Eduardo (58.), 3-0 Abou Diaby (79.).
**Aston Villa - Stoke** **1-0**
1-0 John Carew (60.).
**Blackburn - Tottenham** **0-2**
0-1 Peter Crouch (46.), 0-2 Peter Crouch (82.).
**Fulham - Manchester United** **3-0**
1-0 Danny Murphy (21.), 2-0 Bobby Zamora (45.), 3-0 Damien Duff (74.).
**Manchester City - Sunderland** **4-3**
1-0 Roque Santa Cruz (3.), 2-0 Carlos Tevez (11.), 2-1 John Mensah (15.), 2-2 Jordan Henderson (23.), 3-2 Craig Bellamy (34.), 3-3 Kenwyne Jones (61.), 4-3 Roque Santa Cruz (68.).
**Portsmouth - Liverpool** **2-0**
1-0 Nadir Belhadj (32.), 2-0 F. Piquionne (81.)
Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn með P.
**Wolves - Burnley** **2-0**
1-0 Nenad Milijas (15.), 2-0 Kevin Doyle (50.).
Jóhannes Karl Guðjónsson kom inn á sem varamaður á 68. mínútu í liði Burnley.
**Everton - Birmingham** **1-1**
1-0 Diniyar Bilyaletdinov (5.), 1-1 S. Larsson (21.).
**West Ham - Chelsea** **1-1**
1-0 Alessandro Diamanti, víti (44.), 1-1 Frank Lampard, víti (60.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **18** | **13** | **2** | **3** | **43-15** | **41** |
| Man. United | 18 | 12 | 1 | 5 | 37-17 | 37 |
| **Arsenal** | **17** | **11** | **2** | **4** | **44-20** | **35** |
| Aston Villa | 18 | 10 | 5 | 3 | 29-14 | 35 |
| **Tottenham** | **18** | **10** | **3** | **5** | **40-22** | **33** |
| Man. City | 17 | 7 | 8 | 2 | 33-27 | 29 |
| **Birmingham** | **18** | **8** | **4** | **6** | **19-18** | **28** |
| Liverpool | 18 | 8 | 3 | 7 | 34-25 | 27 |
| **Fulham** | **17** | **7** | **5** | **5** | **23-17** | **26** |
| Sunderland | 18 | 6 | 3 | 9 | 25-28 | 21 |
| **Stoke City** | **17** | **5** | **6** | **6** | **15-20** | **21** |
| Wolves | 18 | 5 | 4 | 9 | 17-31 | 19 |
| **Blackburn** | **18** | **5** | **4** | **9** | **17-32** | **19** |
| Burnley | 18 | 5 | 4 | 9 | 21-37 | 19 |
| **Everton** | **17** | **4** | **6** | **7** | **23-31** | **18** |
| Wigan | 17 | 5 | 3 | 9 | 20-38 | 18 |
| **Hull City** | **18** | **4** | **5** | **9** | **17-37** | **17** |
| Bolton | 16 | 4 | 4 | 8 | 23-33 | 16 |
| **West Ham** | **18** | **3** | **6** | **9** | **26-35** | **15** |
| Portsmouth | 18 | 4 | 2 | 12 | 17-26 | 14 |

### Enska B-deildin

**Bristol City - Reading** **1-1**
Ívar Ingimarsson og Gylfi Þór Sigurðsson voru í byrjunarliði Reading. Gylfi var tekinn af velli á 65. mínútu en Brynjar Björn Gunnarsson kom inn á sem varamaður í hálfleik.
**Crystal Palace - Barnsley** **1-1**
Emil Hallfreðsson lék allan leikinn með Barnsley.
**Peterborough - Watford** **2-1**
Heiðar Helguson lék allan leikinn með Watford.
**Plymouth - Coventry** **0-1**
Kári Árnason lék allan leikinn með Plymouth sem og Aron Einar Gunnarsson með Coventry.
QPR - Sheffield United 1-1
Sheffield Wednesday - Swansea 0-2
Derby - Doncaster 0-2
Nottingham Forest - Preston 3-0
Newcastle - Middlesbrough 2-0

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Newcastle** | **22** | **15** | **4** | **3** | **37-12** | **49** |
| West Brom | 21 | 11 | 6 | 4 | 43-21 | 39 |
| **Nott. Forest** | **22** | **10** | **9** | **3** | **33-18** | **39** |
| Cardiff | 21 | 11 | 3 | 7 | 38-22 | 36 |
| **Swansea** | **22** | **9** | **8** | **5** | **20-18** | **35** |
| Leicester | 21 | 9 | 7 | 5 | 26-23 | 34 |
| **Sheff. Utd.** | **22** | **8** | **8** | **6** | **33-31** | **32** |
| Blackpool | 21 | 8 | 7 | 6 | 33-25 | 31 |

### Enska C-deildin

**Hartlepool - Yeovil** **1-1**
Ármann Smári Björnsson lék allan leikinn með H.

### Skoska úrvalsdeildin

**Hearts - Celtic** **2-1**
Eggert Gunnþór Jónsson lék allan leikinn á miðjunni með Hearts.

### Franska úrvalsdeildin

**AS Monaco - Lyon** **1-1**
Eiður Smári Guðjohnsen var ekki í leikmannahópi Monaco, annan leikinn í röð.

### Belgíska úrvalsdeildin

**KSV Roeselare - Sint-Truiden** **1-2**
Bjarni Þór Viðarsson lék allan leikinn með KSV.

### Spænska úrvalsdeildin

**Real Madrid - Zaragoza** **6-0**
1-0 Gonzalo Higuain (3.), 2-0 Rafael van der Vaart (26.), 3-0 Van der Vaart (28.), 4-0 Higuain (34.), 5-0 Cristiano Ronaldo (50.), 6-0 Karim Benzema (71.).
Athletic Bilbao - Osasuna 2-0
Sevilla - Getafe 1-2
Villarreal - Racing 2-0
Valladolid - Sporting 2-1
Malaga - Mallorca 2-1
Espanyol - Almeria 2-0
Tenerife - Atletico 1-1
Deportivo - Valencia 0-0

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Barcelona** | **15** | **12** | **3** | **0** | **36-9** | **39** |
| Real Madrid | 15 | 12 | 1 | 2 | 40-13 | 37 |
| **Sevilla** | **15** | **9** | **3** | **3** | **26-13** | **30** |
| Valencia | 15 | 8 | 5 | 2 | 27-16 | 29 |

Mark Hughes sagt upp störfum sem knattspyrnustjóri Manchester City og Roberto Mancini ráðinn:

# Stjórum á Englandi sýnd lítil þolinmæði

**FÓTBOLTI** Ítalinn Roberto Mancini lýsti því yfir fljótlega eftir að hafa verið látinn taka pokann sinn hjá Inter í fyrra að draumur hans væri að taka við liði í ensku úrvalsdeildinni. Honum varð að ósk sinni á laugardagskvöld þegar Manchester City boðaði til blaðamannafundar og tilkynnti um stjóraskipti.

Mark Hughes missti vinnuna en margir kollegar hans hafa stigið fram og lýst yfir furðu sinni á þessari ákvörðun stjórnar City. Þar á meðal er knattspyrnustjóri Tottenham, Harry Redknapp. „Ég átti erfitt með að trúa þessu þegar ég fékk fréttirnar. Þessi ákvörðun veldur mér vonbrigðum. Liðið hefur tapað tveimur deildarleikjum á tímabilinu, útileik gegn Manchester United þar sem sigurmarkið kom í blálokin og svo gegn mínu liði,“ sagði Redknapp.

„Liðið er rétt við sæti í Meistaradeildinni og á leik til góða. Mér finnst þetta furðuleg ákvörðun á þessum tímapunkti. Mark er góður stjóri og hefði hann fengið meiri tíma er ég ekki í vafa um að City hefði notið mikillar velgengni.“

Margir telja að Hughes hafi náð fínum árangri miðað við þær gríðarlegu breytingar sem hafa orðið á leikmannahópi City. Redknapp segir að starfsumhverfi knattspyrnustjóra á Englandi sé að umturnast með auknum fjölda erlendra eigenda.

„Starfsaldur manna verður sífellt styttri. Fjölmargir moldríkir eigendur gera miklar kröfur og vilja allir að þeirra lið sé í efsta sæti. Þeir skilja ekki að þeir geta ekki allir unnið. Þetta á aðeins eftir að versna,“ sagði Redknapp.


**SÍÐASTI LEIKURINN** Mark Hughes stýrði Manchester City í síðasta sinn þegar liðið lék gegn Sunderland á laugardag. NORDICPHOTOS/GETTY

Hughes stýrði City í síðasta sinn þegar liðið vann sigur á Sunderland 4-3 í mögnuðum leik á laugardag. Eftir leikinn gekk hann að stuðningsmönnum liðsins og klappaði fyrir þeim. Á þeim tímapunkti var ekki búið að tilkynna honum uppsögnina en gera má ráð fyrir að hann hafi grunað ýmislegt.

Spennandi verður að sjá hvernig Mancini mun vegna í enska boltanum en hann var þjálfari Inter í fjögur ár. Áður hafði hann stýrt Lazio og Fiorentina en sem leikmaður var hann í fimmtán ár hjá Sampdoria. - egm

# Við öllu að búast hjá toppliðunum

**Mörg óvænt úrslit voru í ensku úrvalsdeildinni um helgina. Chelsea jók forskot sitt á toppnum þrátt fyrir að gera aðeins jafntefli gegn West Ham þar sem Manchester United steinlá óvænt fyrir Fulham. Arsenal vann Hull og getur komist upp fyrir Englandsmeistarana í annað sætið vinni liðið leik sem það á inni.**

**FÓTBOLTI** Chelsea hefur fjögurra stiga forskot á toppi ensku deildarinnar eftir jafntefli við West Ham á Upton Park í gær 1-1. Á Old Trafford geta menn allavega andað örlítið léttar eftir að Fulham niðurlægði Manchester United á heimavelli sínum á laugardag. Chelsea hefði því getað náð sex stiga forystu hefði liðið náð að leggja West Ham.

„Þessi kafli tímabilsins er alls ekki auðveldur enda leikið þétt. Við höfum oft spilað betur en ég er sannfærður um að við verðum enn betri eftir viku. Að mínu mati var þetta stig alls ekki slæmt, við erum með fjögurra stiga forystu og getum haldið góða jólahátíð. Við vorum að leika á móti baráttuglöðu liði sem sýndi mikinn karakter,“ sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea.

Gianfranco Zola, kollegi hans hjá West Ham, var goðsögn sem leikmaður hjá Chelsea. „Ég er virkilega ánægður með mitt lið, við vorum óheppnir að ná ekki öllum þremur stigunum í leiknum. Chelsea er með hörkugott lið og hefur það sem þarf til að vinna titilinn,“ sagði Zola.

Bæði mörkin á Upton Park komu úr vítaspyrnum, West Ham tók forystu rétt fyrir hálfleik en þá skoraði Alessandro Diamanti af punktinum. Þegar um stundarfjórðungur var liðinn af seinni hálfleik gerði dómaratríóið svo slæm mistök þegar Chelsea fékk víti. Matthew Upson átti góða tæklingu og fór beint í boltann en aðstoðardómarinn benti til merkis um brot og Mike Dean dómari benti á punktinn.

Frank Lampard þurfti að þrítaka spyrnuna þar sem leikmenn voru komnir inn í teiginn þegar spyrnt var. Lampard brást ekki bogalistin og jafnaði í 1-1 sem urðu úrslitin.

Það leyndi sér ekki á knattspyrnustjóra Manchester United, Sir Alex Ferguson, að hann hefur áhyggjur af framhaldinu eftir 3-0 tap liðsins gegn Fulham á laugardag. Englandsmeistararnir voru langt frá sínu besta í leiknum og áttu fleiri feilsendingar en þekkjast á þeim bænum.


**ALLT ER ÞEGAR ÞRENNT ER** Frank Lampard þurfti að þrítaka vítaspyrnu gegn West Ham í gær og skoraði í öll skiptin. Aðeins eitt af mörkunum taldi. NORDICPHOTOS/GETTY

Helsti höfuðverkur liðsins er varnarlínan sem er þynnri en góðu hófi gegnir enda sjö af átta varnarmönnum liðsins sem vanalega glíma við meiðsli. Miðjumennirnir Michael Carrick og Darren Fletcher hafa starfað sem afleysingamenn í vörninni en þeir áttu í miklu basli með spræka leikmenn Fulham.

„Ég sé ekkert ljós við enda ganganna,“ sagði Ferguson sem er farinn að óttast að Englandsmeistaratitillinn gæti runnið liðinu úr greipum með þessu áframhaldi. „Ég get bara vonað að miðað við hvernig deildin er í dag að þessi úrslit séu ekki það slæm fyrir okkur. Ég vona að þessi úrslit muni ekki kosta okkur titilinn. Við verðum að fá varnarmenn okkar til baka ef við ætlum að eiga raunhæfan möguleika á að vinna titilinn.“

Margir stuðningsmenn United sakna Cristiano Ronaldo sárt en Ryan Giggs segir að Portúgalans sé ekki saknað innan liðsins. „Við höfum aldrei verið eins manns lið. Ég hef ekki tekið eftir miklum breytingum, við erum ennþá meira og minna sami hópur leikmanna.“

Bobby Zamora er í feikilegu formi um þessar mundir og var hann lykillinn að þessum sigri Lundúnaliðsins. Hann var sífellt ógnandi í fremstu víglínu og skoraði eitt af mörkunum þremur.

„Ég neita því ekki að við vorum heppnir að mæta Manchester United í þessu ástandi. Þeir eiga við mikil meiðslavandræði að stríða og við stefndum á að nýta okkur það. Þetta eru svo sannarlega laun erfiðisins fyrir okkur og niðurstaða harðra æfinga,“ sagði hinn ofurklóki knattspyrnustjóri Fulham, Roy Hodgson.

Zamora fékk að sjálfsögðu sinn skammt af hrósi frá Hodgson. „Ég er ekki vanur því að heimta að einhverjir leikmenn mínir fái landsliðssæti. En ef Fabio Capello vill skoða Bobby nánar þá veit hann hvar hann er að finna. Ég er glaður tilbúinn að gefa honum allar upplýsingar sem ég hef um hann.“

Arsenal nálgaðist liðin fyrir ofan sig með því að leggja Hull 3-0. Úrslitin hefðu þó getað orðið önnur ef markvörðurinn Manuel Almunia hefði ekki varið vítaspyrnu frá Geovanni sem hefði getað jafnað metin í 1-1. Arsenal á möguleika á að komast upp í annað sætið vinni liðið þann leik sem það á inni. Þá vann Aston Villa mikilvægan sigur á varnarsinnuðu liði Stoke og ætlar greinilega að taka fullan þátt í baráttu um sæti í Meistaradeild Evrópu. elvargeir@frettabladid.is

Liverpool tapaði fyrir Portsmouth og virðast hrakfarir liðsins engan enda ætla að taka:

# Benítez beitti kaldhæðni eftir leikinn

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Liverpool eiga ekki sjö dagana sæla um þessar mundir og þurfa að lifa við sífelldar háðsglósur, hvort sem það er á veraldarvefnum eða í daglegu lífi. Því mun ekki linna eftir að liðið lá fyrir botnliði Portsmouth um helgina 2-0.

Ýmsar sögur eru á kreiki um ástandið á Anfield. Talað hefur verið um klíkumyndanir innan leikmannahópsins, stöðugan óróleika vegna eigenda félagsins og fleira. Útlit er fyrir að knattspyrnustjórinn Rafael Benítez sé búinn að missa traust leikmanna og stuðningsmönnum hans fer óðum fækkandi.

Á blaðamannafundi eftir leikinn á Fratton Park mætti hann með kaldhæðnina að vopni og talaði í sífellu um að dómari leiksins hefði verið fullkominn. Benítez var allt annað en sáttur við dómarann Lee Mason sem tók virkilega umdeilda ákvörðun með því að reka Javier Mascherano af velli rétt fyrir hálfleik en þá var staðan 1-0. Það gerði leikmönnum Liverpool erfitt fyrir í seinni hálfleik en ekki er hægt að horfa framhjá því að fyrir þetta atvik var spilamennska liðsins langt undir væntingum og lykilmenn liðsins skugginn af sjálfum sér.

Þessu er Benítez þó ekki sammála. „Mér fannst spilamennska liðsins í fyrri hálfleik góð og við stjórnuðum leiknum. Við fengum á okkur mark en vorum samt með stjórnina. Rauða spjaldið breytti hins vegar öllu,“ sagði Benítez.

Eftir úrslit helgarinnar er Liverpool í áttunda sæti deildarinnar en Birmingham komst upp í sjöunda sætið í gær með því að gera 1-1 jafntefli við Everton á útivelli. Fyrir leikinn hafði Birmingham unnið fimm leiki í röð og hefur liðið komið skemmtilega á óvart á tímabilinu. Í gær fór einnig fram nýliðaslagur þegar Wolves vann góðan sigur á Burnley 2-0. Sigur Úlfanna var verðskuldaður en liðin eru nú jöfn að stigum í 12.-14. sæti deildarinnar með 19 stig hvort. - egm


**Í HEITU SÆTI** Það var þungt yfir Rafael Benítez á laugardag. NORDICPHOTOS/GETTY

OPIÐ
TIL 22:00
ÖLL KVÖLD
til jóla

# SKEMMTILEGRI JÓLAGJAFIR!



FANGAVAKTIN



INGLOURIOUS BASTERDS



HEILSUBÆLIÐ



STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM



FOUR CHRISTMASES



MY SISTER´S KEEPER



JÓHANNES



ÍSÖLD 3



ÁSTRÍÐUR



ALGJÖR SVEPPI



GJÖF FYRIR JÓLASVEININN



STRUMPARNIR



RAGGI BJARNA KOMDU Í KVÖLD



JÓLAGESTIR BJÖRGVINS



FRIÐRIK OG JOGVAN VINALÖG



STRUMPAFJÖR

Skilamiði
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
Skilafrestur bóka 11. jan. 2010
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár



> Cate Blanchett

„Þegar ég sá hvaða áhrif leikari getur haft á annað fólk vissi ég að ég vildi þetta starf.“

***Blanchett fer með annað aðalhlutverkið í kvikmyndinni Notes on a Scandal sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR VARÐ HISSA YFIR KASTLJÓSI

## *Stórlega ýkt drykkjulæti á Alþingi*

Allt hefur víst sinn stað og stund, og staður og stund ölvunarástands er alveg örugglega ekki á Alþingi. Í það minnsta ekki fyrir þá sem þar vinna. Það er nefnilega nokkuð almennt viðurkennt að vera ekki ölvaður í vinnunni. Á fáum vinnustöðum hérlendis líðst það. Svo eru líka aðrir staðir bara mun betur til þess fallnir. Allavega þangað til Þingbarinn er opnaður, sem tíðkast alveg í öðrum löndum svo því sé haldið til haga. Það gæti reyndar gert umræður á þinginu svolítið líflegri og hreinskiptari... en ætli það sé samt ekki slæm hugmynd.

Ég hef enn ekki kynnst þeirri manneskju í lífinu sem verður ölvuð af einu vínglasi. Vissulega finna sumir til einhverra áhrifa, og sem betur fer er það fast í huga flestra að eftir einn ei aki neinn. En ölvun er ekki orð sem ég myndi nokkurn tímann nota um manneskju sem drukkið hefur vínglas.



Af Kastljósinu síðasta föstudag mátti skilja að þingmaðurinn Ögmundur Jónasson hefði verið sauðdrukkinn í sölum Alþingis, og liggur við rétt haft rænu til að biðjast undan viðtali við þáttinn. Það hefði verið frétt ef svo hefði verið enda hefði þá verið komið upp annað tilvikið á stuttum tíma. En svo var ekki. Og það vissi Kastljóssfólkið alveg, þó að hitt hafi verið miklu áhugaverðari frétt. Þess er nú krafist af báðum stéttum, fjölmiðlamönnum og alþingismönnum, að þeir segi satt og rétt frá.

Allir gera mistök, og fjölmiðlar gera þau oft og af ýmsum ástæðum. Þegar það er gert er ekki nema eðlilegt að leiðrétta mistökin. Kastljósið er ekki sýnt um helgar og við höfum mér vitanlega ekkert heyrt frá Kastljóssfólkinu um málið. Þess vegna verður spennandi að sjá hvort og þá hvernig tekið er á málinu. Ég bíð spennt eftir Kastljóssþætti kvöldsins.

## MÁNUDAGUR



▶ **20.10** Kitchen Nightmares SKJÁREINN



▶ **20.30** Ástríður (11:12) STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.30** So You Think You Can Dance STÖÐ 2



▶ **22.05** Notes on a Scandal STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.25** Jólaþáttur Catherine Tate SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.10 Leiðarljós**
**16.50 Táknmálsfréttir**
**17.00 Pálína** (15:28)
**17.07 Róbert bangsi** (1:26)
**17.17 Stjarnan hennar Láru** (10:22)
**17.30 Útsvar** (e)
**18.35 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)
**18.45 Jóladagatalið - Klængur sniðugi**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Stórviðburðir í náttúrunni** (4:6) Heimildamyndaflokkur frá BBC þar sem sýnt er hvernig náttúruöflin setja af stað keðjuverkanir sem gjörbreyta landslagi og ráða örlögum stórra dýrahjarða oft í órafjarlægð frá upptökunum.
**21.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds) (65:65) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýnir í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Aðalhlutverk: Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
▶**22.25 Jólaþáttur Catherine Tate** (Catherine Tate Christmas Special) Breska gamanleikkonan Catherine Tate bregður sér í ýmis gervi og er í sérstöku jólaskapi.
**23.05 Framtíðarleiftur** (e)
**23.50 Kastljós** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

**08.05 Memoirs of a Geisha**
**10.25 Lucky You**
**12.25 Beethoven‘s 2nd**
**14.00 Memoirs of a Geisha**
**16.20 Lucky You**
**18.20 Beethoven‘s 2nd**
**20.00 For Your Eyes Only**
▶**22.05 Notes of a Scandal** Vönduð og áleitin mynd með Óskarsverðlaunahöfunum Judi Dench og Cate Blanchett í aðalhlutverkum.
**00.00 The Last Time**
**02.00 Privat Moments**
**04.00 Notes of a Scandal**
**06.00 Octopussy**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Krakkarnir í næsta húsi og Kalli litli Kanína og vinir.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Beauty and the Geek** (10:10)
**11.00 The Moment of Truth** (15:25)
**11.45 60 mínútur**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Silver Bells**
**14.35 Jólaréttir Rikku**
**15.10 ET Weekend**
**15.55 Njósnaskólinn**
**16.18 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli Kanína og vinir og Áfram Diego, áfram!
**17.03 Bold and the Beautiful**
**17.28 Nágrannar** Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál eins og ástina, nágranna- og fjölskylduerjur, unglingaveikina o.fl.
**17.58 Friends** (10:24) Bestu vinir allra landsmanna eru mættir aftur í sjónvarpið! Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler, í fullu fjöri, fjóra daga vikunnar.
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.52 Íþróttir**
**18.59 Ísland í dag**
**19.31 Veður**
**19.40 The Simpsons** (6:22) Bart kaupir sér módeleldflaug og setur hana saman og kemur henni á loft með aðstoð föður síns. Eldflaugin brotlendir hins vegar á kirkjunni en það hefur ótrúlegar afleiðingar.
**20.10 Two and a Half Men** (17:24) Charlie Sheen og Jon Cryer leika Harper-bræðurna gerólíku, Charlie og Alan.
**20.40 Glee** (8:22) Frumleg og skemmtileg gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla.
▶**21.30 So You Think You Can Dance** (18:25) Sjötta þáttaröðin í stórskemmtilegri þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna.
**23.00 So You Think You Can Dance**
**23.50 K-Ville** (4:11)
**00.35 Waist Deep**
**02.10 Feteless**
**04.25 Rescue Me** (12:13)
**05.10 Silver Bells**

**07.00 Mónakó - Lyon** Útsending frá leik í franska boltanum.
**17.30 Mónakó - Lyon** Útsending frá leik í franska boltanum.
**19.10 Miami - Portland** Útsending frá leik í NBA körfuboltanum.
**21.00 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
**22.00 FH - ÍA - 22.08.04** Sýnt frá leik FH og ÍA í 15. umferð Landsbankadeildar karla árið 2004. Bæði lið börðust við toppinn þegar lærisveinar Ólafs Þórðarsonar mættu FH-ingum undir stjórn núverandi landsliðsþjálfara, Ólafs Jóhannessonar,
**22.30 Atvinnumennirnir okkar: Pétur Jóhann Sigfússon**
**23.10 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**07.00 West Ham - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.05 Man. City - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.45 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**18.45 Goals of the Season 2008** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**19.50 Wigan - Bolton** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Premier League Review 2009/10**
**22.55 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
**23.25 Wigan - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Spjallið með Sölva** (13:13) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (13:13) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Survivor** (7:16) (e)
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Fréttir**
**18.30 Matarklúbburinn** (6:6) (e)
**19.00 America’s Funniest Home Videos** (17:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**19.30 Fréttir** (e)
**19.45 King of Queens** (22:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.
▶**20.10 Kitchen Nightmares** (8:13) Gordon heimsækir sjávarréttarstað í Michigan og kynnist þremur kraftakörlum sem eiga staðinn en hafa ekki hundsvit á mat. Þeir eru með nýjan kokk en hann fær ekki að gera breytingar, þrátt fyrir að maturinn sé ógeðslegur.
**21.00 The Truth About Beauty** (2:3) Nútímakonur eru undir stöðugri pressu um að líta vel út og margar eru tilbúnar að leggja mikið á sig fyrir útlitið.
**21.50 CSI: New York** (15:25) Stella er gestur á góðgerðarsamkomu þar sem pólitíkus er myrtur. Lögregluliðið í New York er lamað vegna mótmæla lögreglumanna.
**22.40 The Jay Leno Show**
**23.25 United States of Tara** (9:12) (e)
**23.55 King of Queens** (22:25) (e)
**00.20 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Ertu í mat?** Skyggst bakvið tjöldin hjá íslenska kokkalandsliðinu.
**20.30 Segðu mér frá bókinni** Þáttur þar sem rithöfundar kynna nýútkomnar bækur sínar og lesa úr þeim.
**21.00 7 leiðir með Gaua litla** Þáttur um heilsufar og mataræði.
**21.30 Í nærveru sálar** Gestir Kolbrúnar eru Sigríður Þormar og Valgerður Þórisdóttir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Skötuveisla í veitingasal
22. desember og Þorláksmessu
Aðeins 1890 kr
Opið frá kl. 11 – 18
Einn kaldur og snafs
990 kr.
Borðapantanir í síma
588 8686

HAFBERG
fiskbúð sælkerans

KÆST SKATA
Vestfirsk Skata, Hnoðmör, saltfiskur, ýsuflök, lúðusneiðar, lúðuflök og laxaflök.

XL Humar
Skelflettur Humar
30% afsláttur af súpuhumri
Risahörpuskel
Rækjur

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.40

### Glee



Frumleg og skemmtileg gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður. Þetta eru drepfyndnir þættir þar sem staðalmyndir menntaskólalífsins fá rækilega á baukinn og allir bresta í söng.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Truth About Beauty

**SkjárEinn kl. 21.00**

SkjárEinn sýnir breska þáttaröð þar sem fjallað er um hugmyndir kvenna um fegurð og hætturnar sem geta fylgt því að vilja vera flottari, mjórri og yngri. Í þættinum í kvöld skoðar sjónvarpskonan Fearne Cotton vefsíður þar sem konur eru hvattar til að svelta sig.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Aðventa
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Heimur hugmyndanna
**22.12** Orð kvöldsins
**22.20** Tónlist á 20. öld
**23.15** Lostafulli listræninginn
**23.50** Úr kvæðum fyrri alda
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
**17.45 E.R.** (21:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.30 Seinfeld** (6:22)
**19.00 The Doctors**
**19.45 E.R.** (21:22)
▶ **20.30 Ástríður** (11:12) Það haustar í öllum skilningi. Ekki síst í hjarta Ástríðar nú þegar nýir tímar eru að renna í garð ásamt nýjum tækifærum eða er hún búin að glata sínu tækifæri á ástinni. Vofa kannski makaskipti yfir?
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.15 The Mentalist** (4:22) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
**23.00 Numbers** (23:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
**23.45 Mad Men** (10:13)
**00.35 Ástríður** (11:12)
**01.05 Seinfeld** (6:22)
**01.35 Auddi og Sveppi**
**02.05 Sjáðu**
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.40** Only Fools and Horses **13.10** Blackadder II **13.40** Blackadder II **14.10** Absolutely Fabulous **14.40** Absolutely Fabulous **15.15** How Do You Solve A Problem Like Maria? **16.45** EastEnders **17.15** Doctor Who **18.00** My Family **18.30** My Hero **19.00** Gavin And Stacey **19.30** Coupling **20.00** Little Britain **20.30** Little Britain **21.00** The Jonathan Ross Show **21.50** The Jonathan Ross Show **22.40** How Do You Solve A Problem Like Maria?

## DR 1

**12.05** Columbo **13.30** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **14.15** Adam Sandlers Otte vilde nætter **15.30** Pagten **15.55** Den lyserode Panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Mille **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Vores jul **18.30** Pagten **19.00** Supersværme **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **20.30** Julevejret **20.40** Julehjerter og bryllupsklokker **22.05** Blekingegade **23.45** Seinfeld

## NRK 1

**12.45** 20 sekunder lykke **13.45** Vestindia - vårt tapte paradis **14.00** NRK nyheter **14.10** Ut i nærturen **14.25** Dynastiet **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Svingen **17.25** Oisteins juleblyant **17.30** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **19.25** To og en ipod **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Livet i Fagervik **21.15** Livet i Fagervik **22.15** Kveldsnytt **22.30** Derrick **23.30** God natt, elskede

## SVT 1

**12.35** Barnmorskorna - Norge **13.05** Plus **13.35** Gula divisionen **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Bara blåbär **16.25** Playa del Sol **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Öringfiske jorden runt **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Livet i Fagervik **20.00** Vem tror du att du är? **21.00** Derek Jarman **22.20** Kulturnyheterna **22.35** John Adams **23.40** Dansbandskampen


FISKIKÓNGURINN

20 ÁRA

REYNSLA SEGIR MEIRA EN MÖRG ORÐ!! HLAKKA TIL ÞESS AÐ SJÁ ALLA MÍNA GÖMLU OG NÝJU VIÐSKIPTAVINI Í GEGNUM ÁRI.
ÉG VERÐ Í AFGREIÐSLUNNI Í ALLAN DAG.
KVEÐJA FISKIKÓNGURINN KRISTJÁN



1. skref. **Skata** Kæst - ósöltuð. Mjög mild og góð. Fyrir algera byrjendur í skötunni.

2. skref. **Skata** Kæst og söltuð. Gott skötubragð, passlega söltuð. Þessi hefðbundna. Fyrir þá sem borða skötu á hverju ári.

3. skref. **Skata** Kæst og ósöltuð. Frekar sterk. Kraftmikil og hrikalega góð. Fyrir þá sem vilja taka næsta skref.

4. skref. **Skata** Kæst ósöltuð. Vestfirsk skata. Mjög sterk. Algert eitur. Fyrir þá sem vilja fara alla leið!!!

Saltfiskur Gamaldags
Humar 2.000 kr.kg
Íslensk Eldeyjar-rækja stór og djúsí

Að sjálfsögðu er til nóg af rúgbrauði.




Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

## PERSÓNAN



*„Hann hefur alltaf verið svona, skapgóður, glaður, fjörugur og uppátækjasamur á skemmtilegan hátt. Hann var alltaf að gera kvikmyndir sem krakki. Maður kom kannski heim og þá var Örlygsstaðabardagi í gangi í fullum skrúða. Mér finnst bara mjög eðlilegt að hann skuli vera að gera þetta allt saman.“*

Unnur Ólafsdóttir veðurfræðingur er móðir Ara Eldjárns. Hann er meðlimur í Mið-Íslandi og hefur gefið út gamandiskinn Grín skrín.

# Danir bera saman Yrsu og Hallgrím

Hallgrímur Helgason fær frábæra dóma fyrir bók sína 10 ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp í danska blaðinu Berlingske Tidende, eða fimm stjörnur. Í umfjölluninni er bókin borin saman við glæpasögu Yrsu Sigurðardóttur, Ösku, þar sem Hallgrímur hefur vinninginn. „Hallgrímur Helgason leikur sér að glæpasagnaforminu og fær íslensku glæpasagnadrottninguna Yrsu Sigurðardóttur til að fölna í samanburðinum,“ skrifaði gagnrýnandinn. Áður hafði bók Hallgríms fengið fjórar stjörnur í Politiken og fimm stjörnur í Jyllandsposten. Í sjónvarpi sagði menningarritstjóri Jyllandsposten hana eina af tveimur bestu bókum haustsins.

Hallgrímur er að vonum ánægður með þessa góðu dóma. „Þetta gladdi mann, sérstaklega af því að hún fékk misjafnar viðtökur hérna heima. Maður var farinn að hafa áhyggjur af þessari bók,“ segir hann kátur. Hann hefur áður fengið góða dóma í Danmörku, síðast fyrir bókina Rokland. „Danmörk hefur reynst mér bara mjög vel á undanförnum árum, Danmörk og Þýskaland eru sterkustu vígin erlendis.“



Hallgrímur vill ekki meina að hann sé að ryðja íslenskum glæpasagnahöfundum úr vegi, þrátt fyrir samanburðinn hjá Berlingske Tidende við Yrsu. „Það var ekki hugsunin. Ég held ég sé frekar undir áhrifum af þessari krimmabylgju. Ég hefði aldrei skrifað skáldsögu með morðingja í aðalhlutverki nema út af þessari bylgju.“ - fb



**HALLGRÍMUR HELGASON** Hallgrímur er mjög ánægður með viðtökurnar í Danmörku við bók sinni en hún er í Berlingske Tidende sögð fá verk Yrsu Sigurðardóttur til að fölna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÁRÉTT 2.** glansa, **6.** óð, **8.** fæðu, **9.** lúsaegg, **11.** guð, **12.** gnótt, **14.** mont, **16.** tveir eins, **17.** að, **18.** drulla, **20.** bókstafur, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT 1.** skothvellur, **3.** í röð, **4.** asfalt, **5.** beita, **7.** ruglun, **10.** gegnsær, **13.** hrygning, **15.** litur, **16.** rúmábreiða, **19.** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gljá, **6.** ær, **8.** mat, **9.** nit, **11.** ra, **12.** gnægð, **14.** grobb, **16.** ll, **17.** til, **18.** aur, **20.** ká, **21.** knús. **LÓÐRÉTT: 1.** pæng, **3.** lm, **4.** jarðbik, **5.** áta, **7.** ringlun, **10.** tær, **13.** got, **15.** blár, **16.** lak, **19.** rú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Hermann Hreiðarsson, leikmaður Portsmouth.
2. Kammersveit Reykjavíkur.
3. Arbeit macht frei eða vinnan gerir yður frjáls.






RAGNAR BRAGASON: Í UPPSIGLINGU ER ÍSLENSKUR KVIKMYNDAVETUR

# Ráðherrar fengu kaldar kveðjur á frumsýningu

Ragnar Bragason, leikstjóri kvikmyndarinnar Bjarnfreðarson, sendi ráðamönnum þjóðarinnar kaldar kveðjur þegar hann flutti stutta tölu á undan frumsýningu myndarinnar í Háskólabíói. Fyrirhugaður niðurskurður ríkistjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna á Kvikmyndamiðstöð og þar af leiðandi kvikmyndasjóði Kvikmyndamiðstöðvar Íslands hefur mætt harðri andspyrnu kvikmyndagerðarmanna, sem telja að með honum verði atvinnugreininni hreinlega slátrað. Menningamálaráðherrann Katrín Jakobsdóttir hefur lýst því yfir að hún muni reyna að fá þessum niðurskurði breytt.

Ragnar, sem hingað til hefur verið þekktur fyrir að liggja ekki á skoðunum sínum, dró ekkert undan í ræðunni þótt í salnum hefðu setið forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, fjármálaráðherrann Steingrímur J. Sigfússon og utanríkisráðherrann Össur Skarphéðinsson. Katrín Jakobsdóttir, menningar- og menntamálaráðherra, var hins vegar ekki meðal gesta og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra forfallaðist á síðustu stundu.

Ragnar gaf Fréttablaðinu góðfúslegt leyfi sitt til að birta brot úr ræðunni, sem þótti ansi mögnuð að mati viðstaddra: „Leiknar kvikmyndir og sjónvarpsefni eru þjóðleikhús þjóðarinnar allrar, nær til fólks í Reykjavík, Selfossi og á Súðavík. Að meðaltali nýtur hálf þjóðin hvers leikins sjónvarpsþáttar eða kvikmyndar sem framleidd er. En fyrir mig og marga hérna inni fellur skuggi á þennan dag vegna þeirra fyrirhuguðu hörmunga sem yfirvofandi eru. Í uppsiglingu er íslenskur kvikmyndavetur. Stjórnvöld hafa ákveðið að ráðast sérstaklega á kvikmyndagerð í landinu og slátra henni á altari niðurskurðar meðan aðrar listgreinar fá að vera að stærstu leyti óáreittar,“ sagði Ragnar í ræðu sinni og vísaði meðal annars til Írlands, þar sem kvikmyndagerð hefði fengið að standa nánast óáreitt þrátt fyrir djúpa efnahagskreppu.



**HERÓP** Ragnar ásamt þeim Charlotte Böving, Jóni Gnarr og Benedikt Erlingssyni. Ragnar sendi ráðamönnum þjóðarinnar kaldar kveðjur á frumsýningu þjóðarinnar og sagði þá vera að slátra kvikmyndagerð á altari niðurskurðar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ragnar kvaddi með þeim orðum að niðurskurðurinn væri óskiljanlegur gjörningur sem byggður væri á vanþekkingu. „Hvernig er hægt að komast að því að skera niður í grein sem margfaldar hverja krónu sem ríkið leggur í hana? Ég ætla að vona að þið njótið þessarar sýningar í kvöld, á þessari kvikmynd sem við sem gerðum erum afskaplega stolt af. Hún gæti orðið eitt síðasta blómið í dalnum í langan tíma.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Það andar ansi köldu milli annars vegar forsvarsmanna Frostrósatónleikanna og Jólagesta Björgvins hins vegar. Oft hefur verið grunnt á því góða milli þeirra **Samúels Kristjánssonar** hjá Frostrósum og Ísleifs B. Þórhallssonar sem hefur annast skipulagningu Jólagesta Björgvins enda báðir barist hart um áhorfendur á jólatónleika sína. Og nú virðist hafa soðið upp úr.

Forsagan er sú að eftir Frostrósatónleikana í Laugardagshöll nú fyrir skemmstu fór á kreik sá orðrómur að sést hefði til Ísleifs og **Björgvins Halldórssonar** á tónleikunum og að annar þeirra hefði verið með myndbandsupptökuvél. Fréttablaðið hafði í kjölfarið samband við Samúel, sem sagðist geta staðfest þennan orðróm og að fjöldi vitna væri til frásagnar. Hann vildi hins vegar ekki tjá sig neitt meira um málið og manneskjan sem á að hafa séð til þeirra fyrst vildi ekki koma fram undir nafni. Samúel hélt því hins vegar fram í samtölum við Fréttablaðið að fjöldi vitna hefði séð þegar Ísleifur og Björgvin létu sig hverfa þegar upp um þá komst.



Þegar þetta var hermt upp á **Ísleif B. Þórhallsson** sagði tónleikahaldarinn að þetta væru ekkert annað en lygar og rógburður sem fjölskylda Samúels, en hún á og rekur fyrirtækið sem heldur Frostrósir, væri að dreifa út um borg og bý til að koma höggi á sig og sína tónleika. Þessi saga væri algjör fjarstæða, þeir hefðu keypt miða og ætlað að horfa á þrjú lög og fara svo. Þessu vísaði síðan Samúel algjörlega á bug. Sem sagt orð gegn orði og baráttan um jólaskap landsmanna á næsta ári verður væntanlega ekkert annað en hatrömm. - fgg




## Ný og persónuleg jógastöð

**Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið hefst 4. Janúar. Skráning hafin í síma 695 8464 / 772 1025 eða á jogastudio.org**
**Verð 14.900 kr.**

Hot jóga • Hatha jóga • Byrjendanámskeið
Meðgöngujóganámskeið

Stakur tími 1.500 kr. • Mánaðarkort 10.900 kr. • 3 mánaðakort 23.900 kr. • 6 mánaðakort 36.000 kr. • 10 tíma klippikort 10.000 kr.

**Meðgöngujóganámskeið 10.500 kr.**

Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggsport.

JÓGA Stúdíó

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org


# Buffari selur fimmaurabrandara

„Þetta eru fimmaurabrandarar fyrir lengra komna,“ segir Pétur Örn Guðmundsson – Pétur „Jesús“ í Buffinu – um boli sem hann hefur hafið framleiðslu á. Hann kallar fyrirtækið Kríp í dós. „Maður hefur verið að skrifa niður alls konar hugmyndir í gegnum tíðina en ég hef aldrei gert neitt í því. Núna ákvað ég að kýla loksins á þetta,“ segir hann. Pétur hefur búið til fimm tegundir af bolum til að byrja með. „Þetta eru meðal annars bolirnir Ég kemst í hátíðarsaab og Afi María. Einn er stílaður upp á krakkana og er með mynd af krókódíl með dekkjum og það stendur „Krókóbíll“ á honum. Ein týpan enn er af Jesú að tala voða mikið fyrir framan eitthvert fólk og undir stendur „Kristsmas“.“

Pétur er ekkert á leiðinni að hætta í söngnum, jafnvel þó að bolasalan gangi vel – „Þetta er nú bara smá aukabúgrein. Mig langar þó alveg til að gera miklu meira af þessu enda er til fullt af misgóðum og missúrum hugmyndum. Myndirnar hef ég ýmist látið teikna fyrir mig eða teiknað sjálfur. Munurinn sést vel þar sem ég teikna sjálfur eins og tveggja ára sofandi barn.“

Pétur segir áhugasama geta pantað boli á netinu – Facebook-síðan heitir Kríp í dós – og bolirnir eru einnig til sölu í Bónusvídeósjoppunni í Hraunbæ í Árbæ. „Systir mín er með þá sjoppu, sko,“ segir Pétur. - drg




**BARA AUKABÚGREIN** Pétur Örn hress í kríp í dós-bol en á þeim eru fimmaurabrandarar sem Pétur hefur skrifað niður í gegnum tíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

you can Canon | EOS

# Sigurvegarar fanga heiminn með Canon EOS





Sense, dreifingaraðili Canon myndavéla á Íslandi, óskar Braga J. Ingibergssyni og Sævari Geir Sigurjónssyni innilega til hamingju með sigra þeirra í alþjóðlegum ljósmyndasamkeppnum.

Bragi var valinn ljósmyndari ársins (e. Photographer of the Year 2009) í keppni á vegum Digital Camera Magazine sem breska dagblaðið The Daily Telegraph styður. Hann hlaut viðurkenninguna fyrir ljósmynd sem hann tók af tveimur hestum í Hafnarfirði. Yfir 100 þúsund myndir frá 126 löndum voru sendar í keppnina.

Sævar sigraði í ljósmyndasamkeppni Evrópska Sundsambandsins (LEN) 2009. Myndin var tekin á Gullmóti KR 2009.

Báðir nota Canon EOS ljósmyndabúnað sem er þrautreyndur af atvinnu- og áhuga-ljósmyndurum og uppáhald ljósmyndara um allan heim.



**Viðurkenndir Canon EOS söluaðilar um land allt**

ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar **Reykjavík** Sense Center, Kringlunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langholtsvegi 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholti 50b / **Akureyri** Pedromyndir / **Húsavík** Bókaverslun Þórarins / **Ísafjörður** Bókahornið / **Sauðárkrókur** Tengill / **Blönduós** Kjalfell / **Hvammstangi** Ráðbarður / **Grundarfjörður** Hrannarbúðin / **Borgarnes** Omnis / **Akranes** Omnis / **Reykjanesbær** Omnis / **Selfoss** TRS / **Höfn í Hornafirði** Martölvan / **Neskaupstaður** Tónspil / **Vestmannaeyjar** Foto - Tölvun

sense

Dreifingaraðili Canon neytendavara

www.canon.nyherji.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Jogastudio.org

JÓGA Stúdíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Alltaf stuð á Facebook

Þótt vinasamfélagið Facebook sé ákaflega vinsælt þá getur það reynst hættulegt. Nokkrir þjóðþekktir einstaklingar hafa fengið að kynnast því. Fréttablaðið greindi frá falskri Facebook-síðu Unnar Birnu Vilhjálmsdóttur fyrir nokkru og nú hefur **Björgvin Franz Gíslason** bæst í þennan hóp. Einhver óprúttinn aðili stofnaði síðu í hans nafni og leikarinn í Stundinni okkar vissi ekki hvaðan á hann stóð veðrið þegar margir undu sér upp að honum í Kringlunni nýverið og þökkuðu honum fyrir að bæta sér við sem vin.



### Ekki viss með athugasemdirnar

Vefsvæði **Egils Helgasonar** á Eyjunni hefur verið eitt það vinsælasta á Netinu að undanförnu. Þar hafa konur og menn getað lagt orð í belg og skrifað athugasemdir við greinar sjónvarpsmannsins. En nú ber svo við að hann er orðinn ansi leiður á því að grisja út þá sem hann kallar „ritsóða" og „nettröll". Egill greinir þannig frá því að hann fundið einn sem hafi skrifað nokkrar athugasemdir á vefsvæðið og var sá búinn að setja sig inn á mynd með þekktum nasista frá árinu 1940. Egill upplýsir á síðu sinni að hann ætli sér að taka ákvörðun eftir áramót hvort spjallsvæðinu verði haldið gangandi áfram eður ei.

- fgg



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Ökuníðingurinn ók á sex bíla
2. Rændi sjoppu með sprautunál
3. Sýna Hrafnkatli stuðning
4. Hannes kemur Ögmundi til varnar
5. Brittany Murphy látin








Fiton/SÍA F1031641

# Gefðu góða ferð!

Kíktu á okkur í Kringlunni! 21.-23. des. Kl. 13-20

**Jólagjafabréf Iceland Express** er frábær jólagjöf, því það er svo margt. Vel heppnuð leikhúsferð til London, huggulegheit í Köben, rokk og ról í Berlín eða bara þægileg afslöppun í útlöndum. **Jólagjafabréfið** er líka tilvalin jólagjöf handa þeim sem búa erlendis, svo þeir geti skotist heim til Íslands.

Bókaðu ævintýri í útlöndum fyrir þann sem þér þykir vænt um á **www.icelandexpress.is/jolagjafabref**

**Ef bókað er fyrir 1. febrúar 2010:**
Flugsæti, með sköttum og öðrum greiðslum, sem gildir fram og til baka til Köben, London Stansted/Gatwick eða Berlínar.
Bókunartímabil: 26. desember 2009-31. janúar 2010.
Ferðatímabil: 15. janúar-15. maí 2010.
Takmarkað sætaframboð.

**Ef bókað er eftir 1. febrúar 2010:**
Jólagjafabréfið verður inneign að upphæð 25.900 kr.
Gildir til allra áfangastaða og gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

## Jólagjafabréf:

# 25.900 kr.

Sölutímabili lýkur kl. 18.00, 24. desember 2009.

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is